

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1075

frá 23. mars 2016

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurreisnaráætlana, skilaaætlana og skilaaætlana samstæðu, lágmarksviðmiðanir sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurreisnaráætlanir og endurreisnaráætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi við samstæðu, kröfur um óháða matsaðila, samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, málsmeðferðir við og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningar um frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 5. gr. (10. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 10. gr. (9. mgr.), 12. gr. (6. mgr.), 15. gr. (4. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 36. gr. (14. mgr.), 55. gr. (3. mgr.), 82. gr. (3. mgr.) og 88. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1)Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd hvert öðru þar sem þau varða þann skilameðferðarramma sem settur er fram í tilskipun 2014/59/ESB allt frá áætlunarstigi endurreisnar- og skilameðferðar stofnunar og stigi snemmbærra inngripa uns gripið er til skilaaðgerðar. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem ættu að öðlast gildi á sama tíma, og til að greiða fyrir skilafærlinu, er nauðsynlegt að stofnanir, yfirvöld og markaðsaðilar, þar með talið fjárfestar sem eru búsettir utan Sambandsins, hafi góða yfirsýn og auðvelt aðgengi að skuldbindingum sínum og réttindum. Því er æskilegt að taka saman í eina reglugerð viðkomandi tæknilega eftirlitsstaðla sem farið er fram á með tilskipun 2014/59/ESB.
- 2)Til viðbótar við skilgreiningarnar í tilskipun 2014/59/ESB eru sértækar skilgreiningar á tæknilegum hugtökum, sem notuð eru, nauðsynlegar.
- 3)Í samræmdum reglum um lágmarksupplýsingar sem felast í endurreisnaráætlunum ætti að taka tillit til en ekki hindra vald lögbærra yfirvalda til að ákvarða einfaldaðar skuldbindingar fyrir ákveðnar stofnanir að því er varðar inntak og einstök atriði endurreisnaráætlana í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

- 4) Í þessum samræmdu reglum ætti að skilgreina frekar, með fyrirvara um einfaldaðar skuldbindingar sem ákvarðaðar eru í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, upplýsingarnar sem felast í stakri endurreisnaráætlun og, í samræmi við 5. og 6. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, í endurreisnaráætlun samstæðu.
- 5) Nauðsynlegt er að upplýsingarnar sem er að finna í endurreisnaráætluninum séu fullnægjandi og sértækar, með hliðsjón af því hvort endurreisnaráætlanirnar séu samdar af hálfu stofnana sem eru utan samstæðu er fellur undir samstæðueftirlit, skv. 111. og 112. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB⁽²⁾, eða séu stakar endurreisnaráætlanir, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða endurreisnaráætlunum samstæðu eins og kveðið er á um í 5. og 6. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 6) Kröfur um upplýsingar ætti að flokka í nokkra þætti til að greiða fyrir innra skipulagi í endurreisnaráætlunum og ætti að skipta sumum þeirra niður í undirþætti eins og fram kemur í þessari reglugerð.
- 7) Til að tryggja skilvirka framkvæmd endurreisnaráætla á réttum tíma, ef nauðsyn krefur, er mikilvægt að áætlanir þessar séu reistar á traustu eftirlits- og stjórnunarkerfi. Því ættu endurreisnaráætlanirnar að innihalda lýsingu á því sértæka stjórnunarfyrirkomulagi sem um er að ræða. Áætlun ætti einkum að tiltaka hvernig það varð til, hver samþykkti og hvernig það fellur inn í heildarstjórnarhætti stofnunarinnar eða samstæðunnar. Lýsa ætti, þegar við á, ráðstöfununum sem gerðar hafa verið til að tryggja samkvæmni milli stakra endurreisnaráætla dótturfélags og endurreisnaráætlunar samstæðunnar.
- 8) Endurreisnaráætlanir eru mikilvægar til að meta hagkvæmni endurreisnarvalkosta. Því ætti endurreisnaráætlun að innihalda ítarlegar upplýsingar um ákvörðunartökuferlið, að því er varðar virkjun þess sem grundvallarþáttar í eftirlits- og stjórnunarkerfinu sem byggist á aukningarferli sem notast við vísa í skilningi 9. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þar sem hættuástand er alltaf sérstakt virkjar tiltekinn vísir ekki sjálfkrafa ákveðinn endurreisnarvalkost eða, á almennari hátt, sjálfvirkan ramma þar sem framkvæma verður tiltekinn endurreisnarvalkost í samræmi við áður ákvarðaðar kröfur um málsmeðferð. Frekar ætti að nota vísa til að gefa til kynna að hefja ætti aukningarferlið þar sem greind er besta leiðin til að bregðast við hættuástandi. Áður en vísarnir liggja fyrir ætti einnig að grípa til gagna og viðmiðana sem notuð eru í reglulegri áhættustýringu til að upplýsa stofnunina eða samstæðuna um hættuna á versnandi fjárhagsstöðu og að vísarnir verði virkjaðir. Þótt slík snemmbúin viðvörðunarkerki séu ekki vísar í skilningi tilskipunar 2014/59/ESB og marki sem slík ekki upphaf endurreisnarfasans eða krefjist aukningar á hinum óhefðbundnu ferlum, stuðla þau að því að tryggja samkvæmni milli reglulegrar áhættustýringar stofnunar og vöktunar vísanna. Endurreisnaráætlunin ætti því að innihalda lýsingu á því hvernig viðeigandi þættir í áhættustýringu stofnunar eru tengdir vísunum.
- 9) Stefnumiðaða greiningin ætti að taka tillit til alþjóðlegra staðla um endurreisnaráætlanir á borð við „Lykileigindir skilameðferðarfyrirkomulags fjármálastofnana“ frá ráðgjafarnefndinni um fjármálastöðugleika. Samkvæmt Lykileigindunum ætti stefnumiðuð greining að auðkenna grundvallarhlutverk og kerfislega mikilvæg hlutverk stofnunarinnar og setja fram lykilorð þess að viðhalda þeim við endurreisnaraðstæður. Stefnumiðaða greiningin ætti að vera samansett úr tveimur hlutum til samræmis við það. Fyrsti hluti stefnumiðuðu greiningarinnar ætti að lýsa stofnuninni eða samstæðunni og kjarnastarfsemi og nauðsynlegum starfsþáttum hennar. Lýsing stofnunarinnar eða samstæðunnar ætti að veita almennt yfirlit yfir stofnunina eða samstæðuna og starfsemi hennar, ásamt ítarlegri lýsingu á kjarnastarfsemi og nauðsynlegum starfsþáttum hennar. Mikilvægt er að tilgreina lögaðila þar sem kjarnastarfsemi og nauðsynlega starfsþætti er að finna til þess að greiða fyrir mati á endurreisnarvalkostum á borð við innlaun og rekstrarsölu og til að greina samtengingar innan samstæðu. Stofnunum er skylt, skv. 1. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að færa lögbæru yfirvaldi sönnur á að nokkuð líklegt sé að endurreisnaráætlunin verði framkvæmd án þess að valda meiriháttar skaðlegum áhrifum á fjármálakerfið. Einnig gerir 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ráð fyrir að lögbært yfirvald meti hversu ítarlega hægt verði að framkvæma endurreisnaráætlunina, eða sértæka valkosti innan hennar, án þess að valda meiriháttar skaðlegum áhrifum á fjármálakerfið. Því ætti endurreisnaráætlun að innihalda lýsingu á ytri samtengingum.
- 10) Í seinni hluta stefnumiðuðu greiningarinnar ætti að auðkenna og meta hugsanlega endurreisnarvalkosti. Í upphafi ætti að lýsa endurreisnarvalkostum sem eru tiltækir stofnuninni eða samstæðunni án þess að vísa til sértækra sviðsmynda yfir fjárhagserfiðleika. Þetta eru leiðir til að auka almennt viðbúnaðarstig við hættuástand og aðstoða stofnun eða samstæðu við að bregðast við hættuástandi á sveigjanlegan hátt. Í stefnumiðuðu greiningunni ætti að koma fram hvernig endurreisnarvalkostirnir hafa verið prófaðir gagnvart tilteknum sviðsmyndum yfir fjárhagserfiðleika í því skyni að meta til bráðabirgða hvaða endurreisnarvalkostir væru hagkvæmir við hverja þessara sviðsmynda og setja þannig upp verklega prófun á endurreisnarvalkostum og hvort vísarnir séu fullnægjandi. Meðal endurreisnarvalkosta ætti að telja ráðstafanir sem stofnunin gæti gripið til þegar skilyrðum um snemmbær inngrip er fullnægt skv. 27. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánstofnana og varfærnisefirlit með lánstofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- 11) Mikilvægt er að tilkynna um endurreisnaráætlunina til að framkvæma hana á skilvirkan hátt og forðast skaðleg áhrif á fjármálakerfið. Því ætti endurreisnaráætlun einnig að innihalda þátt um samskipti og upplýsingagjöf til að fjalla bæði um innri tilkynningar til viðkomandi innri aðila og starfsfólks stofnunarinnar eða samstæðunnar og utanaðkomandi samskipti.
- 12) Í endurreisnaráætlun gætu falist breytingar á viðskiptaskipulagi stofnunarinnar, annaðhvort til að greiða fyrir uppfærslu áætlunarinnar og framkvæmd hennar í framtíðinni, til að fylgjast með vísun eða vegna þess að ferlið hefur leitt í ljós hindranir sem flækja framkvæmd endurreisnarvalkosta. Lýsa ætti þessum skipulagslegu undirbúnings- og framhaldsaðgerðum, sem stofnunin eða samstæðan grípur til, í endurreisnaráætluninni í því skyni að greiða fyrir skilvirku mati á því hvort tiltölulega líklegt sé að úr framkvæmd hennar verði og til að greiða fyrir vöktun á framkvæmd hennar af hálfu stofnunarinnar eða samstæðunnar og af hálfu lögbærra yfirvalda.
- 13) Nauðsynlegt er að tilgreina lágmarksviðmiðanir sem lögbært yfirvald verður að taka tillit til við mat á endurreisnaráætlunum sem stofnanir semja eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 14) Ákvæði 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽³⁾ veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni valdheimild til að gefa út leiðbeiningar til að tryggja samræmda, árangursríka og skilvirka beitingu á lögum Sambandsins og krefjast þess að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir, sem slíkum leiðbeiningum er beint að, geri allt sem í þeirra valdi stendur til að hlíta slíkum leiðbeiningum. Þar eð ákvæði tilskipunar 2014/59/ESB veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni umboð til að gefa út leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, ættu lögbær yfirvöld, til að tilgreina frekar ákveðna þætti í tilskipuninni, í samræmi við þá grein, að taka tillit til leiðbeininganna um sviðsmyndir fyrir gerð endurreisnaráætlana og vísa sem felast ættu í endurreisnaráætluninni, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út, með því að gera sitt ytrasta til að hlíta þessum leiðbeiningum í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.
- 15) Markmiðið með gerð endurreisnaráætlunar, eins og fram kemur í tilskipun 2014/59/ESB, er að skilgreina valkosti til að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu stofnunar eða samstæðu þegar hún er undir miklu álagi. Viðmiðanirnar til að meta endurreisnaráætlun ættu því að leitast við að tryggja að áætlunin sé viðeigandi fyrir einingarnar sem hún tekur til og að áætlunin og valkostir sem tilgreindir eru í henni séu hagkvæmir og að hægt sé að framkvæma þá þegar þar að kemur. Nákvæmlega hvað lögbæra yfirvaldið verður að meta fer eftir inntaki og umfangi endurreisnaráætlunarinnar. Mæla ætti fyrir um samræmdar reglur um lágmarksviðmiðanir sem meta á til að taka tillit til möguleika lögbærra yfirvalda til að leggja einfaldaðar skuldbindingar á ákveðnar stofnanir að því er varðar inntak og einstök atriði endurreisnaráætlana í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 16) Tilgreina ætti viðbótarviðmiðanir sem gilda um mat á endurreisnaráætlun samstæðu, eftir því sem við á, til að endurspegla viðbótarkröfnar sem settar eru fram í tilskipun 2014/59/ESB og gilda um slíkar áætlanir.
- 17) Endurreisnaráætlanir ættu að vera heildstæðar og innihalda allar upplýsingar sem krafist er í tilskipun 2014/59/ESB, þ.m.t. þætti sem tilgreindir eru frekar í þessari reglugerð. Áætlanirnar ættu einnig að vera víðtækar og vera til að mynda nógu ítarlegar og búa yfir nægjanlega víðtækum valkostum fyrir aðstæður einingarinnar eða eininganna sem þær ná yfir.
- 18) Kröfur um inntak skiláætlana ættu að taka tillit til yfirstandandi vinnu til að samræma þessa útfærslu á alheimsvísu fyrir milligöngu ráðgjafarnefndar um fjármálastöðugleika.
- 19) Staðlar um inntak skiláætlana og mat á skilabærni ættu að vera nægjanlega sveigjanlegir til að taka tillit til aðstæðna stofnunarinnar eða samstæðunnar sem á í hlut til að tryggja að áætlanir séu markvissar og gagnlegar hvað varðar framkvæmd skilastefnu.
- 20) Skilavöld ættu að meta hvort hægt sé að ná markmiðum skilameðferðar á raunhæfan og hagkvæman hátt með félagsslitum samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð. Til að gera þetta gæti þurft að styðjast við viðeigandi sérfræðiþekkingu á innstæðutryggingakerfum. Mat á því hvort félagsslit séu gerleg og raunhæf útilokar ekki þörfina á að meta hvort markmiði skilameðferðar verði náð á sama hátt við félagsslit með landsbundinni ógjaldfærnimeðferð, þ.m.t. með því að lágmarka það að

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

treyst sé um of á sérstakan fjárstuðning.

- 21) Mat á skilabærni er endurtekið ferli og aðeins mögulegt á grundvelli tilgreindrar, ákjósanlegrar skilastefnu. Skilavöldin gætu litið svo á við lok ferlisins að breytt eða algjörlega ný stefna henti betur.
- 22) Einnig ætti að athuga með afbrigði af ákjósanlegu stefnunni til að taka mið af aðstæðum sem hindra framkvæmd ákjósanlegu skilastefnunnar, svo sem þegar ekki er lengur hagkvæmt að nota skipulag á samstæðustigi með eftirgjafarúrræði ef tap er meira en hæfu skuldbindingarnar sem móðurfélagið hefur gefið út.
- 23) Staðlar fyrir skilaáætlun samstæðu og mat á skilabærni ættu að greiða fyrir skilastefnu sem byggð er á annarri hvorri stílfærðu nálguninni sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika kveður á um og sem um getur í 80. forsendu tilskipunar 2014/59/ESB. Nánar til tekið geta skilastefnur falið í sér að einstakt skilavald beiti skilaurræðum á stigi eignarhalds- eða móðurfélags samstæðu (á samstæðustigi), að fleiri en eitt skilavald beiti skilaurræðum að því er varðar fleiri en eina svæðisbundna eða virka undirsamstæðu eða einingu í samstæðu sem starfar yfir landamæri (á einingastigi) eða sameinað þætti beggja.
- 24) Hvað sem öðru líður ætti gerð áætlana um skilameðferð og mat á skilabærni að taka mið af stuðningsaðgerðum sem önnur skilavöld en þau sem grípa til skilaaðgerðar, krefjast, til dæmis með upplýsingamiðlun, að veita áfram mikilvæga sameiginlega þjónustu eða ákvörðunum um að grípa ekki til skilaaðgerðar, með hliðsjón af rétti annarra skilavalda til að grípa til aðgerða að eigin frumkvæði ef nauðsyn krefur til að koma á fjármálastöðugleika heima fyrir þegar helstu skilavöld hafa ekki gripið til skilvirkra aðgerða.
- 25) Ákvæði C-þáttar viðaukans við tilskipun 2014/59/ESB tilgreina fjölda atriða sem verður að hafa í huga við mat á skilabærni stofnunar eða samstæðu en þau eru ekki tæmandi og krefjast frekari útlístanar.
- 26) Aðeins ætti, skv. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að grípa til skilaaðgerðar þegar slit stofnunar eða samstæðu samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð væri ekki í almannapágu og því ætti að athuga hvort slík slit geti komið í stað skilaaðgerðar við mat á skilabærni.
- 27) Í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eru sett fram ýmis skilyrði sem verður að uppfylla svo að hægt sé að heimila móðurstofnun, móðurstofnun í Sambandinu eða ákveðnum öðrum einingum í samstæðu og dótturfélögum þeirra í öðrum aðildarríkjum eða í þriðju löndum, sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir, að veita, á grundvelli samnings um fjárstuðning innan samstæðu, sem kveðið er á um í III. kafla þeirrar tilskipunar, fjárstuðning í formi láns, veitingu trygginga eða nýtingu eigna að veði til annarrar einingar innan samstæðu sem uppfyllir skilyrðin fyrir snemmbæru inngrípi. Lögbæru yfirvaldi einingar innan samstæðu sem veitir stuðninginn er heimilt, skv. 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að banna eða takmarka veitingu fjárhagsaðstoðar.
- 28) Gera ætti til ítarlega greiningu á fjármagns- og lausafjárþörfum viðtökueiningarinnar og greiningu á innri og ytri orsökum fjárhagslegra erfiðleika og á fyrrverandi, núverandi og væntanlegum markaðsaðstæðum með hliðsjón af fjárhagslegum erfiðleikum viðtökueiningarinnar og skilyrðinu um að verulegar líkur séu á því að fjárstuðningurinn bæti úr þessum fjárhagslegum erfiðleikum. Í greiningu þessari ættu að felast ráðstafanir til að komast að orsökunum fyrir erfiðleikum viðtökueiningarinnar og sem gætu á skilvirkan hátt stuðlað að því að endurreisa fjárhagsstöðu hennar.
- 29) Einingin sem veitir stuðninginn (veitingareiningin) og lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á veitingarstofnuninni bera ábyrgð á mati á ýmsum skilyrðum. Matið ætti að taka tillit til hættunnar á hugsanlegri neikvæðri þróun. Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á veitingareiningunni ætti einnig að taka tillit til upplýsinga og matsgerða lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á einingunni innan samstæðunnar, sem tekur við fjárstuðningnum, til að fá ítarlegt mat á skilyrðunum sem varða veitingareininguna.

- 30) Í skilyrðinu um að skilmálar veitingarinnar séu í samræmi við 7. mgr. 19. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ætti að taka tillit til vanskilaáhættu viðtökueiningarinnar og taps veitingareiningarinnar við vanskil viðtökueiningarinnar á grundvelli þess að bera saman aðstæður í kjölfar aðstoðarinnar eða, eftir því sem við á, án þess að veita hana og á grundvelli fulls aðgangs að viðkomandi upplýsingum. Skilyrði þessi ættu að endurspeglar yfrestu hagsmuni veitingareiningarinnar, eins og lýst er í b-lið 7. mgr. 19. gr., sem mælir fyrir um að taka megi til greina hvers konar beinan eða óbeinan ávinning sem samningsaðili gæti haft af veitingu fjárstuðningsins. Þetta ætti að sannreyna með ítarlegri greiningu á kostnaði og ávinningi fyrir veitingareininguna og samstæðuna í heild sinni við þessar tvær sviðsmýndir.
- 31) Samningar um fjárstuðning og veiting fjárstuðnings innan samstæðu geta bætt skilabærni samstæðu, til dæmis ef þeir eru í samræmi við kerfi til að bera tap samkvæmt skilastefnu. Þeir geta þó einnig hamlað hagkvæmni í framkvæmd valinnar skilastefnu, til dæmis ef í stefnunni er gert ráð fyrir að mismunandi hlutar samstæðunnar verði aðskildir. Því ætti mat á áhrifum skilabærni að vera byggt á matinu á skilabærni, stökum skiláætlunum og eftir atvikum skiláætlun samstæðna eins og ákvarðað er með sameiginlegri ákvörðun skilaráðanna.
- 32) Nauðsynlegt er að tryggja að opinber yfirvöld hafi ekki áhrif á óháða matsaðila þegar þeir inna af hendi matsverkefni sín, að því er varðar 36. gr., þ.m.t. 3. mgr. 49. gr. og 74. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og að þeir virðist ekki vera undir áhrifum opinberra yfirvalda, þ.m.t. skilavalds, eða stofnunarinnar eða einingarinnar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar.
- 33) Samræmdar reglur ættu, til samræmis við það, að gilda til að ákvarða við hvaða aðstæður einstaklingur eigi að teljast vera óháður viðeigandi opinberum yfirvöldum, þ.m.t. skilavaldi, og stofnun eða einingu sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Reglur þessar ættu að fela í sér kröfur um sérfræðikunnáttu og tilföng hlutaðeigandi einstaklings og tengsl hans við viðkomandi opinber yfirvöld, þ.m.t. skilavald, og stofnun eða einingu sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 34) Styrkja má óháði með skilyrðum sem tryggja að sérfræðikunnáttu og tilföng óháðs matsaðila séu fullnægjandi. Tryggja ætti, nánar tiltekið, að óháður matsaðili búi yfir nauðsynlegri menntun og hæfi, þekkingu og sérfræðikunnáttu á öllum viðeigandi þáttum, einkum matsgerð og bókhaldi í tengslum við bankageirann. Einnig ætti að tryggja að óháður matsaðili búi yfir, eða hafi aðgang að, nægjanlegum mannauði og tækni til að framkvæma matið. Í þeim tilgangi gæti verið viðeigandi að nálgast nægjanlegan mannauð og tækni með því að ráða starfsfólk eða verktaka frá öðrum matssérfræðingum eða lögmannsstofum eða úr öðrum áttum, í tengslum við að framkvæma matið. Þegar starfsfólk eða verktakar taka þátt í að styðja framkvæmd matsins ættu þeir að falla undir sannpröfun um hagsmunaárekstra í því skyni að tryggja að ekki sé grafið undan óháði þeirra. Í öllum tilvikum ættu óháðir matsaðilar að bera ábyrgð á niðurstöðu matsins.
- 35) Enn fremur ætti að tryggja að óháður matsaðili geti jafnframt framkvæmt matið á skilvirkan hátt án þess að leggja ótilhlýðilegt traust á viðkomandi opinber yfirvöld, þ.m.t. skilavald, og stofnun eða einingu sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ekki ætti þó að líta svo á að veiting fyrirmæla eða leiðbeininga, sem eru nauðsynlegar til að styðja framkvæmd matsins, til dæmis í tengslum við aðferðafræðina sem kveðið er á um samkvæmt löggjöf Sambandsins á sviði mats að því er varðar skilamedferð, teljist ótilhlýðilegt traust þar sem slík fyrirmæli eða leiðbeiningar eru taldar nauðsynlegar til að styðja framkvæmd matsins. Þá ætti ekki að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi stofnun eða eining veiti óháðum matsaðila aðstoð, s.s. aðgang að kerfi, reikningsskilum, lögbundnum skýrslum, markaðsgögnum, öðrum skráum eða annarri aðstoð, þegar, við mat á tilnefningaryfirvaldinu eða öðru yfirvaldi sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki, þetta er talið nauðsynlegt til að styðja framkvæmd matsins. Samþykktja ætti veitingu fyrirmæla, leiðbeininga og annars konar stuðnings í hverju tilviki fyrir sig eða á grundvelli safna, í samræmi við verklagsreglur sem kunna að vera fyrir hendi.
- 36) Ekki ætti að koma í veg fyrir greiðslu sanngjarns gjalds og endurgreiðslu hóflegra útgjalda í sambandi við matið.
- 37) Óháði kann að vera í hættu ef einstaklingur, sem starfar hjá eða er tengdur einu af viðkomandi opinberum yfirvöldum, þ.m.t. skilavaldi og stofnun eða einingu sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, framkvæmir matið, jafnvel þegar gerð hefur verið skipulagsleg aðgreining til að takast á við ógnir á borð við eigin athugun, eigin hagsmuni, stuðning, hlutdrægni, traust eða hótun. Því er nauðsynlegt að sjá til þess að viðeigandi lögformlegur aðskilnaður sé tryggður þannig að óháður matsaðili sé ekki starfsmaður eða verktaki hjá, eða í samstæðu með, neinum viðkomandi opinberum yfirvöldum, þ.m.t. skilavaldi eða hlutaðeigandi stofnun eða einingu.

- 38) Einnig er nauðsynlegt að sjá til þess að hagsmunir óháðs matsaðila séu hvorki sameiginlegir né stangist á við hagsmuni viðkomandi opinbers yfirvalds, þ.m.t. skilavalds og stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. framkvæmdastjórnar þess, ráðandi hluthafa, samstæðueininga og mikilvægra lánardrottna, eins og raunin gæti orðið þegar óháður matsaðili er mikilvægur lánardrottinn hlutaðeigandi stofnunar eða einingar. Á sama hátt gætu verulegir hagsmunir falist í persónulegum tengslum.
- 39) Tilnefningaryfirvald, eða annað yfirvald sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma verkefnið í hlutaðeigandi aðildarríki, ætti til samræmis við það að meta hvort verulegir, sameiginlegir hagsmunir eða hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi. Óháður matsaðili ætti, að því er varðar þetta mat, að tilkynna tilnefningaryfirvaldi, eða því yfirvaldi sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki, um raunverulega eða mögulega hagsmuni sem hann telur að gætu, við mat á því yfirvaldi, talist til verulegra hagsmuna og láta í té þær upplýsingar sem sanngjarnt er að ætla að yfirvald fari fram á til að veita aðstoð við matið. Meta ætti óháði, ef um er að ræða lögaðila, með vísun til fyrirtækisins eða sameignarfélagsins í heild sinni en þó með tilliti til skipulagslegrar aðgreiningar og annarra ráðstafana sem geta verið fyrir hendi til að gera greinarmun á því starfsfólki sem hugsanlega tæki þátt í matinu og öðrum starfsmönnum, til að takast á við hættur á borð við eigin athugun, eigin hagsmuni, hlutdrægni, traust eða hótun. Fyrirtækið eða sameignarfélagið ætti ekki að vera óháður matsaðili ef þessar ógnir eru taldar svo miklar í samanburði við verndarráðstafanir að óháði einstaklingsins sé teft í tvísýnu.
- 40) Löggiltur endurskoðandi, sem gert hefur endurskoðun á stofnun eða einingu, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, árið áður en óháður matsaðili gekkst undir hæfismat til að geta tekið að sér að vera matsaðili, skal ekki undir neinum kringumstæðum teljast óháður. Að því er varðar aðra endurskoðunar- eða matsþjónustu, sem veitt var hlutaðeigandi stofnun eða einingu árin áður en óháði á að vera metið, ætti hún einnig að teljast verulegir sameiginlegir hagsmunir eða hagsmunaárekstrar nema tilnefningaryfirvaldi, eða öðru yfirvaldi sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki, sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að svo sé ekki, með hliðsjón af öllum viðkomandi aðstæðum, þ.m.t. skipulagslegri aðgreiningu eða annars konar gildandi fyrirkomulagi.
- 41) Nauðsynlegt er að óháður matsaðili viðhaldi, í kjölfar tilnefningar, stefnu og verklagsreglum í samræmi við viðeigandi siðareglur og fagstaðla til að greina eiginlega eða hugsanlega hagsmuni sem matsaðilinn telur að geti talist verulegir sameiginlegir hagsmunir eða hagsmunaárekstrar. Tilnefningaryfirvald, eða annað yfirvald sem kann að vera tilgreint í hlutaðeigandi aðildarríki, ætti að fá tilkynningu þegar í stað um eiginlega eða hugsanlega hagsmuni sem greinst hafa og ætti að taka til athugunar hvort þeir teljist verulegir hagsmunir en í því tilviki ætti að segja upp óháða matsaðilanum og tilnefna annan matsaðila.
- 42) Í tilskipun 2014/59/ESB er þess krafist að aðildarríkin feli skilavöldum sínum margvíslegar valdheimildir, þ.m.t. niðurfærslu- og umbreytingarheimildir, eins og þær eru skilgreindar í 66. lið 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, sem hægt væri að beita óháð skilaaðgerð eða í tengslum við hana.
- 43) Mikilvægt er að tryggja að hægt sé að beita niðurfærslu- og umbreytingarheimildunum með tilliti til allra skuldbindinga sem eru ekki undanþegnar skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Að því er varðar skuldbindingar sem lúta lögum þriðja lands, aðrar en þær sem falla undir skuldbindingaskrána sem undanþágurnar í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB gilda um, ætti að fella inn samningsskilmála til að styðja beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda fyrir þessar skuldbindingar.
- 44) Samningsskilmálana, sem um getur í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ætti að fella inn í samninga til grundvallar skuldbindingu, sem sú grein gildir um, og gerður er eftir þann dag þegar ákvæðin, sem samþykkt voru til að lögleiða 5. þátt IV. kafla IV. bóls tilskipunar 2014/59/ESB, koma til framkvæmda.
- 45) Einkum ættu samningsskilmálarnir, sem um getur í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að felast í viðeigandi samningum um skuldbindingar sem við stofnun eru ekki tryggðar til fulls, eða eru tryggðar til fulls en samningsskilmálarnir sem stýra skuldbindingunum skylda skuldarann ekki til að viðhalda veði sem myndi tryggja skuldbindinguna til fulls á varanlegum grunni í samræmi við kröfur samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í lögum Sambandsins eða sambærilegum lögum í þriðju löndum.
- 46) Að því er varðar viðeigandi samninga sem gengið var til fyrir gildistöku dag ákvæðanna sem samþykkt voru til að lögleiða 5. þátt IV. kafla IV. bóls tilskipunar 2014/59/ESB, ættu samningsskilmálarnir að vera innifaldir þegar stofnað er til skuldbindinga samkvæmt þeim samningi eftir lögleiðingardag.

- 47) Auk þess, að því er varðar viðeigandi samninga sem gengið var til fyrir gildistöku ákvæðanna sem samþykkt voru í því skyni að lögleiða 5. þátt IV. kafla IV. bólskipunar 2014/59/ESB, ættu verulegar breytingar, sem hafa áhrif á efnisleg réttindi og skuldbindingar aðila að viðkomandi samningi, að hafa í för með sér skyldu til að setja inn samningsskilmálana sem um getur í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Óverulegar breytingar sem hafa ekki áhrif á efnisleg réttindi og skuldbindingar viðeigandi samningsaðila ættu ekki duga til að virkja kröfuna um að fella inn samningsskilmálana, í öllum öðrum tilvikum ætti að innleiða samningsskilmálana.
- 48) Rétt þykir að mæla fyrir um ófrávíkjanleg efnisatriði í samningsskilmálum í því skyni að greiða fyrir viðeigandi stigi samleitni en tryggja um leið að skilavöld, stofnanir eða einingar, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, geti tekið tillit til ólíkra réttarkerfa eða mismunandi eðlis eða forms skuldbindinga.
- 49) Í reglugerð þessari eru settar fram málsmeðferðarreglur og inntak tilkynninga, sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, með það í huga að ná samræmdri nálgun um allt Sambandið og tryggja þannig skilvirka samræmingu meðal viðeigandi yfirvalda og til að gera skilavaldi kleift að taka nægilega upplýstar og skjótar skilaákvæðanir.
- 50) Senda ætti tilkynningar með öruggum, rafrænum fjarskiptum sem endurspeglar hve aðkallandi og mikilvægt viðfangsefni sé um að ræða. Gert er ráð fyrir að munnlegar tilkynningar fyrirfram og staðfesting á viðtöku í kjölfarið séu hluti af ferlinu í því skyni að stuðla að samræmingu milli aðila.
- 51) Tilkynningar ættu að veita viðtakanda fullnægjandi upplýsingar þannig að hann geti framkvæmt verkefni sín umsvifalaust og því er mælt fyrir um sértækt inntak að því er varðar tilkynninguna sem stjórn stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, leggur fram fyrir lögbært yfirvald þegar hún stefnir í greiðsluþrot eða líklegt er að hún verði greiðsluþrota. Á sama hátt ætti slík tilkynning lögbærs yfirvalds til skilavalds að fela í sér þær upplýsingar sem gera hinu síðarnefnda kleift að framkvæma verkefni sín. Einnig ætti að kveða á um kröfur um sértækt inntak að því er varðar tilkynninguna um það mat að stofnun eða eining, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr., stefni í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún verði greiðsluþrota þegar slíkt mat er gert að frumkvæði lögbærs yfirvalds eða skilavalds, í þeirri röð. Í tilkynningunni ætti einnig, í slíkum tilvikum, að tilgreina viðeigandi skilyrði sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 52) Í reglugerð þessari eru settar fram málsmeðferðarreglur og inntak tilkynningarinnar þar sem tekin eru saman áhrif skilaaðgerðarinnar, þ.m.t. ákvörðunin um að stöðva tímabundið eða takmarka beitingu tiltekinna réttinda í samræmi við 69., 70. og 71. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, með það í huga að kveða á um samhæfða nálgun um allt Sambandið við að upplýsa hagsmunaaðila á skilvirkan hátt um skilaaðgerðir.
- 53) Í reglugerð þessari er mælt fyrir um inntak slíkrar tilkynningar með hliðsjón af áriðandi upplýsingum sem koma þarf á framfæri við almenna og sérstaka viðskiptavini og lánardrottna; tilkynningin ætti, að því er varðar þættina sem ekki eru tilgreindir í reglugerð þessari, að vera í samræmi við víðtækari samskiptaáætlun sem þróuð er innan skilaáætlunar og fjallað er um í II. kafla I. og II. þáttar þessarar reglugerðar. Nauðsynlegt er að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram samræmdar, ítarlegar reglur að því er varðar stofnun skilaráða og verklagsreglur við framkvæmd starfseminnar og verkefnanna sem sett eru fram í 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB vegna mikilla áhrifa sem gerð áætlana um skilameðferð samstæðu og skilameðferð kunna að hafa í fleiri en einu aðildarríki.
- 54) Nauðsynlegt er, þegar skilaráði er komið á fót, að forðast tvíverknad á því sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni og samstarfshópur eftirlitsaðila hafa þegar gert. Einnig er mikilvægt að tryggja að þessi vinna verði sniðin að þeim þörfum sem starfsemi ráðsins hefur. Einkum þykir rétt að tryggja að skilavald á samstæðustigi hafi hliðsjón af, uppfæri og sniði í samræmi við það alla viðeigandi vinnu sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni framkvæmir með skírskotun til samstarfshóps eftirlitsaðila, einkum að því er varðar greiningu á viðeigandi samstæðueiningum og í kjölfarið yfirvöldum sem ætti að bjóða aðild eða áheyrnarfulltrúa að samstarfshópnum („kortlagning“).
- 55) Skilja ætti tilvísunina í aðrar samstæður eða ráð sem annast sömu verkefni og starfsemi, í samræmi við 6. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem svo að hún taki til, en sé ekki takmörkuð við, neyðaraðgerðarhópa sem komið hefur verið á fót samkvæmt sameiginlegum meginreglum og sameiginlegri nálgun sem ráðgjafarnefnd um fjármálastöðugleika og G20-hópurinn tóku saman. Því er mikilvægt að kveða á um að skilavöld á samstæðustigi meti einnig, þegar þau meta skuldbindingar sínar til að koma á fót skilaráði, hvort aðrar samstæður eða önnur ráð starfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar

- 56) Í 3. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er þegar gert ráð fyrir aðkomu skilavalda þriðja lands sem áheyrnarfulltrúa í skilaráðunum. Því er nauðsynlegt að kveða á um ferlið við að skipuleggja þátttöku þeirra í skilaráðinu og aðkomu að ýmsum verkefnum ráðsins.
- 57) Til að gerð áætlana um skilameðferð verði skilvirk er þörf á skilvirku og tímanlegu samspili og samvinnu milli skilaráða og bankasamstæðunnar, einkum milli skilavalda á samstæðustigi og móðurfélagsins í Sambandinu. Í því skyni er búist við að skilavald á samstæðustigi upplýsi móðurfélagið í Sambandinu um stofnun skilaráðsins, samsetningu þess og þegar breytingar verða á þeirri samsetningu. Skilvirkt og tímanlegt samspil og samvinna milli skilavalds á samstæðustigi og móðurfélags í Sambandinu ætti þó að veita svigrúm til skjótra aðgerða sem þörf er á til að varðveita fjármálastöðugleika en einnig að horft sé til þess að gerð áætlana um skilameðferð er fyrirbyggjandi vinna sem oft útheimtir flókið efnahagslegt mat.
- 58) Skriflegt fyrirkomulag og málsmeðferðarreglur skilaráðsins ættu að fela í sér nauðsynleg skipulagsleg ákvæði til að tryggja skilvirkt og árangursríkt ákvarðanatökufarli. Skilaráð ættu einkum að viðurkenna þörfina á að koma á fót sveigjanlegum undirhópum innan skilaráðanna til að annast starfsemi þeirra og tryggja að aðilar að þeim geti lagt sitt af mörkum á viðeigandi hátt til allra starfsþátta ráðanna. Einkum er nauðsynlegt að skilavald á samstæðustigi tryggi, þegar talið er viðeigandi að önnur yfirvöld en aðilar ráðsins taki þátt í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar, að skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku séu sett fram með skriflegu fyrirkomulagi og að þau sé ekki hagstæðari en þau sem sett eru fram í þessari reglugerð fyrir aðila ráðsins.
- 59) Einnig ætti skriflegt fyrirkomulag og verklagsreglur skilaráðsins að innihalda nauðsynleg rekstrarákvæði til að tryggja að ráðið geri skilavöldum bæði kleift að samræma framlag þeirra til samstarfshóps eftirlitsaðila og skipuleggja greiningu, athugun og mat á framlagi sem skilavöld taka við frá samstarfshópum eftirlitsaðila. Best væri að í skriflegu fyrirkomulagi fælist samskiptaferli milli samstarfshóps eftirlitsaðila og skilaráðsins og umfram allt milli skilavalds á samstæðustigi og eftirlitsaðila á samstæðugrunni. Í skriflegu fyrirkomulagi ætti því einnig að mæla fyrir um ferli sem fylgja á innan skilaráðsins við að ná sameiginlegu samkomulagi í öllum málum þar sem þörf er á samræmingu í raun en ekki þörf á sameiginlegri ákvörðun í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB.
- 60) Skilavald á samstæðustigi ætti að hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum til að geta sinnt verkefnum sínum og ábyrgðarhlutverkum og ætti að starfa sem samræmingaraðili fyrir öflun og miðlun upplýsinga frá öðrum aðilum ráðsins eða einingum innan samstæðu sem falla undir trúnaðarkvaðir og ákvæðin sem ná yfir miðlun trúnaðarupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB.
- 61) Skilavald á samstæðustigi ætti að annast prófanir á starfrækslu skilaráðanna til að tryggja að verklagsreglur séu skilvirkar við að meðhöndla neyðartilvik og ætti, eftir því sem við á, að geta veitt móðurfélaginu í Sambandinu aðild að framkvæmd þessara prófana.
- 62) Tímanleg og raunhæf áætlanagerð fyrir allt sameiginlega ákvörðunarferlið er nauðsynleg. Skilavöld sem taka þátt í þessum ferlum ættu að láta skilavaldi á samstæðustigi í té framlög sín til sameiginlegra ákvarðana á tímanlegan og skilvirkan hátt og í samræmi við viðeigandi tímaáætlanir sameiginlegu ákvörðunarinnar.
- 63) Nauðsynlegt er að tryggja að sameiginlegar ákvarðanir séu teknar hratt og tímanlega. Þetta er sér í lagi mikilvægt fyrir ákvarðanir um skilameðferð en á einnig við um gerð áætlana um skilameðferð. Samhliða þessu ætti að tryggja að öll yfirvöld sem taka þátt í sameiginlega ákvarðanatökuferlinu fái nægjanlegan tíma til að láta skoðanir sínar í ljós. Skilavald á samstæðustigi ætti, í því skyni að ná viðeigandi jafnvægi milli þessara tveggja markmiða, að hafa valdheimild til að leggja drög að tillögu fyrir önnur yfirvöld sem taka þátt í ferlinu og mæla jafnframt fyrir um hæfileg tímamörk svo að gert verði ráð fyrir að yfirvöld, sem ekki hafa andmælt þeim þegar tímamörkin renna út, séu samþykkt drögumum. Þegar skilavald á samstæðustigi setur hæfileg tímamörk ætti það að taka tilhlýðilegt tillit til eiginlegs tímaramma ákvarðanatökuferlisins sem sett er fram í ákvæðum laganna eða sem ráðið sjálft hefur áður ákvarðað.
- 64) Skilavald á samstæðustigi ætti að bera endanlega ábyrgð á því að ákvarða röðun þeirra skrefa sem verða tekin til að tryggja að skilvirku ferli sé komið á fót. Setja ætti fram skrefin sem leiða til sameiginlegrar ákvörðunar þar sem viðurkennt er að sum þessara skrefa er hægt að taka samhliða en önnur hvert á fætur öðru.
- 65) Skilaáætlanir samstæðna ætti að endurskoða og uppfæra eigi sjaldnar en árlega í samræmi við 3. mgr. 13. gr. tilskipunar

2014/59/ESB. Þó er þörf á að tryggja að skilaáætlanir samstæðna séu einnig endurskoðaðar og uppfærðar eftir þörfum og ef þurfa þykir annaðhvort vegna upplýsinga sem samstarfshópur eftirlitsaðila fær eða að eigin frumkvæði skilaráðsins.

- 66) Samræmd skilyrði fyrir að tilkynna móðurfélagi í Sambandinu eða öðrum einingum í viðeigandi samstæðu um sameiginlegu ákvörðunina ættu að vera sett fram á skýran hátt í þessari reglugerð til að auka gagnsæi í starfsemi skilaráða. Nauðsynlegt er að setja á skýran hátt fram samræmdar reglur um ferli og upplýsingar sem krafist er vegna sameigilegrar ákvörðunartöku innan skilaráðanna í því skyni að tryggja að ferlar og niðurstöður séu sambærilegar og ná þannig samleitni.
- 67) Einnig ætti að tryggja samræmingu einstakra ákvarðana, sem skilavöld á samstæðustigi og skilayfirvöld dótturfélaga taka þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi, til að skilaráðið geti sinnt hlutverki sínu eins og kveðið er á um í 1. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Því er nauðsynlegt að setja fram verklagsmáta við starfsemi ráðsins sem ramma fyrir skilavald á samstæðustigi og önnur yfirvöld til að kappkosta að gerð áætlana um skilameðferð samstæðna verði skilvirk og nothæf, jafnvel þegar sameiginlegar ákvarðanir liggja ekki fyrir.
- 68) Þegar viðeigandi skilavöld, sem taka þátt í skilaráðinu, greina hvort þörf sé á skilafyrirkomulagi samstæðu ættu þau að athuga, í samræmi við 91. og 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hvort fyrirliggjandi skilameðferð skipti máli fyrir samstæðuna. Í þeim tilgangi ættu skilavöld á samstæðustigi að leitast við að greina allar einingar samstæðunnar sem eru eða gætu orðið fyrir áhrifum ef eining samstæðunnar eða móðurfélagið í Sambandinu uppfyllir skilyrðin skv. 32. eða 33. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 69) Þörf er á að vinna á skilvirknan og markvissan hátt innan stutts tímaramma í því skyni að tryggja kjörskilyrði fyrir skilameðferð. Því er mikilvægt að kveða á um að skilaráðið ætti einnig að athuga hvort þörf sé á gagnkvæmri nýtingu landsbundinna fjárhagsráðstafana þegar það athugar hvort þörf sé á skilafyrirkomulagi samstæðu. Skilaráðið ætti einkum að taka tillit til þess hvort gagnkvæm nýting á landsbundnum fjárhagsráðstöfunum sé nauðsynleg að því er varðar fjármögnunaráætlanir og beitingu tilskipunar 2014/59/ESB. Þegar gagnkvæm nýting er ekki fyrir hendi ætti breyta inntaki og ferli fjármögnunaráætlunarinnar til samræmis við það. Skilaráði á samstæðustigi ætti að vera heimilt að koma fram með nýja tillögu að skilafyrirkomulagi samstæðu í staðinn fyrir endanlega jákvæða matsgerð um þörfina fyrir slíkt fyrirkomulag í því skyni að tryggja skilvirkni enn frekar.
- 70) Skilafyrirkomulag samstæðu ætti, að því marki sem er mögulegt og viðeigandi, að taka tillit til og fylgja skilaáætlun samstæðu nema skilavöldin meti, með tilliti til aðstæðna í málinu, að markmið skilameðferðarinnar muni nást með skilvirkari hætti með því að grípa til aðgerða sem ekki er kveðið á um í skilaáætluninni.
- 71) Allir sem verða fyrir áhrifum af skilameðferð stofnunar þurfa að hafa fullan skilning á skoðunum og aðgerðum skilavalds sem eru ólíkar sameiginlegri ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu af samræmingarástæðum. Því ætti hvert það yfirvald sem er ósammála að láta skilavaldinu á samstæðustigi í té skýran rökstuðning fyrir ágreiningnum.
- 72) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) leggur fyrir framkvæmdastjórnina.
- 73) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft samráð við Evrópska kerfisáætturáðið, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla, um inntak skilaáætlana fyrir stofnanir sem eru ekki hluti af samstæðu, sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og inntak skilaáætlana sem krafist er fyrir samstæður, í samræmi við, í þeirri röð, 10. og 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem og tæknilega eftirlitsstaðla sem varða viðmiðanir sem athuga þarf vegna mats á skilabærni stofnana eða samstæðna, eins og kveðið er á um, í þeirri röð, í 4. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 74) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitu hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG ENDURREISNARÁÆTLANIR

I. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er nánar kveðið á um:

- 1) upplýsingarnar sem skulu felast í stakri endurreisnaráætlun og, í samræmi við 5. og 6. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í endurreisnaráætlun samstæðu,
- 2) lágmarksviðmiðanir sem lögbært yfirvald á að meta, bæði að því er varðar einstakar endurreisnaráætlanir og endurreisnaráætlanir samstæðu í samræmi við 8. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 3) inntak skilaáætlunar sem krafist er af stofnunum sem tilheyra ekki samstæðu er fellur undir eftirlit á samstæðugrunni, skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og inntak skilaáætlana sem krafist er af samstæðum í samræmi við, eftir því sem við á, 10. og 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 4) þættir og viðmiðanir sem athuga á fyrir skilabærnismat stofnana eða samstæðna sem kveðið er á um annars vegar í 4. mgr. 15. gr. og hins vegar í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 5) skilyrðin sem sett eru fram í a-, c-, e- og i-lið 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/59/ESB að því er varðar fjárstuðning af hálfu einingar innan samstæðu í samræmi við 19. gr. þeirrar tilskipunar,
- 6) aðstæðurnar þar sem einstaklingur er óháður skilavaldi og stofnuninni eða einingunni sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB að því er varðar 1. mgr. 36. gr. og 74. gr. þeirrar tilskipunar,
- 7) skrána yfir skuldbindingar sem undanþegnar eru skyldunni til að setja samningsskilmálana, sem um getur í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og inntak samningsskilmálanna sem krafist er í þeirri málsgrein,
- 8) málsmeðferðarreglur og inntak sem varðar tilkynningarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og tilkynningu um frestun sem um getur í 83. gr. þeirrar tilskipunar,
- 9) ítarlegar reglur um uppsetningu og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna vegna framkvæmdar verkefnanna sem um getur í 1. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Ákvæði 1., 2., 3. og 4. liðar hér að ofan falla undir beitingu einfaldaðra skuldbindinga sem ákvarðaðar eru í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „stök endurreisnaráætlun“: annað af eftirtöldu:

- a) endurreisnaráætlun sem stofnun, sem er ekki hluti af samstæðu er fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, semur í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - b) endurreisnaráætlun sem dótturfélag móðurfélags í Sambandinu semur í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 2) „skilastefna“: röð skilaaðgerða sem kveðið er á um í skilaaætlun eða skilaaætlun samstæðu,
 - 3) „ákjósanleg skilastefna“: skilastefna sem talin er ná best markmiðunum skilameðferðar, sem koma fram í 31. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar haft er í huga skipulag og viðskiptalíkan stofnunarinnar eða samstæðunnar og skilafyrirkomulagið sem gildir um lögaðila í samstæðunni,
 - 4) „fullgildar, hæfar skuldbindingar“: hæfar skuldbindingar sem fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í 4. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í því skyni að teljast með í fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur í 1. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar,
 - 5) „á samstæðustigi“: skilastefna sem felur í sér að einstakt skilavald beiti skilameðferðum á stigi einstaks móðurfélags eða einstakrar stofnunar á samstæðustigi sem fellur undir samstæðueftirlit,
 - 6) „á einingastigi“: skilaaætlun sem felur í sér beitingu að tvö eða fleiri skilavöld beita skilameðferðum á svæðisbundnar eða virkar undirsamstæður eða einingar í samstæðu,
 - 7) „yfirráð“: yfirráð eins og þau eru skilgreind í 37. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁴⁾,
 - 8) „virkur eignarhlutur“: virkur eignarhlutur eins og hann er skilgreindur í 36. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

II. ÞÁTTUR

INNTAK ENDURREISNARÁÆTLANA

3. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í endurreisnaráætlun

Endurreisnaráætlun skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- 1) samantekt á lykilþáttum endurreisnaráætlunarinnar, í samræmi við 4. gr.,
- 2) upplýsingar um stjórnunarhætti, í samræmi við 5. gr.,
- 3) stefnumiðaða greiningu, í samræmi við 6.–12. gr.,
- 4) áætlun um samskipti og upplýsingagjöf, í samræmi við 14. gr.,
- 5) greiningu á undirbúningsráðstöfunum, í samræmi við 15. gr.

4. gr.

Samantekt á lykilþáttum endurreisnaráætlunarinnar

1. Samantekt á lykilþáttum endurreisnaráætlunarinnar skal ná yfir samantektir á eftirfarandi:

- a) upplýsingar um stjórnunarhætti í endurreisnaráætlun,
- b) stefnumiðaða greiningu endurreisnaráætlunarinnar, þ.m.t. samantekt um heildarendurreisnargetu sem um getur í 3. mgr. 12. gr.,
- c) verulegar breytingar á stofnuninni, samstæðunni eða endurreisnaráætluninni frá því að fyrri útgáfa af endurreisnaráætluninni var lögð fram til lögbærs yfirvalds,
- d) áætlun um samskipti og upplýsingagjöf í endurreisnaráætluninni,
- e) undirbúningsráðstafanirnar sem koma fram í endurreisnaráætluninni.

2. Að því er varðar II. og III. þátt I. kafla þessarar reglugerðar skulu verulegar breytingar merkja breytingar sem gætu haft áhrif á

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

getu stofnunar eða móðurfélags í Sambandinu eða eins eða fleiri dótturfélaga þess til að framkvæma endurreisnaráætlun eða framkvæma einn eða fleiri endurreisnarvalkosti í endurreisnaráætlun.

5. gr.

Stjórnunarhættir

Í upplýsingum um stjórnunarhætti skal a.m.k. koma fram ítarleg lýsing á eftirfarandi þáttum:

- 1) hvernig endurreisnaráætlunin var þróuð, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) hlutverk og starfssvið ábyrgðaraðila við undirbúning, framkvæmd og uppfærslu á hverjum þætti áætlunarinnar,
 - b) deili á aðilanum sem ber allmennt ábyrgð á að uppfæra endurreisnaráætlunina og lýsingu á ferlinu sem notað er til að uppfæra endurreisnaráætlunina til að bregðast við verulegum breytingum sem hafa áhrif á stofnunina eða samstæðuna eða umhverfi þeirra,
 - c) lýsing á því hvernig áætlunin er samþætt stjórnarháttum stofnunarinnar eða samstæðunnar og heildarramma áhættustýringarinnar,
 - d) ef viðkomandi eining er hluti af samstæðu, lýsing á ráðstöfunum og fyrirkomulagi sem gripið er til innan samstæðunnar til að tryggja samræmingu og samfellu endurreisnarvalkosta á samstæðustigi og meðal einstakra dótturfélaga,
- 2) stefnu og málsmeðferðarreglum fyrir samþykki endurreisnaráætlunarinnar, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) yfirlýsing um hvort endurreisnaráætlunin hafi verið tekin til endurskoðunar af hálfu deildar innri endurskoðunar, hjá utanaðkomandi endurskoðanda eða áhættunefnd,
 - b) staðfesting á að stjórn stofnunarinnar, eða móðurfélag innan Sambandsins sem ber ábyrgð á að leggja fram áætlunina, hafi metið og samþykkt endurreisnaráætlunina,
- 3) skilyrðum og ferlum sem eru nauðsynleg til tryggja tímanlega framkvæmd á endurreisnarvalkostum, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) lýsing á innri aukningar- og ákvarðanatökuferli sem á við þegar vísam hefur verið fylgt, til að athuga og ákvarða hvaða endurreisnarvalkostum gæti þurft að beita til að bregðast við aðstæðum þegar fjárhagsferfiðleikar hafa komið upp, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - i. hlutverk og starfssvið aðila sem taka þátt í þessu ferli, þ.m.t. lýsing á ábyrgðarhlutverkum þeirra eða, ef nefnd er hluti af þessu ferli, hlutverk, ábyrgðarhlutverk og starfssvið nefndarmanna,
 - ii. verklagsreglur sem þarf að fylgja,
 - iii. tímamörk fyrir ákvörðunina um hvort grípa eigi til endurreisnarvalkosta og hvenær og hvernig viðeigandi lögbærum yfirvöldum verður tilkynnt um að vísam hafi verið fylgt,
 - b) ítarleg lýsing á vísam sem endurspeglar hugsanlegar veilir, veikleika eða ógnir við a.m.k., eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, arðsemi og áhættulýsingu einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina,
- 4) hvernig áætlunin samræmist almennum áhættustýringarramma stofnunar eða samstæðu, þ.m.t. lýsingu á viðeigandi viðmiðunum (snemmbúnum viðvörðunarkerkjum) sem notaðar eru sem hluti af hefðbundnu innra áhættustýringarferli stofnunar eða samstæðu þegar þessar viðmiðanir eru gagnlegar til að upplýsa stjórnina um að hugsanlega væri hægt að ná vísunum,
- 5) upplýsingakerfi fyrir stjórnendur, þ.m.t. lýsingu á fyrirkomulagi sem er til staðar í því skyni að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma endurreisnarvalkosti séu tiltækar svo hægt sé að taka ákvarðanir við erfiðar aðstæður á áreiðanlegan hátt og tímanlega.

6. gr.

Stefnumiðuð greining

1. Stefnumiðuða greiningin skal greina kjarnastarfsemi og nauðsynlega starfsþætti og setja fram lykilþætti í að viðhalda þessari

kjarnastarfsemi og þessum nauðsynlegu starfsþáttum þegar fjárhagserfiðleikar eru fyrir hendi.

2. Í stefnumiðuðu greiningunni skulu a.m.k. eftirfarandi undirþættir koma fram:

a) Lýsing á einingunni eða einingunum sem falla undir endurreisnaráætlunina, eins og sett er fram í 7. gr.,

b) lýsing á endurreisnarvalkostum, eins og settir er fram í 8.–12. gr.

7. gr.

Lýsing á einingum sem falla undir endurreisnaráætlunina

1. Undirþættir stefnumiðuðu greiningarinnar sem lýsa einingunni eða einingunum sem falla undir endurreisnaráætlunina skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) almenna lýsingu á eiginleikum einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina, þ.m.t.:

i. lýsingu á heildarstarfsstefnu og heildaráhættustefnu þeirra,

ii. viðskiptalíkan og viðskiptaáætlun þeirra, þ.m.t. skrá yfir helstu lögsagnarumdæmin þar sem þær eru virkar, þ.m.t. fyrir milligöngu lögaðila eða útibús sem uppfyllir skilyrðin sem koma fram í 2. mgr.,

iii. kjarnastarfsemi og nauðsynlega starfsþætti þeirra,

iv. ferli og mælistikur til að auðkenna kjarnastarfsemi og nauðsynlega starfsþætti þeirra,

b) kortlagningu kjarnastarfsemi og nauðsynlegra starfsþátta þeirra fyrir lögaðila og útibú sem uppfylla skilyrðin sem koma fram í 2. mgr.,

c) ítarlega lýsingu á rekstrarformi og fjárhagsskipan einingarinnar eða eininganna sem falla undir áætlunina, þ.m.t. útskýringu á samtengingu innan samstæðu að því er varðar lögaðila eða útibú sem uppfylla skilyrðin sem koma fram í 2. mgr., einkum lýsingu á eftirfarandi:

i. öllum fyrirliggjandi, verulegum áhættuskuldbindingum innan samstæðu og fjármögnunartengslum, fjármagnsstreymi innan einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina, ábyrgðir innan samstæðu sem eru fyrir hendi og ábyrgðir innan samstæðu sem ætlað er að verði fyrir hendi þegar þörf er á endurreisnaraðgerð,

ii. lagalegri samtengingu sem skal ná yfir mikilvæga lagalega bindandi samninga milli eininga í samstæðu, þ.m.t. til dæmis tilvist yfirráðasamninga og samninga um yfirfærslu hagnaðar og taps,

iii. rekstrarlegri samtengingu sem varðar starfsemi sem er miðlæg hjá einum lögaðila eða útibúi og er mikilvæg fyrir starfsemi annarra lögaðila, útibúa eða samstæðunnar, einkum miðlæga starfsemi á sviði upplýsingatækni, reiðufjárstjórnunar, áhættutengdrar starfsemi eða við almenna stjórnsýslu,

iv. öllum gildandi samningum um fjárstuðning innan samstæðu sem gengið er frá í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og tekur til samningsaðila, forms fjárstuðnings og skilyrðanna sem tengd eru ákvæðum fjárstuðningsins,

d) lýsingu á ytri samtengingu sem felur a.m.k. í sér:

i. mikilvægar áhættuskuldbindingar og skuldbindingar við helstu mótaðila,

ii. mikilvægar fjármálaafurðir og þjónustu sem einingin eða einingarnar veita öðrum markaðsaðilum sem falla undir endurreisnaráætlunina,

iii. mikilvæga þjónustu sem þriðju aðilar veita einingunni eða einingunum sem falla undir endurreisnaráætlunina.

2. Að því er varðar b- og c-lið 1. mgr. skal líta á tilvísanir í lögaðila eða útibú sem tilvísun í lögaðila eða útibú sem:

a) leggja verulega af mörkum til hagnaðar eða fjármögnunar einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina eða eiga mikilvægan hlut í eignum þeirra, skuldbindingum eða fjármagni,

b) inna af hendi lykilverðskiptastarfsemi,

c) inna af hendi miðlæga lykilstarfsemi á sviði rekstrar, áhættu eða stjórnsýslu,

- d) taka á sig verulega áhættu sem gæti, við verstu hugsanlegu aðstæður, teflt rekstrarhæfi stofnunarinnar eða samstæðunnar í tvísýnu,
- e) ekki er hægt að selja eða taka til gjaldþrotaskipta án þess að skapa að öllum líkindum meiriháttar áhættu fyrir stofnunina eða samstæðuna í heild sinni,
- f) eru mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika a.m.k. eins aðildarríkis þar sem þau hafa skráða skrifstofu eða reka starfsemi.

8. gr.

Endurreisnarvalkostir

1. Undirþátturinn um endurreisnarvalkosti skal innihalda skrá yfir alla endurreisnarvalkosti og lýsingu á hverjum valkosti, eins og kemur fram í 9.–12. gr.
2. Í undirþættinum um endurreisnarvalkosti skulu koma fram ýmsir endurreisnarvalkostir sem ætlað er að mæta sviðsmyndum um fjárhagserfiðleika og raunhæft er að ætla að gætu lagt af mörkum til að viðhalda og endurreisa rekstrarhæfi og efnahag einingarinnar eða eininganna sem endurreisnaráætlunin tekur til.
3. Lýsa skal hverjum endurreisnarvalkosti þannig að lögbært yfirvald geti metið áhrif hans og hagkvæmni.
4. Í endurreisnarvalkostum skulu felast ráðstafanir sem eru óvenjulegar í eðli sínu og einnig ráðstafanir sem mætti grípa til í hefðbundnum viðskiptum einingarinnar eða eininganna sem endurreisnaráætlunin tekur til.
5. Ekki skal útiloka endurreisnarvalkosti af þeirri ástæðu einni að þeir myndu útheimta breytingar á núverandi eðli viðskipta þeirrar einingar eða þeirra eininga.

9. gr.

Aðgerðir, fyrirkomulag og ráðstafanir samkvæmt endurreisnarvalkostum

1. Í hverjum endurreisnarvalkosti skal a.m.k. eftirfarandi tilgreint:
 - a) umfang þeirra fjármagns- og lausafjáraðgerða sem grípa þarf til í því skyni að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og efnahag einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina og hafa það helsta markmið að tryggja rekstrarhæfi nauðsynlegra starfsþátta og kjarnastarfsemi,
 - b) fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að vernda eða endurreisa eiginfjárgrunn stofnunarinnar eða samanlagðan eiginfjárgrunn samstæðunnar með ytri endurfjármögnun og innri ráðstöfunum til að bæta eiginfjárstöðu einingarinnar eða eininganna sem endurreisnaráætlunin tekur til,
 - c) fyrirkomulag og ráðstafanir til að tryggja að einingin eða einingarnar sem endurreisnaráætlunin tekur til hafi fullnægjandi aðgang að neyðarfjármögnunarleiðum til að tryggja að þær geti haldið áfram starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar þegar þær koma til greiðslu,
 - d) fyrirkomulag og ráðstafanir til að draga úr áhættu og skuldsetningu eða til að endurskipuleggja starfsemi, þ.m.t., eftir því sem við á, greining á hugsanlegri sölu eigna, lögaðila eða starfsemi,
 - e) fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að ná endurskipulagningu skuldbindinga, af frjálsum vilja, án þess að það valdi vanskilum, slitum, lækkun eða öðru svipuðu.

Að því er varðar c-lið skulu ráðstafanirnar fela í sér ytri ráðstafanir og, eftir því sem við á, ráðstafanir sem miða að því að endurskipuleggja tiltækt lausafé innan samstæðunnar. Í neyðarfjármögnunarleiðunum skulu felast mögulegar leiðir til að afla lausafjár, mat á tiltækum veðum og mat á því hvort mögulegt sé að yfirfæra lausafé þvert á eining samstæðu og starfsemi.

2. Þegar endurreisnarvalkostur felur ekki í sér aðgerðir, fyrirkomulag eða ráðstafanir sem fjallað er um í a- til e-lið 1. mgr. skal undirþátturinn um endurreisnarvalkosti fela í sér vitnisburð um að stofnun, móðurfélag í Sambandinu eða dótturfélag, sem samdi og lagði fram áætlunina, hafi íhugað þessar aðgerðir, þessa tilhögun eða ráðstafanir með fullnægjandi hætti.

10. gr.

Mat á áhrifum

Í hverjum endurreisnarvalkosti skal felast mat á áhrifum, einkum ítarleg lýsing á ferlum til að ákvarða verðgildi og markaðshæfi kjarnastarfsemi, annarrar starfsemi og eigna einingar eða eininga sem endurreisnarvalkosturinn snýr að og a.m.k. eftirfarandi þættir:

- 1) fjárhags- og rekstrarlegt mat á áhrifum þar sem sett eru fram áætluð áhrif á gjaldþol, lausafjárstöðu, fjármögnunarstöður, arðsemi og rekstur einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina; þegar við á skal matið tilgreina á skýran hátt mismunandi einingar samstæðunnar sem geta orðið fyrir áhrifum af valkostinum eða tekið þátt í framkvæmd hans,
- 2) mat á ytri áhrifum og kerfistengdum afleiðingum þar sem fram koma áætluð áhrif á nauðsynlega starfsþætti sem einingin eða einingarnar, sem falla undir endurreisnaráætlunina, framkvæma og áhrifin á hluthafa, viðskiptavini og einkum innstæðueigendur og almenna fjárfesta, á mótaðila og, þegar við á, aðra í samstæðunni,
- 3) matsforsendurnar og allar aðrar forsendur að því er varðar matsgerðirnar í 1. og 2. lið, þ.m.t. forsendur fyrir markaðshæfi eigna eða atferli annarra fjármálastofnana.

11. gr.

Hagkvæmnismat

1. Í hverjum endurreisnarvalkosti skal felast hagkvæmnismat sem skal a.m.k. innihalda:
 - a) mat á hættunni sem tengist endurreisnarvalkostinum, byggt á reynslunni af því að framkvæma endurreisnarvalkostinn eða jafngildar ráðstafanir,
 - b) ítarlega greiningu og lýsingu á verulegum hindrunum sem eru á skilvirkri og tímanlegri framkvæmd áætlunarinnar og lýsingu á því hvort og hvernig hægt sé að komast yfir slíkar hindranir,
 - c) greiningu, eftir atvikum, á hugsanlegum hindrunum á skilvirkri framkvæmd endurreisnarvalkostsins sem leiðir af skipulagi samstæðunnar eða ráðstafana innan samstæðu, þ.m.t. hvort fyrir hendi séu umtalsverðar aðgerðatengdar eða lagalegar hömlur vegna skjótrar yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda eða eigna innan samstæðunnar,
 - d) lausnir á hugsanlegum hindrunum sem greindar eru í b- og c-lið.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal veruleg hindrun teljast vera þættir sem gætu hugsanlega haft neikvæð áhrif á tímanlega framkvæmd endurreisnarvalkostarins, þ.m.t. einkum lagalega, rekstrarlega, viðskiptalega og fjárhagslega áhættu og orðsporsáhættu á borð við hættu á lækku lánshæfismats.

12. gr.

Samfella í starfsemi

1. Hver endurreisnarvalkostur skal innihalda mat á því hvernig tryggja eigi samfellu í starfsemi við framkvæmd þess valkostar.
2. Í þessu mati skal felast greining á innri starfsemi (til dæmis upplýsingatæknikerfum, birgjum og mannauði) og aðgengi einingar eða eininga sem falla undir endurreisnaráætlunina að innviðum markaðar (til dæmis stöðustofnunar- og uppgjörsaðstöðu og greiðslukerfi). Einkum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar við mat á viðbragðsáætlunum:
 - a) fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelldu aðgengi að viðeigandi innviðum fjármálamarkaða,
 - b) fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelldri virkni verkferla einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina, þ.m.t. innviðir og upplýsingatækniþjónusta,
 - c) áætlaðan tímaramma fyrir framkvæmd og áhrif endurreisnarvalkostarins,

d) skilvirkni endurreisnarvalkostarins og hversu fullnægjandi vísarnir eru við ólíkar sviðsmyndir fjárhagserfiðleika sem metur áhrif sérhverra þessara aðstæðna á eininguna eða einingarnar sem falla undir endurreisnaráætlunina, einkum á fjármagn þeirra, lausafjárstöðu, arðsemi, áhættulýsingu og starfsemi.

3. Með mati þessu skal skilgreina þann endurreisnarvalkost sem væri viðeigandi við sértæka sviðsmynd, hugsanleg áhrif endurreisnarvalkostarins, hagkvæmni hans, þ.m.t. hugsanlegar hindranir á framkvæmd hans, og tímarammann sem þörf er á við framkvæmd hans.

Á grundvelli þessara upplýsinga skal matið lýsa heildarendurreisnargetu einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurreisnaráætlunina, þ.e. að hvaða marki endurreisnarvalkostirnir gera kleift að endurreisa eininguna eða einingarnar við mismunandi sviðsmyndir í mjög alvarlegum þjóðhagslegum vanda og fjárhagserfiðleikum.

13. gr.

Millivísanir

Þegar upplýsingar sem koma fram í 7. gr. hafa verið sendar til skilavalda, skv. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, geta lögbær yfirvöld ákveðið að millivísanir í þær upplýsingar séu fullnægjandi til að uppfylla kröfurinnar í 7. gr. ef þær tefla ekki heilleika og gæðum endurreisnaráætlunarinnar í tvísýnu, eins og krafist er í III. þætti I. kafla þessarar reglugerðar.

14. gr.

Áætlun um samskipti og upplýsingagjöf

1. Áætlunin um samskipti og upplýsingagjöf skal ná yfir eftirfarandi atriði með nákvæmum hætti:

- a) innri samskipti, einkum við starfsfólk, samstarfsráð á vinnustað eða aðra fulltrúa starfsfólks,
- b) ytri samskipti, einkum við hluthafa og aðra fjárfesta, lögbær yfirvöld, mótaðila, fjármálamarkaði, innviði fjármálamarkaða, innstæðueigendur og almenning, eins og við á,
- c) skilvirkar tillögur til hafa stjórn á hugsanlega neikvæðum viðbrögðum markaðarins.

2. Í endurreisnaráætlun skal a.m.k. felast greining á því hvernig áætlunin um samskipti og upplýsingagjöf yrði framkvæmd þegar eitt eða margt konar fyrirkomulag eða ráðstöfun sem kemur fram í endurreisnaráætluninni kemst í framkvæmd.

3. Í áætluninni um samskipti og upplýsingagjöf skal athuga á fullnægjandi hátt allar sértækar samskiptaþarfir fyrir einstaka endurreisnarvalkosti.

15. gr.

Undirbúningsráðstafanir

1. Í endurreisnaráætlun skal felast greining á undirbúningsráðstöfunum sem einingin eða einingarnar sem falla undir hana hafa gripið til eða sem eru nauðsynlegar til að greiða fyrir framkvæmd endurreisnaráætlunarinnar eða bæta skilvirkni hennar ásamt tímalínu fyrir framkvæmd þessara ráðstafana.

2. Í slíkum undirbúningsráðstöfunum skulu felast nauðsynlegar ráðstafanir til að komast yfir hindranir við skilvirka framkvæmd endurreisnarvalkosta sem hafa verið skilgreindir í endurreisnaráætluninni.

III. ÞÁTTUR

Mat á endurreisnaráætlunum

16. gr.

Heilleiki endurreisnaráætlana

Lögbært yfirvald skal meta að hvaða marki hver endurreisnaráætlun fullnægir kröfunum sem koma fram í 5. eða 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eftir því sem við á, og skal endurskoða heilleika áætlunarinnar á eftirfarandi grundvelli:

- 1) hvort áætlunin nái yfir allar upplýsingarnar sem skráðar eru í þætti A í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB eins og tilgreint er frekar í I. kafla, I. þáttar þessarar reglugerðar,
- 2) hvort áætlunin veiti uppfærðar upplýsingar, einnig að því er varðar verulegar breytingar á einingunni eða einingunum, einkum breytingar á lagalegu formi eða stjórnskipulagi eða starfsemi þeirra eða fjárhagsstöðu frá því að áætlunin var síðast lögð fram, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 3) eftir atvikum, hvort í áætluninni felist greining á því hvernig og hvenær einingunni eða einingunum sem falla undir áætlunina sé heimilt að sækja um, eftir skilyrðunum sem fjallað er um í áætluninni, að nota fyrirgreiðslu seðlabanka og tilgreina þær eignir sem hún telur að viðurkenna megi sem fullnægjandi veð,
- 4) hvort áætlunin endurspeglir á fullnægjandi hátt ólíkar sviðsmyndir yfir mjög alvarlegan þjóðhagslegan vanda og fjárhagsferfiðleika sem eiga við sérstæðar aðstæður einingarinnar eða eininganna sem áætlunin nær yfir og að tekið sé tillit til leiðbeininga, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gaf út í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem tilgreina frekar hinar mismunandi sviðsmyndir sem notaðar verða í endurreisnaráætlunum, með því að gera sitt ýtrasta til að fara eftir þeim í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010,
- 5) hvort í áætluninni felist rammi vísa sem gefa til kynna hvenær grípa má til viðeigandi aðgerða sem um getur í þessari áætlun,
- 6) hvort upplýsingarnar sem um getur í 1.–5. lið séu veittar að því er varðar samstæðuna í heild sinni,
- 7) hvort í áætluninni felist, eftir atvikum, fyrirkomulag um fjárstuðning innan samstæðu sem samþykktur var samkvæmt samkomulagi um fjárstuðning samstæðu sem gert hefur verið í samræmi við III. kafla tilskipunar 2014/59/ESB,
- 8) hvort í áætluninni, fyrir hverja sviðsmynd um alvarlegan þjóðhagslegan vanda og fjárhagsferfiðleika sem endurspeglast í áætluninni í samræmi við 6. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sé skilgreint hvort til staðar séu:
 - a) hindranir við að framkvæma endurreisnaráðstafanir innan samstæðunnar, þ.m.t. á stigi einstakra eininga sem falla undir áætlunina,
 - b) umtalsverðar hindranir, hagnýtar eða lagalegar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skuldbindinga eða eigna innan samstæðunnar.

17. gr.

Gæði endurreisnaráætlana

Við mat á kröfum og viðmiðunum sem koma fram í 5. og 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal lögbært yfirvald, eftir atvikum, endurskoða gæði endurreisnaráætlunar á grundvelli eftirfarandi:

- 1) skýrleiki áætlunarinnar telst vera staðfestur ef:
 - a) áætlunin útskýrir sig sjálf og er tekin saman á skýru og skiljanlegu máli,
 - b) skilgreiningar og lýsingar eru skýrar og samræmdar yfir alla áætlunina,
 - c) forsendur og mat sem gerð eru í áætluninni eru útskýrð,
 - d) tilvísanir í skjöl sem ekki eru í áætluninni og viðaukar sem fylgja með áætluninni stuðla verulega að því að skilgreina valkosti til að viðhalda eða endurreisa fjárhagslegan styrk og rekstrarhæfi einingarinnar eða eininganna sem hún nær yfir,

- 2) mikilvægi upplýsinga sem felast í áætluninni er talið staðfest ef slíkar upplýsingar miðast við að skilgreina valkosti til að viðhalda eða endurreisa fjárhagslegan styrk og rekstrarhæfi stofnunarinnar eða samstæðunnar,
- 3) heildstæðni endurreisnaráætlunarinnar er talin staðfest, einkum með tilliti til eðlis viðskipta einingarinnar eða eininganna sem falla undir áætlunina og stærð þeirra og samtengingu við aðrar stofnanir eða samstæður og við fjármálakerfið í heild sinni, ef:
 - a) upplýsingarnar sem þurfa að felast í endurreisnaráætlunum skv. 5. og 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eru nægilega sundurliðaðar í áætluninni,
 - b) áætlunin inniheldur nægilega fjölbreytta endurreisnarvalkosti og vísa, með hliðsjón af leiðbeiningum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gaf út í samræmi við 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem tilgreina frekar vísana sem felast skulu í endurreisnaráætlunum með því að gera sitt ýtrasta til að fara eftir þeim í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010,
- 4) innra samræmi áætlunarinnar er talið staðfest ef:
 - a) þegar í hlut á stök endurreisnaráætlun, innra samræmi er í áætluninni sjálfri,
 - b) þegar í hlut á endurreisnaráætlun samstæðu, innra samræmi er í samstæðuáætluninni sjálfri,
 - c) þegar áætlana hefur verið krafist fyrir dótturfélög á einingargrunni, skv. 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, innra samræmi er milli þessara áætlana og endurreisnaráætlunar samstæðu.

18. gr

Framkvæmd fyrirkomulagsins sem lagt er til í endurreisnaráætlunum

1. Lögbært yfirvald skal, við mat á því að hvaða marki endurreisnaráætlun fullnægir viðmiðuninni sem kemur fram í a-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, kanna eftirfarandi:
 - a) hve vel áætlunin aðlagast og samþættist almennum stjórnunarháttum og innri ferli einingarinnar eða eininganna sem áætlunin gildir um og áhættustýringarramma hennar eða þeirra,
 - b) hvort í áætluninni felist nægjanlega margir trúverðugir og raunhæfir endurreisnarvalkostir sem gera það tiltölulega líklegt að stofnunin eða samstæðan gæti tekist á við ýmsar sviðsmyndir fjármálaerfiðleika með skjótum og skilvirkum hætti,
 - c) hvort endurreisnarvalkostir sem felast í áætluninni sjái fyrir aðgerðir sem bregðast á skilvirkan hátt við sviðsmyndum um alvarlegan þjóðhagslegan vanda og fjárhagserfiðleika sem gert er ráð fyrir í samræmi við 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - d) hvort tímalínan til að framkvæma valkostina sé raunsæ og tillit sé tekið til hennar í ferlinu sem hannað er til að tryggja framkvæmd endurreisnaraðgerða,
 - e) hve vel stofnunin eða samstæðan er í stakk búin til að ráða bót á fjárhagserfiðleikum, eins og einkum er ákvarðað með mati á því hvort nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir hafi verið greindar á fullnægjandi hátt og, eftir því sem við á, hvort þessar ráðstafanir hafi verið framkvæmdar eða hvort áætlun um framkvæmd þeirra hafi verið gerð,
 - f) hvort hinar ýmsu sviðsmyndir um alvarlegan þjóðhagslegan vanda og fjárhagslega erfiðleika, sem áætlunin hefur verið prófuð gagnvart, séu fullnægjandi,
 - g) hvort ferlin til að prófa áætlunina gagnvart sviðsmyndunum, sem um getur í f-lið, séu fullnægjandi og að hvaða marki greining á endurreisnarvalkostum og vísam í hverri sviðsmynd sé staðfest í þeirri prófun,
 - h) hvort forsendur og mat sem gert er innan áætlunarinnar og sérhvers endurreisnarvalkostar sé raunhæft og trúverðugt.
2. Meta skal trúverðugleika sérhvers endurreisnarvalkostar sem settur er fram í áætluninni eins og um getur í b-lið 1. mgr. með tilliti til allra eftirfarandi þátta:
 - a) að hvaða marki framkvæmd valkostarins sé undir stjórn stofnunarinnar eða samstæðunnar og að hvaða marki þurfi að treysta á aðgerðir þriðju aðila,
 - b) hvort áætlunin feli í sér nægjanlega fjölbreytta endurreisnarvalkosti og viðeigandi vísa, skilyrði og verklagsreglur til að tryggja tímanlega framkvæmd þessara valkosta,

- c) að hvaða marki gert hafi verið ráð fyrir fyrirsjáanlegum áhrifum af framkvæmd fyrirhugaðs endurreisnarvalkostar á stofnunina eða samstæðuna, í áætluninni,
- d) hvort líklegt væri að áætlunin og einkum endurreisnarvalkostirnir gætu viðhaldið rekstrarhæfi stofnunarinnar eða samstæðunnar og endurreist fjárhagslegt heilbrigði hennar,
- e) að hvaða marki, ef við á, stofnunin eða samstæðan, eða samkeppnisaðilar með svipuð einkenni, hafa áður höndlað fjárhagsferðleika með svipuð einkenni og sviðsmyndin sem kemur til álita, með því að nota endurreisnarvalkostina sem lýst er, einkum að því er varðar tímanlega framkvæmd endurreisnarvalkosta og, þegar um er að ræða endurreisnaráætlun samstæðu, samræmingu endurreisnarvalkosta innan samstæðunnar.

19. gr.

Endurreisnarvalkostir

Lögbært yfirvald skal, þegar það metur að hvaða marki endurreisnaráætlunin fullnægir viðmiðuninni sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/59/2014, taka eftirfarandi til athugunar:

- 1) hvort ástæða sé til að ætla að framkvæma megi áætlunina eða staka endurreisnarvalkosti tímanlega og á skilvirkan hátt, jafnvel í aðstæðum þegar alvarlegur þjóðhagslegur vandi eða fjárhagslegir erfiðleikar steðja að,
- 2) hvort ástæða sé til að ætla að framkvæma megi áætlunina og tiltekna endurreisnarvalkosti að því marki að markmiðum þeirra verði náð án þess að það valdi verulegum, skaðlegum áhrifum á fjármálakerfið,
- 3) hvort endurreisnarvalkostirnir dragi á fullnægjandi hátt úr hættunni á að upp komi hindranir á framkvæmd þessara valkosta eða skaðleg, altæk áhrif verði vegna þess að gripid sé til endurreisnaraðgerða annarra stofnana eða samstæðna á sama tíma,
- 4) að hvaða marki endurreisnarvalkostirnir kunni að stríða gegn valkostum þeirra stofnana eða samstæðna sem eru berskjaldaðar á svipaðan hátt, til dæmis vegna svipaðra viðskiptalíkana, starfsstefnu eða starfsemi, ef valkostirnir væru framkvæmdir á sama tíma,
- 5) að hvaða marki framkvæmd endurreisnarvalkosta á vegum margra stofnana eða samstæðna á sama tíma gæti líklega virkað neikvætt á áhrif og hagkvæmni þessara valkosta.

20. gr.

Sértækar kröfur fyrir endurreisnaráætlanir samstæðu

Lögbært yfirvald skal, þegar það metur að hvaða marki endurreisnaráætlunin fullnægir þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 4. og 6. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/59/2014, taka eftirfarandi til athugunar:

- 1) að hvaða marki áætlunin getur gert samstæðuna í heild sinni og einstakar einingar innan hennar traustari, einkum með tilliti til:
 - a) þess hvort endurreisnarvalkostir á samstæðustigi séu tiltækir til að endurreisa, ef nauðsyn krefur, fjárhagsstöðu dótturfélags, án þess að trufla fjárhagslegt heilbrigði samstæðunnar,
 - b) hvort samstæðan í heild sinni og einstakar stofnanir innan hennar, sem ætlast er til að haldi starfsemi áfram samkvæmt þessum endurreisnarvalkosti, séu enn með rekstrarhæft viðskiptalíkan í kjölfar framkvæmdar á tilteknum endurreisnarvalkosti,
 - c) að hvaða marki fyrirkomulag, sem felst í áætluninni, tryggir samræmi og samkvæmni ráðstafana sem gripid er til á stigi móðurfélagsins eða stofnunar sem fellur undir samstæðueftirlit, skv. 3. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, eða á stigi einstakra stofnana, eftir því sem við á. Einkum skal taka til athugunar að hvaða marki stjórnunarháttuferlin sem felast í áætluninni taka tillit til eftirlits- og stjórnunarkerfis einstakra dótturfélaga og viðeigandi lagalegra hamla,
- 2) að hvaða marki áætlunin kveði á um lausnir til að komast yfir hindranir á framkvæmd endurreisnarráðstafana innan samstæðu sem eru tilgreindar í tengslum við sviðsmynd, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/59/ESB; að hvaða marki aðrar endurreisnarráðstafanir gætu náð sömu markmiðum þegar ekki er hægt að yfirstíga hindranirnar,
- 3) að hvaða marki áætlunin lætur í té lausnir til að komast yfir verulegar, aðgerðatengdar eða lagalegar hömlur á tafarlausri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda eða eigna sem eru auðkenndar innan samstæðunnar; að hvaða marki hægt sé að ná sömu markmiðum með öðrum endurreisnarvalkostum ef ekki er hægt að sigrast á hindrununum.

21. gr.

Eðli einingarinnar eða eininganna sem metnar eru

Lögbært yfirvald skal, þegar það metur heildartrúverðugleika endurreisnaráætlunar, í samræmi við 18., 19. og 20. gr., taka tillit til eðlis starfsemi þeirrar einingar eða þeirra eininga sem falla undir áætlunina, stærð þeirra og samtengingu við aðrar stofnanir eða samstæður og við fjármálakerfið í heild.

II. KAFLI

SKILAÁÆTLANIR

I. ÞÁTTUR

Inntak skilaáætlana

22. gr.

Flokkar upplýsinga sem eiga að koma fram í skilaáætlunum

Skilaáætlun skal a.m.k. innihalda þættina sem mælt er fyrir um í 1.–8. lið þessarar greinar, þ.m.t. allar upplýsingar sem krafist er skv. 10. og 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og allar viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að framkvæma skilastefnuna:

- 1) samantekt áætlunarinnar, þ.m.t. lýsing á stofnuninni eða samstæðunni og samantekt á þáttunum sem um getur í 2.–8. lið,
- 2) lýsingu á skilastefnunni sem tekið er mið af í áætluninni, þ.m.t.
 - a) tilgreiningu á mismunandi skilaaðgerðum sem gert er ráð fyrir samkvæmt áætluninni,
 - b) tilgreiningu á lögaðila eða -aðilum sem falla myndu undir skilaaðgerðir yrði þeim beitt,
 - c) tilgreiningu á öllum nauðsynlegum starfsþáttum eða kjarnastarfsemi sem verður haldið við og öllum sem búist er við að verði aðskilin frá annarri starfsemi,
 - d) mat á tímaramma fyrir framkvæmd hvers efnisþátta áætlunarinnar, eins og krafist er skv. d-lið 7. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - e) ítarlega lýsingu á afbrigðum hinnar ákjósanlegu skilastefnu sem höfð er í huga þegar tekist er á við aðstæður þar sem ekki er hægt að hrinda hinni ákjósanlegu skilastefnu í framkvæmd,
 - f) lýsingu á ákvarðanatökufærli við framkvæmd á skilastefnunni, þ.m.t. tímaramminn sem krafist er við ákvarðanir,
 - g) fyrirkomulagið við samvinnu og samræmingu, vegna skilaáætlana samstæðu, milli skilavalda og annarra viðkomandi yfirvalda aðildarríkja, þar sem einingar samstæðunnar eru staðsettar eða eru með mikilvæg útibú, og viðeigandi yfirvalda í þriðju löndum þar sem einingar samstæðu eru staðsettar, í samræmi við skriflegt fyrirkomulag og verklagsreglu eins og getið er um í VI. kafla, I. þætti,
- 3) lýsingu á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að framkvæma skilastefnuna á skilvirkan hátt og tilhögun miðlunar þeirra, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) lýsingu á upplýsingum, og ferlum til að tryggja að þær upplýsingar sem krafist er að því er varðar mat, einkum skv. 36. og 49. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, séu tiltækar innan viðeigandi tímamarka, og til að meta getu markaðarins, einkum samkvæmt kröfum um markaðssetningu vegna rekstrarsöluúrræðisins og úrræðisins um brúarbanka,
 - b) kortlagningu nauðsynlegra starfsþátta og kjarnastarfsemi fyrir lögaðila þar sem einkum eru skilgreind nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi sem einingarnar er falla undir skilaaðgerðir framkvæma og nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi sem dreifist á milli lögaðila sem yrðu aðskildir við framkvæmd skilastefnunnar,
 - c) lýsingu á fyrirkomulaginu við miðlun upplýsinga milli skilavalda og annarra viðkomandi yfirvalda, þ.m.t., ef við á, yfirvalda í

öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, í samræmi við 90. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

- d) ítarlega lýsingu á fyrirkomulaginu til að tryggja að upplýsingarnar skv. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, séu uppfærðar og tiltækar skilavöldum þegar þörf er á,
- 4) lýsingu á fyrirkomulagi sem á að tryggja samfellt aðgengi að nauðsynlegum starfsþáttum við skilameðferð, þ.m.t. að minnsta kosti lýsing á:
 - a) mikilvægum sameiginlegum kerfum og starfsemi sem þarf að halda áfram til að viðhalda samfellu í nauðsynlegum starfsþáttum og fyrirkomulagi til að tryggja samningsbundinn og rekstrarlegan stöðugleika við skilameðferð,
 - b) innri og ytri vixltengslum sem eru mikilvæg til að viðhalda rekstrarlegri samfellu,
 - c) fyrirkomulagi til að tryggja aðgengi að greiðslukerfum eða öðrum fjármálalegum innviðum nauðsynlegum til að viðhalda nauðsynlegum starfsþáttum, þ.m.t. mati á flytjanleika á stöðum viðskiptavina,
- 5) lýsingu á fjármögnunarþörfum og fjármögnunarleiðum sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd skilastefnu sem er fyrirséð í áætluninni, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) lýsingu á fjármögnunar- og lausafjárkröfum sem skilastefnan felur í sér,
 - b) lýsingu á hugsanlegum fjármögnunarleiðum skilameðferðar, þ.m.t. fjármögnunarskilmálum, skilyrðum fyrir notkun fjármuna þessara, hvenær þeir verða tiltækir, einingunum sem gætu notið fjármögnunarinnar og kröfum um veðsetningar,
 - c) lýsingu og greiningu, þar sem við á, á því hvernig og hvenær stofnun eða samstæða getur, í samræmi við skilyrði sem fjallað er um í skilaáætluninni, sótt um að fá fyrirgreiðslur seðlabanka (aðrar en lausafjár fyrirgreiðslu í neyð eða annan stuðning með óstöðluðum skilmálum) í skilameðferð, þ.m.t. greiningu á tiltækum veðum,
 - d) fyrir samstæður, lýsingu á meginreglum sem samþykktar hafa verið um að dreifa ábyrgð á fjármögnun milli fjármögnunaraðila í mismunandi lögsögu, þ.m.t. milli fjármögnunaraðila í mismunandi aðildarríkjum skv. f-lið 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 6) áætlanir um samskipti við mikilvæga hagsmunahópa, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) stjórn, eigendur og starfsfólk stofnunar eða samstæðu, þ.m.t. verklagsreglur um samráð við starfsfólk og, eftir atvikum, viðræður við aðila vinnumarkaðarins í skilafærlinu, og mat á áhrifum áætlunarinnar á starfsmenn,
 - b) viðskiptavini, fjölmiðla og almenning,
 - c) innstæðueigendur, hluthafa, handhafa skuldabréfa, mótaðila, innviði fjármálamarkaða og aðra markaðsaðila sem málið varðar,
 - d) aðila í yfirstjórn eða dómskerfi sem þurfa að samþykka eða veita heimild sem er mikilvæg fyrir framkvæmd skilastefnunnar,
 - e) ráðgjafa sem þörf er á við framkvæmd skilastefnunnar,
- 7) niðurstöður á skilabærismati, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) hvort stofnunin eða samstæðan sé skilabær eða ekki,
 - b) samantekt á niðurstöðu félagsslitamats sem krafist er í a-lið 1. mgr. 23. gr.,
 - c) ítarlega lýsingu á hindrunum sem greinst hafa á skilabærni og á ráðstöfunum sem stofnunin eða samstæðan leggur til eða skilavaldið krefst til að taka á eða ryðja úr vegi þessum hindrunum,
 - d) magnbundið mat á breytingum á lágmarkskröfum fyrir hæfar skuldbindingar eða viðeigandi staðsetningu hæfra skuldbindinga sem krafist er til að ryðja úr vegi eða taka á hindrunum á skilabærni, að teknu tilliti til viðmiðana sem tilgreindar eru í 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og tilgreindar frekar í framseldu gerðunum sem samþykktar voru skv. 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 8) álit sem stofnunin eða samstæðan lætur í ljós í tengslum við skilaáætlunina.

II. ÞÁTTUR

Mat á skilabærni

23. gr.

Matsstig

1. Skilavöld skulu byggja mat á skilabærni á eftirfarandi stigum hvert á fætur öðru:
 - a) mati á hagkvæmni og trúverðugleika félagsslita stofnunar eða samstæðu samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð í samræmi við 24. gr.,
 - b) vali á ákjósanlegri skilastefnu fyrir mat í samræmi við 25. gr.,
 - c) mati á hagkvæmni valinnar skilastefnu í samræmi við 26.–31. gr.,
 - d) mati á trúverðugleika skilastefnu sem valin hefur verið í samræmi við 32. gr.
2. Þegar skilavald telur ljóst að stofnanir eða samstæður valdi svipaðri áhættu fyrir fjármálakerfið eða að aðstæðurnar, þar sem ólíklegt er að félagsslit þeirra séu hagkvæm, séu svipaðs eðlis, getur það framkvæmt mat á hagkvæmni og trúverðugleika félagsslita þessara stofnana eða samstæðna með svipuðum eða sama hætti.

Einkum má ákvarða tegundir stofnana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í j-lið 1. mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. Komist skilavald að þeirri niðurstöðu að ekki kunnist að vera gerlegt eða raunhæft að slíta stofnuninni eða samstæðunni við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð eða að skilaaðgerð gæti verið nauðsynleg fyrir almannahagsmuni vegna þess að slit samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð uppfylli ekki markmið skilameðferðar að sama marki, skal það tilgreina ákjósanlega skilastefnu sem er viðeigandi fyrir stofnunina eða samstæðuna á grundvelli upplýsinga, sem stofnunin eða samstæðan lætur í té skv. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og þeirra viðmiðana sem settar eru fram í þessari reglugerð. Skilavald skal, eftir því sem þurfa þykir, einnig greina ólík afbrigði af stefnunni til að takast á við aðstæður þar sem stefnan væri hvorki gerleg né raunhæf.
4. Mat á því hversu hagkvæm og trúverðug ákjósanlega skilastefnan er, skal fela í sér mat á afbrigðum af stefnum sem lagðar eru til sem hluti af þeirri stefnu.
5. Skilavöld skulu óska eftir þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið á ákjósanlegum stefnum og afbrigðum af þeim, frá stofnuninni eða samstæðunni í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
6. Skilavald skal, eftir því sem við á, endurskoða ákjósanlega skilastefnu eða taka til athugunar aðrar stefnur á grundvelli fullgerðs mats á því hve hagkvæm og trúverðug ákjósanlega skilastefnan er sem um getur í 4. mgr.
7. Skilavald skal, þegar það endurskoðar hina ákjósanlegu skilastefnu, meta hve hagkvæm og trúverðug sú endurskoðaða, ákjósanlega skilastefna er í samræmi við 26. og 27. gr.

24. gr.

Hagkvæmni og trúverðugleiki félagsslita samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð

1. Skilavöld skulu meta hagkvæmni og trúverðugleika félagsslita stofnunar eða samstæðu samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð og einnig áhrifin sem félagsslitin myndu hafa á þörf fyrir sérstakan opinberan fjárstuðning í samanburði við skilameðferðina.
2. Skilavöld skulu, þegar þau meta trúverðugleika félagsslita, taka til athugunar líkleg áhrif félagsslita stofnunar eða samstæðu á fjármálakerfi aðildarríkja eða Sambandsins til að tryggja áframhaldandi aðgang að nauðsynlegum starfsþáttum sem stofnunin eða

samstæðan starfrækir og ná markmiðum skilameðferðar í 31. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í þessi skyni skulu skilavöld taka tillit til starfseinnar sem stofnunin eða samstæðan inna af hendi og meta hvort líklegt sé að félagsslit hefðu mikil neikvæð áhrif á eitthvert af eftirfarandi atriðum:

- a) starfsemi fjármálamarkaðar og tiltrú á markaði,
- b) innviði fjármálamarkaða, einkum:
 - i. hvort skyndileg stöðvun á starfsemi gæti takmarkað eðlilega starfsemi innviða fjármálamarkaða á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á fjármálakerfið í heild sinni,
 - ii. hvort og að hve miklu leyti innviðir fjármálamarkaða gætu orðið smitleiðir í slitaferlinu,
- c) aðrar fjármálastofnanir, einkum:
 - i. hvort félagsslit myndu auka fjármögnunarkostnað annarra fjármálastofnana eða takmarka aðgang þeirra að fjármögnun þannig að ógnað gæti fjármálastöðugleika,
 - ii. hættuna á beinum eða óbeinum smitáhrifum og þjóðhagslegum afturverkunaráhrifum,
- d) raunhagkerfið, einkum aðgengi að mikilvægri fjármálaþjónustu.

3. Ef skilavald kemst að þeirri niðurstöðu að félagsslit séu trúverðug skal það meta hagkvæmni félagsslita.

4. Í þessu skyni skulu skilavöld taka til athugunar hvort kerfi stofnunarinnar eða samstæðunnar geti látið í té upplýsingarnar sem viðkomandi innstæðutryggingakerfi krefjast til að inna af hendi greiðslu til tryggðra innstæðna í fjárhæðum og innan tímarammans sem tilgreindur er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB⁽⁵⁾ eða, þar sem við á, í samræmi við innlánatryggingakerfi í jafngildu þriðja landi, þ.m.t. stöður í tryggðum innstæðum.

Skilavöld skulu einnig meta hvort stofnunin eða samstæðan hafi þá getu sem krafist er til að styðja aðgerðir innstæðutryggingakerfisins, einkum með því að greina á milli tryggðra og ótryggðra staða á innlánsreikningum.

25. gr.

Greining á skilastefnu

1. Skilavöld skulu meta hvort fyrirhuguð skilastefna sé viðeigandi til að ná markmiðum skilameðferðar með tilliti til stefnu og viðskiptalíkans stofnunarinnar eða samstæðunnar og skilameðferðarfyrrkomulagsins sem gildir um lögaðila í samstæðunni. Heimilt er að grípa til skilaáðgerðar í almannáþágu ef slíkt er nauðsynlegt til að ná einu eða fleiri skilamarkmiðanna og ef hún er í réttu hlutfalli við eitt eða fleiri þeirra og ef slit stofnunarinnar samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð myndi ekki samræmast þessum skilamarkmiðum í sama mæli.

2. Skilavöld skulu meta hvort frekar sé viðeigandi að beita stefnu á eininga- eða samstæðustigi, einkum fyrir samstæður.

3. Skilavöld skulu, í þessu skyni, taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) hvaða skilaúrræði yrðu notuð samkvæmt hinni ákjósanlegu skilastefnu og hvort þessi skilaúrræði séu tiltæk fyrir þá lögaðila sem fyrirhugað er að falli undir þau samkvæmt skilastefnunni,

b) fjárhæð fullgilda, hæfra skuldbindinga samkvæmt fyrirhugaðri skilastefnu, áhættuna af því að leggja ekki af mörkum til að mæta tapi eða endurfjármögnun, og þá lögaðila sem gefa út þessar fullgildu, hæfu skuldbindingar með tilliti til þess að:

i. líklegra sé að einingastig sé viðeigandi ef nægjanlega margar ytri útgefnar, hæfar skuldbindingar eða skuldbindingar sem búist

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

er við að leggja af mörkum til að mæta tapi eða til endurfjármögnunar samkvæmt fyrirhugaðri skilastefnu, eru gefnar út af efsta móðurfélagi eða eignarhaldsfélagi samstæðu,

- ii. líklegra er að samstæðustig sé viðeigandi ef hæfar skuldbindingar samstæðunnar eða skuldbindingar sem búist er við að leggja af mörkum til að mæta tapi eða endurfjármögnun samkvæmt fyrirhugaðri skilastefnu eru gefnar út af fleiri en einni einingu eða svæðisbundinni eða virkri undirsamstæðu í samstæðunni sem yrði slitið,
 - c) samningsbundið fyrirkomulag eða annað fyrirkomulag sem er til staðar til að yfirfæra tap á milli lögaðila í samstæðu,
 - d) rekstrarlega uppbyggingu og viðskiptalíkan stofnunarinnar eða samstæðunnar, einkum hvort hún sé að miklu leyti samþætt eða hafi sjálfstæðar einingar með miklum aðskilnaði milli ólíkra hluta stofnunarinnar eða samstæðunnar, að teknu tilliti til þess að:
 - i. líklegra er að einingastig sé viðeigandi ef samstæða starfar á afar samþætta hátt, þ.m.t. með því að hafa miðlæga lausafjórstjórnun, áhættustýringu, reiðufjórstjórnun eða upplýsingatækni og aðra mikilvæga almenna þjónustu,
 - ii. líklegra er að samstæðustig sé viðeigandi ef starfsemi samstæðunnar er skipt niður í tvo eða fleiri vel skilgreindar undirsamstæður sem hver um sig er fjárhagslega, lagalega eða rekstrarlega óháð öðrum hlutum samstæðunnar, og að mikilvægt rekstrarlegt hæði á öðrum hlutum samstæðunnar sé byggt á traustu fyrirkomulagi sem tryggji að starfsemin haldi áfram ef til skilameðferðar kemur,
 - e) hvort hægt sé að hrinda í framkvæmd þeim skilaúræðum sem yrði beitt, einkum í þriðju löndum,
 - f) hvort skilastefnan krefjist stuðningsaðgerða annarra yfirvalda, einkum í þriðju löndum, eða krefjist þess að yfirvöld þessi láti hjá líða að grípa til sjálfstæðra skilaaðgerða og hvort slíkar aðgerðir séu hagkvæmar og trúverðugar fyrir þessi yfirvöld.
4. Skilavöld skulu meta hvort afbrigði af skilastefnu séu nauðsynleg til að takast á við sviðsmyndir eða aðstæður þar sem ekki er hagkvæmt eða trúverðugt að framkvæma skilastefnuna.
5. Skilavöld skulu taka til athugunar að hvaða marki líklegt sé að hvert afbrigði stefnanna nái markmiðum skilameðferðarinnar og einkum tryggji að nauðsynlegir starfsþættir haldi áfram.

Aðeins skal framkvæma ráðstafanir til að fjarlægja hindranir á afbrigði skilastefnunnar ef þær skaða ekki hagkvæma og trúverðuga framkvæmd hinnar ákjósanlegu skilastefnu.

26. gr.

Mat á hagkvæmni skilastefnu

1. Skilavöld skulu meta hvort hagkvæmt sé að beita valinni skilastefnu á skilvirkan hátt innan viðeigandi tímaramma og greina hugsanlegar hindranir við framkvæmd hennar.
2. Skilavöld skulu meta hindranir fyrir því að koma á skammtímastöðugleika stofnunar eða samstæðu. Skilavöld skulu einnig meta fyrirsjáanlegar hindranir á endurskipulagningu starfsemi, sem krafist er skv. 52. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða sem af öðrum orsökum er líklegt að verði krafist ef skilastefnan miðar að því að endurreisa alla stofnunina eða samstæðuna þannig að hún verði rekstrarhæf til lengri tíma litið.
3. Flokka skal hindranir í a.m.k. eftirfarandi flokka:
 - a) skipulag og starfsemi,
 - b) fjármagn,
 - c) upplýsingar,

- d) mál sem ná yfir landamæri,
- e) lagaleg atriði.

27. gr.

Mat á hagkvæmni: skipulag og starfsemi

Skilavöld skulu a.m.k. meta eftirfarandi þætti við mat á því hvort hugsanlega séu hindranir á skilameðferð tengdar skipulagi og starfsemi stofnunarinnar eða samstæðunnar:

- 1) mál sem fjallað er um í tölulíðum 1–7, 16, 18 og 19 í C-þætti í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB,
- 2) hve háðar mikilvægar einingar og kjarnastarfsemi er innviðum, upplýsingatækni, fjármála- eða reiðufjárstjórnun, starfsfólki eða annarri mikilvægri sameiginlegri þjónustu,
- 3) hvort ráðstafanir vegna stjórnunarháttá, eftirlits og áhættustýringar séu í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi stofnunarinnar eða samstæðunnar,
- 4) hvort lagalegt form og skipulag sérleyfismála stofnunarinnar eða samstæðunnar sé í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi stofnunarinnar eða samstæðunnar,
- 5) hvort viðeigandi skilaúrræði séu tiltæk að því er varðar hvern lögaðila sem krafist er til að framkvæma skilastefnuna.

28. gr.

Mat á hagkvæmni: fjármagn

Skilavöld skulu a.m.k. meta eftirfarandi þætti við mat á því hvort hugsanlega séu hindranir á skilameðferð tengdar fjármagni:

- 1) mál sem fjallað er um í tölulíðum 13, 14, 15 og 17 í C-þætti í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB,
- 2) þörfina á að greina og magngreina fjárhæðir skuldbindinga sem líklegt er að samkvæmt hinni ákjósanlegu skilastefnu leggi ekkert af mörkum til að mæta tapi og endurfjármögnun, að teknu tilliti til eftirfarandi þátta hið minnsta:
 - i. binditíma,
 - ii. undirskipunarflokkunar,
 - iii. tegunda handhafa gerningsins eða yfirfærsluleika gerningsins,
 - iv. lagalegra hamla á getu til að taka á sig tap á borð við skort á viðurkenningu skilaúrræða samkvæmt erlendum lögum eða tilvist skuldajöfnunarréttinda,
 - v. annarra þátta sem skapa hættu á að skuldbindingar yrðu undanþegnar því að taka á sig tap í skilameðferð,
 - vi. fjárhæðar og útgáfulögaðila fullgildra, hæfra skuldbindinga og annarra skuldbindinga sem myndu taka á sig tap,
- 3) stærð fjármögnunarþarfar í aðdraganda skilameðferðar og meðan á henni stendur, aðgangur að fjármögnun og hindranir á yfirfærslu fjármuna eins og krafist er innan stofnunarinnar eða samstæðunnar,
- 4) hvort tiltekið sé viðeigandi fyrirkomulag til að flytja tap til lögaðila, sem myndu falla undir skilaúrræði, frá öðrum fyrirtækjum samstæðunnar, þ.m.t., þegar við á, viðeigandi mat á fjárhæðinni og getunni til að taka á sig tap með fjármögnun innan samstæðunnar.

29. gr.

Mat á hagkvæmni: upplýsingar

Skilavöld skulu meta a.m.k. eftirfarandi þætti við mat á því hvort hugsanlega séu hindranir á skilameðferð tengdar upplýsingum:

- 1) mál sem fjallað er um í tölulíðum 8–12 í C-þætti í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB,
- 2) getu stofnunar eða samstæðu til að veita upplýsingar um fjárhæð eignanna, sem búist er við að gætu verið notaðar sem veð vegna fyrirgreiðslu seðlabanka, og staðsetningu þeirra innan samstæðunnar,
- 3) getu stofnunar eða samstæðu til að veita upplýsingar í því skyni að framkvæma mat til að ákvarða fjárhæð nauðsynlegrar niðurfærslu eða endurfjármögnunar.

30. gr.

Mat á hagkvæmni: mál sem ná yfir landamæri

Skilavöld skulu meta a.m.k. eftirfarandi þætti við mat á því hvort hugsanlega séu hindranir á skilameðferð tengdar málum sem ná yfir landamæri:

- 1) mál sem fjallað er um í tölulíð 20 í C-þætti í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB,
- 2) hvort til staðar séu fullnægjandi ferlar til samræmingar og samskipta og til að veita fullvissu um aðgerðir sem grípa á til, milli yfirvalda í heima- og gistiríkjum, þ.m.t. þriðju löndum, til að gera kleift að framkvæma skilastefnuna,
- 3) hvort lög í viðeigandi lögsögum í heima- og gistiríkinu séu þyngri á metunum en samningsbundin uppsagnarréttindi í fjármálasamningum sem eru einungis leyst úr læðingi við greiðslubrot og skilameðferð hlutdeildarfélags.

31. gr.

Mat á hagkvæmni: aðrar hugsanlegar hindranir

Meta skal eftirfarandi lagaleg atriði við mat á hugsanlegum hindrunum á skilameðferð:

- 1) hvort hægt sé að uppfylla á réttum tíma kröfur um stjórnsýslusamþykki eða -heimildir nauðsynlegrar til að framkvæma skilastefnuna,
- 2) hvort mikilvæg samningsskjöl heimili uppsögn samnings þegar farið er í skilameðferð,
- 3) hvort samningsbundnar skuldbindingar, sem skilavaldið getur ekki vikið sér undan að beita, banni yfirfærslu eigna og/eða skuldbindinga sem stefnt er að í skilastefnunni.

32. gr.

Mat á trúverðuleika skilastefnu

1. Þegar hagkvæmni valinnar skilastefnu hefur verið metin skulu skilavöld meta trúverðuleika hennar og taka tillit til líklegra áhrifa skilameðferðar á fjármálakerfi og raunhagkerfi einstakra aðildarríkja eða Sambandsins, með það í huga að tryggja samfellu nauðsynlegra starfsþátta sem stofnunin eða samstæðan sinnir. Í matinu skal felast mat á þeim málum sem fjallað er um í tölulíðum 21–28 í C-þætti í viðaukanum við tilskipun 2014/59/ESB.

2. Skilavöld skulu, við framkvæmd á mati þessu, meta líkleg áhrif framkvæmdar skilastefnunnar á fjármálakerfi sérhvers aðildarríkis eða Sambandsins. Í þessi skyni skulu skilavöld taka tillit til starfseminnar sem stofnunin eða samstæðan inna af hendi og meta hvort líklegt sé að framkvæmd skilastefnunnar hafi mikil neikvæð áhrif á eitt af eftirfarandi atriðum:

- a) starfsemi fjármálamarkaðar, einkum tiltrú á markaði,
- b) innviði fjármálamarkaða, einkum:
 - i. hvort skyndileg stöðvun á starfsemi gæti takmarkað eðlilega starfsemi innviða fjármálamarkaða þannig að neikvæð áhrif á fjármálakerfið í heild sinni komi til,
 - ii. hvort og að hve miklu leyti innviðir fjármálamarkaða gætu orðið smitleiðir í slitaferlinu,
- c) aðrar fjármálastofnanir, einkum:
 - i. hvort félagslit myndu auka fjármögnunarkostnað annarra fjármálastofnana eða takmarka aðgang þeirra að fjármögnun þannig að ógnað gæti fjármálastöðugleika,
 - ii. hættuna á beinum eða óbeinum smitáhrifum og þjóðhagslegum afturverkunaráhrifum,
- d) raunhagkerfið, einkum aðgengi að fjármálaþjónustu.

III. KAFLI

FJÁRSTUÐNINGUR INNAN SAMSTÆÐU

33. gr.

Horfur á að ráða bót á fjárhagsvanda

1. Skilyrðið um að raunhæfar horfur skuli vera á að veittur stuðningur bæti verulega úr fjárhagsörðugleikum einingar samstæðunnar sem tekur við fjárstuðningi („viðtökueiningar“) telst uppfyllt þegar slíkar horfur á úrbótum styðjast við eftirfarandi þætti:
 - a) fjármagns- og lausafjárþörf viðtökueiningarinnar, sem fram kemur í lýsingu á fjármagns- og lausafjárstöðu viðtökueiningarinnar og spá um fjármagns- og lausafjárþörf hennar, er tryggð í nægjanlega langan tíma, að teknu tilliti til annars viðkomandi fjármagns sem gæti mætt þessum þörfum, tímamarkanna sem krafist er til að takast á við fjárhagsvandann og skilmála stuðningsins,
 - b) greiningu á fjárhagsstöðunni og á innri og ytri ástæðum fjárhagsvandans, einkum á viðskiptalíkaninu og áhættustýringu viðtökueiningarinnar, og á ætluðum markaðsaðstæðum í fortíð, nútíð og framtíð eru ekki í mótsögn við horfur á úrbótum,
 - c) aðgerðaáætlun sem lýsir ráðstöfunum til úrbóta fyrir fjárhagsstöðu viðtökueiningarinnar, þ.m.t. þegar nauðsynlegt er að endurskoða viðskiptalíkanið og áhættustýringuna,
 - d) undirliggjandi forsendur lýsinganna og spánna sem nefndar eru í a-, b- og c-lið eru í samhengi og sennilegar og taka tillit til erfðra skilyrða viðtökueiningarinnar, núverandi markaðsaðstæðna og hugsanlegrar skaðlegrar þróunar.
2. Við mat á skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald, sem um getur í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, taka tillit til upplýsinga og mats sem lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á viðtökueiningunni lætur í té.

34. gr.

Skilmálar stuðningsins

1. Skilmálarnir, þ.m.t. útreikningur uppbóta, fyrir því að láta í té fjárstuðning skulu teljast í samræmi við 7. mgr. 19. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:
 - a) skilmálarnir endurspeglar á fullnægjandi hátt:
 - i. vanskilááhættu viðtökueiningarinnar,
 - ii. forgang kröfunnar,
 - iii. vænt tap einingarinnar innan samstæðunnar sem lætur stuðninginn í té („veitingareining“), fari svo að vanskil viðtökueiningarinnar komi til,

- iv. þegar um er að ræða lán eða fyrirgreiðslur, binditímastig sem byggist á að viðtökueiningin veiti fullan aðgang að viðkomandi og uppfærðum upplýsingum og frekari upplýsingum sem veitingareiningin hefur aðgang að,
- b) skilmálarnir endurspeglu yftrustu hagsmuni veitingareiningarinnar, í samræmi við 7. mgr. 19. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og tengsl ávinnings, áhættu og kostnaðar sem tekið er tillit til þegar yftrustu hagsmunir eru ákvarðaðir, þ.m.t. beinn eða óbeinn ávinningur sem komið getur í hlut veitingareiningarinnar í kjölfar þess að hafa veitt fjárstuðning og ávinningur fyrir samstæðuna vegna þessarar veitingar fjár.

Að því er varðar iv. lið a-liðar þarf ekki að taka tillit til tímabundinna áhrifa á markaðsverð, sem koma til vegna atburða sem gerast og eru utan samstæðunnar, ef sennileg spá um markaðsaðstæður styður þá forsendu að umfang þessara áhrifa og tímalengd þeirra tefli ekki í tvísýnu getu viðtökueiningarinnar til að standa við allar skuldbindingar sínar þegar þær koma til greiðslu.

2. Byggja skal mat á aðstæðunum, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., á samanburðargreiningu á vanskilaáhættu viðtökueiningarinnar í hverju tilviki hvort sem stuðningurinn er veittur eða ekki.

Byggja skal greininguna á vanskilaáhættunni á þáttunum sem settir eru fram í 33. gr. Að því er varðar matið á tengslum ávinnings, áhættu og kostnaðar í hverju tilviki fyrir sig og samkvæmt ákvörðun lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á veitingareiningunni, hefur greining þessi ekki áhrif á skoðun frekari þátta sem veitingareiningin myndi hafa í huga við lánshæfismat þegar það ákveður að veita lán á grundvelli allra upplýsinga sem eru tiltækar veitingareiningunni.

3. Í mati þessu skal felast hugsanlegur skaði á sérleyfum, endurfjármögnun og orðspori og ávinningur af skilvirkri notkun og útskiptanleika fjármagns samstæðunnar og endurfjármögnunarskilyrðum.

Magngreina skal í fjárhæðum, að því marki sem hægt er, þann ávinning og kostnað sem tillit er tekið til við ákvörðun um yftrustu hagsmuni. Einnig skal magngreina afslátt sem veittur er viðtökueiningunni í samanburði við markaðsskilmála, þ.m.t. í tengslum við frádrag á veði og vöxtum.

4. Þegar yftrustu hagsmunir eru metnir, skal taka tillit til bindandi skuldbindinga í samningunum um fjárstuðning sem viðhalda forsendunum fyrir framtíðarviðskiptalíkani og áhættustýringu viðtökueiningarinnar.

5. Lögbært yfirvald skal taka tillit til upplýsinga og mats sem lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á viðtökueiningunni lætur í té.

35. gr.

Lausafé og greiðsluhæfi veitingareiningar

1. Veiting fjárstuðnings telst ekki stofna í hættu lausafjárstöðu eða greiðsluhæfi veitingareiningar, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í g-lið 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í kjölfar veitingar fjárstuðningsins, ef:

- a) búast má við með nokkurri vissu að eignir veitingareiningarinnar séu ætíð hærri en skuldir hennar,
- b) búast má við með nokkurri vissu að veitingareiningin uppfylli eftirfarandi:
- i. geti greitt allar skuldir sínar þegar þær koma á gjalddaga,
- ii. brjóti ekki í bága við kröfurnar um greiðsluhæfi og lausafjárstöðu, samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, á þann hátt að það gæti réttlætt að lögbæra yfirvaldið afturkallaði starfsleyfið.

2. Í matinu skal taka tillit til vanskilaáhættu viðtökueiningarinnar og taps veitingareiningarinnar sem hlýst af vanskilum viðtökueiningarinnar einnig með hliðsjón af hugsanlegri, skaðlegri þróun. Í matinu skal fara að viðkomandi varfærniskröfum í eðlilegri áhættustýringu veitingareiningarinnar.

36. gr.

Skilabærni veitingareiningarinnar

1. Veiting fjárstuðnings telst ekki grafa undan skilabærni veitingareiningarinnar ef veiting fjárstuðningsins gerir ekki framkvæmd skilastefnu veitingareiningarinnar, eins og hún er sett fram í skilaáætluninni, síður hagkvæma og síður trúverðuga í samræmi við matið

skv. 15. og 16. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Í matinu skal einkum taka tillit til áhrifa veitingar fjárstuðningsins á:

- a) að hugsanlega sé tapi mætt innan samstæðunnar eftir að skilyrði skilameðferðar hafa verið uppfyllt,
- b) samtengingar veitingareiningarinnar við viðtökueininguna,
- c) smithættu innan samstæðunnar,
- d) það að veiting fjárstuðningsins geri samstæðuna flóknari,
- e) fjármagns- og lausafjárstöðu veitingareiningarinnar.

2. Ef veitingareiningarnar hafa ekki fengið nægjanlegar upplýsingar um ákjósanlega skilastefnu, skulu þær framkvæma matið sem um getur í 1. mgr. á grundvelli þeirra upplýsinga um skilaáætlunina sem þær hafa aðgang að.

3. Lögbær yfirvöld og skilavöld sem bera ábyrgð á veitingareiningunni skulu starfa náið saman við að ákvarða hvaða áhrif verða af fjárstuðningi samstæðunnar á skilabærni veitingareiningarinnar.

IV. KAFLI

ÓHÆÐI MATSADILA

37. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- 1) „tilnefningaryfirvald“: lögaðili eða einstaklingur sem ber ábyrgð á að velja og tilnefna óháðan matsaðila í þeim tilgangi að framkvæma matið sem um getur í 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 74. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 2) „viðkomandi eining“: stofnun eða eining sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB með eignir eða skuldir sem á að meta skv. 36. eða 74. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 3) „viðkomandi opinber yfirvöld“: tilnefningaryfirvald, skilavald eða yfirvöldin sem um getur í a- til h-lið 2. mgr. 83. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og fyrsta yfirvaldið sem um getur í i-lið 2. mgr. 83. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

38. gr.

Þættir óhæðis

Heimilt er að tilnefna lögaðila eða einstakling sem matsaðila. Matsaðilinn skal teljast óháður viðkomandi opinberum yfirvöldum og viðkomandi einingu að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- 1) matsaðilinn býr yfir nauðsynlegri menntun og hæfi, reynslu, getu, þekkingu og tilföngum og getur framkvæmt matið á skilvirkan hátt og reiðir sig ekki um of á viðkomandi opinber yfirvöld eða viðkomandi einingu í samræmi við 39. gr.,
- 2) matsaðilinn er lagalega aðskilinn frá viðkomandi opinberum yfirvöldum og viðkomandi einingu í samræmi við 40. gr.,
- 3) matsaðilinn hefur enga verulega sameiginlega hagsmuni eða hagsmunaárekstra í skilningi 41. gr.

39. gr.

Menntun og hæfi, reynsla, geta, þekking og tilföng

1. Óháður matsaðili skal búa yfir nauðsynlegri menntun og hæfi, reynslu, getu og þekkingu í öllum málum sem tilnefningaryfirvaldið telur skipta máli.
2. Óháður matsaðili skal hafa, eða hafa aðgang að, mannauði og tækjabúnaði sem tilnefningaryfirvaldið telur viðeigandi til að framkvæma matsgerðina. Við mat á því hvort tilföngin séu fullnægjandi skal taka tillit til eðlis og stærðar matsins sem á að framkvæma og þess hve flókið það er.
3. Óháður matsaðili skal ekki, í tengslum við framkvæmd matsgerðarinnar:
 - a) leita eftir eða taka við leiðbeiningum eða leiðsögn frá neinu viðkomandi opinberu yfirvaldi eða viðkomandi einingu,
 - b) leita eftir eða taka við fjárhagslegri eða annars konar umbun frá neinu viðkomandi opinberu yfirvaldi eða viðkomandi einingu.
4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir:
 - a) að veitt séu fyrirmæli, leiðbeiningar, húsnaði, tæknibúnaður eða annars konar stuðningur þegar það telst nauðsynlegt til að ná markmiðum matsins að mati tilnefningaryfirvaldsins eða annars yfirvalds sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki,
 - b) að óháði matsaðilinn fái sanngjarna þóknun og endurgreiðslu vegna útgjalda í tengslum við framkvæmd matsins.

40. gr.

Skipulagsleg aðgreining

1. Óháður matsaðili skal vera aðgreindur frá viðeigandi opinberu yfirvaldi, þ.m.t. skilavaldinu, og viðkomandi einingu.
2. Að því er varðar 1. lið gilda eftirfarandi kröfur:
 - a) hvað einstaklinga varðar skal óháði matsaðilinn hvorki vera starfsmaður né verktaki neins viðkomandi yfirvalds eða viðkomandi einingar,
 - b) hvað lögaðila varðar skal óháði matsaðilinn ekki tilheyra sömu samstæðu fyrirtækja og viðkomandi opinbert yfirvald eða viðkomandi eining.

41. gr.

Verulegir sameiginlegir hagsmunir eða hagsmunaárekstrar

1. Óháður matsaðili skal hvorki eiga verulega, eiginlega eða hugsanlega hagsmuni sameiginlega né hagsmunaárekstra við viðkomandi opinbert yfirvald eða viðkomandi einingu.
2. Að því er varðar 1. mgr. skulu eiginlegir eða hugsanlegir hagsmunir teljast verulegir þegar, að mati tilnefningararyfirvalds eða annars yfirvalds sem kann að hafa valdheimildir til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki, þeir gætu haft áhrif á eða líklegt megi telja að þeir hefðu áhrif á dómgreind óháða matsaðilans þegar hann framkvæmir matið.
3. Að því er varðar 1. mgr. skulu sameiginlegir hagsmunir eða hagsmunaárekstrar við a.m.k. eftirfarandi aðila skipta máli:
 - a) framkvæmdastjórn og aðila stjórnar viðkomandi einingar,

- b) lögaðila eða einstaklinga sem stjórna eða hafa virkan eignarhlut í viðkomandi einingu,
 - c) lánardrottna sem tilnefningaryfirvaldið, eða annað yfirvald sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki, greinir sem mikilvæga á grundvelli upplýsinga sem tiltækar eru tilnefningaryfirvaldinu eða slíku, öðru yfirvaldi sem gæti haft valdheimild til að framkvæma þetta verkefni í hlutaðeigandi aðildarríki,
 - d) sérhverja einingu innan samstæðu.
4. Að því er varðar 1. mgr. skulu a.m.k. eftirfarandi þættir skipta máli:
- a) hvort óháði matsaðilinn hafi veitt viðkomandi einingu eða aðila, sem um getur í 3. mgr., þjónustu, þ.m.t. áður fyrr, einkum tengslin milli þessarar þjónustu og þátta sem skipta máli fyrir matið,
 - b) persónuleg og fjárhagsleg tengsl milli óháða matsaðilans og viðkomandi einingar og aðilanna sem um getur í 3. mgr.,
 - c) fjárfestingar eða aðrir meiri háttar fjárhagslegir hagsmunir óháða matsaðilans,
 - d) skipulagsleg aðgreining eða önnur tilhögun sem koma skal á til að takast á við ógnanir við óhæði í tengslum við lögaðila, á borð við eigin athuganir, eigin hagsmuni, hlutdrægni, traust eða hótun, þ.m.t. tilhögun til að greina milli þeirra starfsmanna sem geta verið viðriðnir matið og annarra starfsmanna.
5. Með fyrirvara um 3. og 4. mgr., skal aðili teljast eiga verulega, eiginlega hagsmuni sameiginlega með viðkomandi einingu eða hagsmunaárekstra við hana þegar óháði matsaðilinn hefur, árið áður en hæfi einstaklingsins til að koma fram sem óháður matsaðili er metið, lokið lögboðinni endurskoðun á viðkomandi einingu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB⁽⁶⁾.
6. Allir sem koma til greina í stöðu óháðs matsaðila eða eru tilnefndir til stöðu óháðs matsaðila skulu:
- a) fylgja, í samræmi við viðeigandi siðareglur og fagstaðla, stefnum og málsmeðferðarreglum til að greina eiginlega eða hugsanlega hagsmuni sem geta talist samsvara verulegum hagsmunum í samræmi við 2. mgr.,
 - b) tilkynna tilnefningaryfirvaldinu, eða öðru yfirvaldi sem kann að hafa valdheimild til að framkvæma verkefnið sem um getur í 2. mgr. í hlutaðeigandi aðildarríki, tafarlaust um eiginlega eða hugsanlega hagsmuni sem óháði matsaðilinn telur að geti, að mati yfirvaldsins talist samsvara verulegum hagsmunum í samræmi við 2. mgr.,
 - c) grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ekkert af starfsfólkinu eða öðrum einstaklingum sem taka þátt í framkvæmd matsins hafi hagsmuna að gæta af því tagi sem um getur í 2. mgr.

V. KAFLI

SKILAMEDFERÐ

I. ÞÁTTUR

Sammingsbundin viðurkenning og umbreytingarheimildir

42. gr.

Skilgreiningar

Í þessum 1. þætti V. kafla er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- 1), „verulegar breytingar“: breytingar í tengslum við viðeigandi samning, eins og hann er skilgreindur í 2. lið þessarar greinar, sem er gerður fyrir gildistökudag innlendra ákvæða sem sett voru með 5. þætti IV. kafla í IV. bálki tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. sjálfkrafa breyting sem gerð er eftir þá dagsetningu og hefur áhrif á efnisleg réttindi og skuldbindingar aðila að viðeigandi samningi; breytingar sem hafa ekki áhrif á efnisleg réttindi og skuldbindingar aðila að viðeigandi samningi eru m.a. breytingar á samskiptaupplýsingum undirritunaraðila eða viðtakanda fyrir birtingu skjala, lagfæringar til að leiðrétta prentvillur í drögum eða sjálfkrafa breytingar á vöxtum,

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga (Stjtið. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).

- 2) „viðeigandi samningur“: samningur, þ.m.t. skilmálar fjármagnsgernings, sem stofnar til skuldbindingar sem fellur undir 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

43. gr.

Skuldbindingar sem falla undir undanþágu frá skyldunni um að innihalda samningsskilmálana sem um getur í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB

1. Ekki skal telja tryggða skuldbindingu sem undanskilda skuldbindingu, að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er, á þeim tíma þegar stofnað er til hennar:

- a) ekki tryggð að fullu,
- b) tryggð að fullu en fellur undir samningsskilmála sem skuldbinda ekki skuldarann til að viðhalda skuldbindingunni veðtryggðri til fulls á varanlegum grunni í samræmi við kröfur samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í lögum Sambandsins eða lögum þriðju landa sem hafa áhrif er má telja jafngild lögum Sambandsins.

2. Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu skuldbindingar sem gefnar eru út eða stofnað er til eftir gildistöku dag ákvæðanna sem aðildarríkin samþykkja til að lögleiða 5. þátt IV. kafla í IV. bóls tilskipunar 2014/59/ESB í aðildarríki, samanstanda af:

- a) skuldbindingum sem stofnað er til eftir þá dagsetningu, án tillits til þess hvort stofnað var til þeirra samkvæmt viðeigandi samningum sem gerðir voru fyrir þá dagsetningu, þ.m.t. samkvæmt aðalsamningum eða rammasamningum milli samningsaðila sem ráða yfir mörgum skuldbindingum,
- b) skuldbindingum sem stofnað er til fyrir eða eftir þá dagsetningu samkvæmt viðeigandi samningum sem gerðir voru fyrir þá dagsetningu og falla undir verulegar breytingar,
- c) skuldbindingum samkvæmt skuldagerningum sem gefnir eru út eftir þá dagsetningu,
- d) skuldbindingum samkvæmt skuldagerningum sem gefnir voru út fyrir eða eftir þá dagsetningu samkvæmt viðeigandi samningum sem gerðir voru fyrir þá dagsetningu og falla undir verulegar breytingar.

3. Skilavald skal, að því er varðar aðra undirgrein 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ákvarða að krafan um að innihalda samningsskilmála í viðeigandi samningi skuli ekki gilda þegar það fellst á að lög í hlutaðeigandi þriðja landi eða bindandi samningur, sem gerður var við þriðja land, kveði á um stjórnslu- eða dómsmeðferð sem:

- a) að beiðni skilavalds, eða að frumkvæði stjórnslustofnunar eða dómsyfirvalda í þriðja landi, þar sem lögin eru sem gilda um skuldbindinguna eða gerninginn, gerir slíkri stjórnslustofnun, eða dómsyfirvaldi í þriðja landi sem hefur tilhlýðilegar valdheimildir, kleift, innan tímamarka sem skilavaldið ákvarðar að muni ekki ekki tefla í tvísýnu skilvirkri beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda þess yfirvalds, að gera annað af eftirfarandi:
 - i. viðurkenna og koma í framkvæmd beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda af hálfu skilavalds,
 - ii. styðja framkvæmd niðurfærslu- og umbreytingarheimilda af hálfu skilavalds með beitingu viðkomandi heimilda,
- b) kveður á um að forsendur, sem stjórnslustofnun eða dómsvald í þriðja landi geta haft fyrir því að neita að viðurkenna eða styðja beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda, samkvæmt a-lið, séu greinilega tilgreindar og takmarkaðar við eitt eða fleiri af eftirfarandi undantekningartilvikum:
 - i. viðurkenning á eða stuðningur við beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda af hálfu skilavalds hefði skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika í hlutaðeigandi þriðja landi,
 - ii. viðurkenning á eða stuðningur við niðurfærslu- og umbreytingarheimild af hálfu skilavalds myndi leiða til þess að lánardrottinnar í þriðja landi, einkum innstæðueigendur sem eru staðsettir og eiga að fá greiðslu í þessu þriðja ríki, fái óhagstæðari meðferð en lánardrottinnar, og innstæðueigendur sem eru staðsettir og eiga að fá greiðslu í Sambandinu, og eru með svipuð réttindi samkvæmt gildandi lögum Sambandsins,
 - iii. viðurkenning eða stuðningur myndi hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir hlutaðeigandi þriðja land,
 - iv. viðurkenning á eða stuðningur við beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda af hálfu skilavalds myndi hafa áhrif sem brytu í bága við allsherjarreglu í hlutaðeigandi þriðja landi.

4. Skilavaldið skal, að því er varðar beitingu annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, meta hvort forsendurnar, sem um getur í b-lið 3. mgr., myndu koma í veg fyrir viðurkenningu á og stuðningi við beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimildanna í einhverjum aðstæðum þar sem slíkum valdheimildum er beitt.

44. gr.

Inntak samningsskilmálanna sem krafist er í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB

Samningsskilmálar í viðkomandi samningi skulu innihalda eftirfarandi:

- 1) staðfestingu og samþykki mótaðila stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, á að skuldbindingar kunni að falla undir beitingu skilavalds á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum,
- 2) lýsingu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum sérhvers skilavalds í samræmi við innlend lög sem lögleiða 5. þátt IV. kafla í IV. bóka tilskipunar 2014/59/ESB eða, eftir atvikum, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽⁷⁾, einkum valdheimildirnar sem settar eru fram í e-, f-, g- og j-lið 1. mgr. 63. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 3) staðfestingu og samþykki mótaðila stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB:
 - a) um að hún sé bundin af áhrifum beitingar valdheimildanna sem um getur í b-lið, þ.m.t.:
 - i. á lækun á höfuðstólum eða útistandandi fjárhæð til greiðslu, þ.m.t. uppsöfnuðum en ógreiddum vöxtum, að því er varðar skuldbindingu stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/2014 samkvæmt viðkomandi samningi,
 - ii. á umbreytingu þeirrar skuldbindingar yfir í almenn hlutabréf eða aðra eignarhaldsgerninga,
 - b) um að skilmálar viðkomandi samnings geti verið eins fjölbreyttir og nauðsynlegt er til að koma beitingu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum skilavalds í framkvæmd og slíkar breytingar verði bindandi fyrir mótaðila stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) að almenn hlutabréf eða eignarhaldsgerninga megi gefa út til eða veita mótaðila stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að lokinni beitingu niðurfærslu- og umbreytingarheimilda,
- 4) staðfestingu og samþykki mótaðila stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, á því að samningsskilmálarnir séu tæmandi fyrir þau mál sem lýst er í þeim og útiloki aðra samninga, fyrirkomulag eða samkomulag milli mótaðila að því er varðar efni viðeigandi samnings.

II. ÞÁTTUR

Tilkynningar og tilkynning um frestun

45. gr.

Almennar kröfur um tilkynningar

- 1) Tilkynningar, sem lagðar eru fram skv. 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 83. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu vera skriflegar og afhentar á rafrænan hátt sem er bæði fullnægjandi og öruggur.
- 2) Viðeigandi yfirvöld, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og 2. mgr. 83. gr., skulu gefa upp samskiptaupplýsingar fyrir afhendingu tilkynningar og gera þær aðgengilegar öllum.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinn verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilafjós og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjóð. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

3) Sendandanum er heimilt, áður en hann sendir tilkynningu, að hafa samband munnlega við viðeigandi yfirvöld, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, til að láta þau vita að afhending tilkynningar standi fyrir dyrum.

4) Að því er varðar tilkynningar sem um getur í a-, b-, c-, d-, h- og j-lið 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og a-, b-, f- og h-lið 2. mgr. 83. gr. hennar, skulu lögbær yfirvöld og skilavöld nota sameiginlegt tungumál í samstarfi sínu með eftirlitsaðila á samstæðugrunni og skilavaldi á samstæðustigi.

5) Viðeigandi yfirvöld, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og 2. mgr. 83. gr. hennar, skulu staðfesta móttöku tilkynningarinnar við sendanda og tilgreina dagsetningu og tíma á móttöku eins og viðtakandinn skráði hana og samskiptaupplýsingar starfsfólksins sem meðhöndlar tilkynninguna.

46. gr.

Tilkynning stjórnarinnar til lögbærs yfirvalds

1) Tilkynningarnar sem stjórn stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sendir til lögbærs yfirvalds skulu innihalda:

- a) heiti, pósthfang skráðrar skrifstofu og, ef það liggur fyrir, kennimerki lögaðila stofnunarinnar eða einingarinnar sem sendir tilkynninguna,
- b) heiti og pósthfang skráðrar skrifstofu næsta og endanlegs móðurfélags þeirrar stofnunar eða einingar, ef við á,
- c) viðeigandi upplýsingar og greiningar sem stjórnin hafði til hliðsjónar þegar hún framkvæmdi matið til að ákvarða um hvort skilyrðin í 4. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hafi verið uppfyllt,
- d) afrit skriflegrar samþykktar stjórnarinnar þar sem hún staðfestir það mat sitt að stofnunin eða einingin stefni í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún verði gjaldþrota,
- e) allar viðbótarupplýsingar sem stjórnin telur skipta máli fyrir mat hennar.

2) Skv. 1. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal senda tilkynninguna tafarlaust til lögbærs yfirvalds í kjölfar þeirrar ákvörðunar stjórnarinnar að stofnunin eða einingin, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilkynningar, stefni í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún geri það.

47. gr.

Samskipti lögbærs yfirvalds við skilavald um móttöknu tilkynninguna

Lögbært yfirvald skal, við móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 46. gr., tafarlaust senda skilavaldinu eftirfarandi upplýsingar:

- 1) afrit af hinni móttöknu tilkynningu, þ.m.t. allar upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 46. gr.,
- 2) ítarlegar upplýsingar um fyrirbyggjandi ráðstafanir eða aðgerðir sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem lögbæra yfirvaldið hefur gripið til eða krefst að stofnunin eða einingin, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, gripi til, ef við á,
- 3) öll viðbótarfylgiskjöl sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynleg til að skilavaldið geti tekið upplýsta ákvörðun.

48. gr.

Tilkynning um mat á því hvort stofnun uppfylli skilyrðin fyrir skilameðferð sem koma fram í a- og b-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB

1. Tilkynning lögbærs yfirvalds eða skilavalds, að því er varðar 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal innihalda:
 - a) heiti stofnunarinnar eða einingarinnar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og tilkynningin varðar,
 - b) upplýsingarnar sem koma fram í a- og b-lið 1. mgr. 46. gr.,
 - c) samantekt á matinu sem krafist er í a- og b-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Tilkynningin skal gefin tafarlaust út í kjölfar ákvörðunar um að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hafi verið uppfyllt.
3. Lögbæra yfirvaldið skal án tafar láta skilavaldinu í té allar viðbótarupplýsingar sem skilavaldið óskar eftir til að byggja matið á.

49. gr.

Tilkynning

1. Tilkynningin, sem um getur í 4. mgr. 83. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og skilavaldið á að birta, skal innihalda:
 - a) heiti, pósthfang skráðrar skrifstofu og, ef það liggur fyrir, kennimerki lögaðila stofnunarinnar eða einingarinnar í skilameðferð sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - b) heiti og pósthfang skráðrar skrifstofu næsta og endanlegs móðurfélags þeirrar stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef við á,
 - c) skrá yfir heiti annarra samstæðueininga og tengdra útibúa sem skilaaðgerðir hafa áhrif á, þ.m.t., að því marki sem unnt er, upplýsingar um útibú í þriðju löndum,
 - d) samantekt um viðeigandi skilaaðgerðir sem gripið hefur verið til, dagsetningar þegar þessar skilaaðgerðir öðlast gildi og einkum áhrif þeirra á almenna viðskiptavinum og sem inniheldur eftirfarandi:
 - i. upplýsingar um aðgang að innstæðum, samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB um innstæðutryggingakerfi, í stofnuninni sem skilaaðgerðin hefur áhrif á,
 - ii. upplýsingar um aðgang að eignum eða fjármunum annarra viðskiptavina, í skilningi e-liðar 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. hjá stofnuninni sem skilaaðgerðin hefur áhrif á,
 - iii. upplýsingar um samningsbundna greiðslu eða afhendingarskuldbindingu sem er frestað skv. 69. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. hvenær frestunartímabilið hefst og hvenær því lýkur, eftir atvikum,
 - iv. upplýsingar um tryggða lánardrottna stofnunarinnar eða einingarinnar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og er í skilameðferð, sem sæta takmörkunum á framfylgd í tengslum við tryggingar, þ.m.t. hvenær takmörkunartímabilið hefst og hvenær því lýkur í samræmi við 70. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eftir atvikum,
 - v. upplýsingar um samningsbundna aðila sem verða fyrir áhrifum af tímabundinni frestun á uppsagnarréttindum, þ.m.t. hvenær frestunartímabilið hefst og hvenær því lýkur skv. 71. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eftir atvikum,
 - e) staðfestingu á reglubundnum framgangi samningsbundinna skuldbindinga, þ.m.t. endurgreiðsluáætlana, sem falla ekki undir frestanir skv. 69., 70. og 71. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - f) tengilið innan stofnunarinnar þar sem viðskiptavinir og lánardrottnar geta leitað frekari upplýsinga og uppfærslu um stofnunina eða eininguna sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og starfsemi hennar.
2. Birta skal tilkynninguna eins fljótt og raunhæft er í kjölfar þess að gripið hefur verið til skilaaðgerðar.

VI. KAFLI

SKILARÁÐ

I. ÞÁTTUR

Starfræksla skilaráða

50. gr.

Kortlagning og greining á aðilum skilaráða og hugsanlegum áheyrnarfulltrúum

1. Í því skyni að greina aðila og hugsanlega áheyrnarfulltrúa að skilaráðinu, skal skilavald á samstæðustigi ráðast í kortlagningu á einingum samstæðu, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, með tilliti til kortlagningar þeirrar samstæðu af hálfu eftirlitsaðila á samstæðugrunni í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 ⁽⁸⁾ og 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/99 ⁽⁹⁾.
2. Þegar kortlagningunni sem um getur í 1. mgr. er lokið skal skilavald á samstæðustigi, deila skránni yfir aðila og hugsanlega áheyrnarfulltrúa í skilaráðinu.
3. Skilavald á samstæðustigi skal endurskoða og uppfæra kortlagninguna á einingum samstæðu og skrána yfir aðila og hugsanlega áheyrnarfulltrúa a.m.k. árlega. Það skal einnig endurskoða og uppfæra kortlagninguna og skrána yfir aðila og hugsanlega áheyrnarfulltrúa í kjölfar verulegra breytinga á lagalegu formi eða stjórnskipulagi samstæðunnar eða starfsemi hennar.
4. Við mat á því hvort koma eigi á fót skilaráðum í samræmi við 6. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal skilavald á samstæðustigi einnig taka til athugunar hvort hin samstæðan eða ráðið starfi í samræmi við þessa reglugerð.

51. gr.

Skilavöld í þriðju löndum sem áheyrnarfulltrúar í skilaráðinu

1. Þegar skilavald á samstæðustigi tekur við viðeigandi beiðni frá skilavaldi í þriðja landi, eins og um getur í 3. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal það koma beiðninni áfram til skilaráðsins.
2. Eftirfarandi skal fylgja sendri beiðni:
 - a) álit skilavalds á samstæðustigi, einnig með hliðsjón af b-lið, um jafngildi trúnaðarkvaðar og þagnarskyldu sem gildir um umsækjanda um sæti áheyrnarfulltrúa,
 - b) skilyrði og skilmálar fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa í skilaráðinu sem eiga að koma fram í skriflegu fyrirkomulagi og verklagsreglum sem skilavald á samstæðustigi leggur til,
 - c) skoðun skilavalds á samstæðustigi á mikilvægi viðkomandi útibús ef umsækjandinn er skilavald útibús í þriðja landi,

⁽⁸⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 frá 16. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsaðila sem tilgreina almenn skilyrði fyrir starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 2).

⁽⁹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/99 frá 16. október 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 21).

d) ákvörðun tímamarka þar sem gert er ráð fyrir samþykki þegar þau renna út: innan sömu tímamarka er deiluaðila í skilaráði, sem um getur í b-, c- eða d-lið 2. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, heimilt að láta í ljós rökstudd andmæli sín við álit skilavalds á samstæðustigi sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.

3. Ef andmæli eru lätin í ljós skal skilavald á samstæðustigi taka tillit til þeirra áður en það tekur endanlega ákvörðun sína. Því er einnig heimilt, í þessu skyni, að krefjast skilmerkilegra skoðana aðila ráðsins, sem um getur í b-, c- eða d-lið 2. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og taka tillit til meirihluta skoðana þeirra.

4. Þegar skilavald á samstæðustigi tekur ákvörðun um að bjóða skilavaldi þriðja lands skal það senda boð til umsækjandans um sæti áheyrnarfulltrúa. Skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku sem áheyrnarfulltrúi sem sett eru fram í skriflega fyrirkomulaginu skulu fylgja boðinu. Umsækjandi sem fær boðið skal teljast áheyrnarfulltrúi er hann hefur samþykkt boðið og skal þá talist hafa samþykkt skilmálana og skilyrðin fyrir þátttöku.

5. Í kjölfar samþykkis skal skilavald á samstæðustigi senda uppfærða útgáfu af kortlagningunni sem um getur í 50. gr. til skilaráðsins.

52. gr.

Samskipti við móðurfélag í Sambandinu

1. Skilavald á samstæðustigi skal tryggja reglulegt samspil og samvinnu við móðurfélagið í Sambandinu til að auka skilvirka og árangursríka starfsemi skilaráðsins.

2. Skilavald á samstæðustigi skal láta móðurfélagið í Sambandinu vita af stofnun skilaráðsins og afhenda því skrá yfir aðila þess og áheyrnarfulltrúa, sem og þegar breytingar kunna að verða á aðilum og áheyrnarfulltrúum skilaráðsins.

53. gr.

Stofnun og uppfærsla tengiliðaskráa

1. Skilavald á samstæðustigi skal viðhalda og deila með aðilum og áheyrnarfulltrúum skilaráðsins samskiptaupplýsingum um tilnefnda einstaklinga frá hverjum aðila og áheyrnarfulltrúa að því er varðar framkvæmd á verkefnum skilaráðsins.

Samskiptaupplýsingarnar ættu einnig að innihalda samskiptaupplýsingar utan vinnutíma sem nota á ef upp kemur neyðarástand og einkum í því skyni að ákveða þörf á að koma á fót og samþykkja skilafyrirkomulag samstæðu.

2. Skilavald á samstæðustigi skal tryggja að það fái í hendur, frá öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum skilaráðsins, samskiptaupplýsingar um viðkomandi tengiliði og að því verði tilkynnt tafarlaust um allar viðkomandi breytingar.

54. gr.

Þættir í skriflegu fyrirkomulagi og málsmeðferðarreglum vegna starfssviðs skilaráða

1. Í skriflega fyrirkomulaginu og málsmeðferðarreglunum skv. a-lið 5. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu a.m.k. felast eftirfarandi þættir:

a) lýsing á samstæðunni, móðurfélaginu í Sambandinu, dótturfélögunum og mikilvægum útibúum,

b) auðkenning á aðilum og áheyrnarfulltrúum ráðsins,

- c) Lýsing á almennum römmum skilaráðsins fyrir samvinnu milli yfirvalda og samræmingu á starfsemi og verkefnum.
2. Í almennum ramma fyrir samvinnu og samræmingu skulu felast öll eftirfarandi atriði:
- a) Lýsing á ólíkum undirhópum skilaráða vegna framkvæmdar mismunandi verkefna, ef við á. Skilavald á samstæðustigi skal, í því skyni og einkum að því er það varðar þá aðila í ráðinu sem taka sameiginlegar ákvarðanir, taka til athugunar þörfina á að skipuleggja skilaráð í ýmsum undirhópum,
 - b) auðkenning á aðilum og áheyrnarfulltrúum skilaráðsins sem taka þátt í tiltekinni starfsemi ráðsins. Í því skyni skal skilavald á samstæðustigi tryggja að ýmsir undirhópar ráðanna, þ.m.t. undirhópar sem áheyrnarfulltrúar sitja í, leiði ekki til þess að haldið verði aftur af eða brotið í bága við ferli sameiginlegrar ákvörðunartöku að því er varðar þá aðila ráðsins sem þurfa að taka þátt í sameiginlegum ákvörðunum í samræmi við viðkomandi ákvæði tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) Lýsing á ramma, skilmálum og skilyrðum fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúanna í skilaráðinu, þ.m.t. skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku þeirra í margs konar viðræðum og ferlum í ráðinu og einnig réttindi og skyldur að því er varðar upplýsingaskipti með hliðsjón af 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Skilavald á samstæðustigi skal tryggja að almennur rammur, skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúans séu ekki hagstæðari en ramminn, skilmálaramir og skilyrðin sem sett eru um aðila ráðsins í samræmi við þessa reglugerð og viðeigandi skriflegt fyrirkomulag hins tiltekna ráðs,
 - d) Lýsing á tilhögun samvinnu og samræmingar í neyðarástandi, einkum kerfislegs eðlis, sem kann að ógna rekstrarhæfi einhverra af einingum samstæðunnar,
 - e) Lýsing á ferlunum sem fylgja þarf þegar ekki er þörf á sameiginlegri ákvörðun en þörf virðist vera á að komast að sameiginlegu samkomulagi innan skilaráðsins eða undirhópa þess,
 - f) Lýsing á tilhögun við upplýsingaskipti, þ.m.t. viðeigandi umfangi þeirra, tíðni og samskiptaleiðum með hliðsjón af 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og hlutverki skilavalds á samstæðustigi sem samræmingaraðila fyrir öflun og miðlun upplýsinga meðal aðila og áheyrnarfulltrúa ráðsins,
 - g) Lýsing á viðeigandi upplýsingum sem deila skal með aðilum og áheyrnarfulltrúum skilaráðanna, einkum í tengslum við gerð áætlana um skilameðferð, skilabærnismat og önnur verkefni sem um getur í 1. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, einnig með hliðsjón af 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og hlutverki skilavalds á samstæðustigi,
 - h) Lýsing á fyrirkomulagi um meðhöndlun trúnaðarupplýsinga með hliðsjón af 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - i) Lýsing á verklagsreglum við að halda reglulega og sérstaka fundi,
 - j) Lýsing á aðferðinni við að samræma framlagið sem skilavöldin eiga að láta samstarfshópi eftirlitsaðila eða eftirlitsaðila á samstæðugrunni í té á sjálfstæðan hátt, þegar löggjöf krefst þess eða að eigin frumkvæði,
 - k) Lýsing á aðferðinni við að miðla framlaginu sem um getur í j-lið, einkum lýsing á viðkomandi hlutverki skilavalds á samstæðustigi við að miðla þessu framlagi til eftirlitsaðilans á samstæðugrunni,
 - l) Lýsing á stefnu um samskipti við eftirlitsaðilann á samstæðugrunni, lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum, móðurfélagið í Sambandinu og einingarnar innan samstæðunnar sem um getur í 58. gr.,
 - m) aðrir samningar varðandi starfssvið skilaráðanna og
 - n) ákvæði sem ná yfir fyrirkomulag við að leggja rekstur af.

55. gr.

Stofnun og uppfærsla á skriflegu fyrirkomulagi og málsmeðferðarreglum vegna starfssviðs skilaráða

1. Skilavald á samstæðustigi skal undirbúa tillögu sína að skriflegu fyrirkomulagi og málsmeðferðarreglum vegna starfssviðs skilaráðsins í samræmi við 54. gr.
2. Skilavald á samstæðustigi skal senda tillögu sína til aðila skilaráðsins vegna samráðs og bjóða þeim að láta í ljós skoðanir sínar

og veita upplýsingar um tímamörkin sem þeir hafa til að leggja skoðanir sínar fram.

3. Skilavald á samstæðustigi skal taka tillit til skoðana aðila skilaráðsins og rökstyðja ákvörðun sína þegar það tekur ekki tillit til þeirra.
4. Þegar skilavald á samstæðustigi lýkur við skriflegt fyrirkomulag og málsmeðferðarreglur sínar vegna starfssviðs skilaráða skal það senda þær til aðila skilaráðanna.
5. Endurskoða og uppfæra skal skriflegt fyrirkomulag og málsmeðferðarreglur vegna starfssviðs skilaráðs, einkum eftir að verulegar breytingar hafa orðið á samsetningu þess.
6. Skilavald á samstæðustigi og aðrir aðilar ráðsins skulu fylgja málsmeðferðarreglunum sem settar eru fram í 1.–5. mgr. við uppfærslu á almenna, skriflega fyrirkomulaginu vegna starfssviðs skilaráðsins.

56. gr.

Framkvæmdarþættir ráðsfunda og annarrar starfsemi

1. Skilaráðin skulu boða til a.m.k. eins fundar í eigin persónu á hverju ári. Skilavaldi á samstæðustigi er heimilt, með samþykki allra aðila ráðsins og með tilliti til sérstakra eiginleika samstæðunnar, að ákvarða aðra tíðni á fundum aðila skilaráðsins í eigin persónu.
2. Skilavald á samstæðustigi skal skipuleggja reglulega aðra starfsemi ráðsins, einkum þegar viðræður milli aðila ráðsins eru nauðsynlegar.
3. Skilavald á samstæðustigi skal undirbúa og tilkynna aðilum ráðsins dagskrá og markmið fyrirhugaðra funda og annarrar starfsemi.
4. Allir aðilar skilaráðs sem taka þátt í fundum ráðsins eða annarri starfsemi skulu tryggja að réttir fulltrúar, samkvæmt markmiðum fundarins og annarrar starfsemi skilaráðanna, taki þátt í þessum fundum og annarri starfsemi og að fulltrúar þessir hafi valdheimildir til að skuldbinda yfirvöld sín, í eins miklum mæli og hægt er, fari svo að ætlast sé til að ákvarðanir séu teknar á þessum fundum eða í annarri starfsemi.
5. Skilavald á samstæðustigi skal tryggja að viðeigandi gögnum sé dreift með góðum fyrirvara áður en ákveðinn fundur eða starfsemi skilaráðsins fer fram.
6. Skrásetja skal niðurstöður og ákvarðanir funda eða annarrar starfsemi skilaráðsins og dreifa þeim tímanlega til aðila ráðsins.

57. gr.

Upplýsingaskipti

1. Skilavald á samstæðustigi og aðilar ráðsins skulu, með fyrirvara um 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, tryggja að þeir skiptist á öllum nauðsynlegum og viðkomandi upplýsingum, hvort sem þær koma frá einingu innan samstæðu, lögbæru yfirvaldi, skilavaldi eða öðru tilnefndu yfirvaldi eða úr öðrum áttum.
2. Þessar upplýsingar skulu vera fullnægjandi og nákvæmar og skal þeim deilt tímanlega til að gera mögulega og greiða fyrir skilvirkri, árangursríkri og fullri framkvæmd verkefnanna sem aðilar skilaráðsins sinna, bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og í neyðarástandi.
3. Að því er varðar skilvirka og árangursríka samræmingu milli samstarfshóps eftirlitsaðila og skilaráðs skulu skilavald á

samstæðustigi og eftirlitsaðili á samstæðugrunni skiptast á öllum upplýsingum sem krafist er til að tryggja að ráðið uppfylli hlutverk sitt sem sett er fram í 116. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

4. Skilavald á samstæðustigi sem tekur við upplýsingunum er um getur í 1. og 2. mgr. skal senda þær til aðila skilaráðsins.
5. Þegar ráðið er skipulagt í ólíka undirhópa skal skilavald á samstæðustigi upplýsa alla aðila skilaráðsins ítarlega og tímanlega um aðgerðir sem teknar hafa verið eða ráðstafanir sem gripið hefur verið til í þessum undirhópum ráðsins.
6. Heimilt er að nota hvers konar samskiptamiðil, ef ekki er kveðið á um annað, þó að æskilegast sé að notast við örugga samskiptaaðferð, einkum þegar viðkvæmar upplýsingar eru sendar. Þegar upplýsingar eru opinberlega birtar er nóg að skilavald á samstæðustigi veiti tilvísun í þessar upplýsingar.
7. Ef fyrir hendi er öruggt vefsetur skilaráðsins skal það vera helsta samskiptaaðferðin.
8. Ákvæði 50.–76. gr. reglugerðar þessarar hafa ekki áhrif á heimildir lögbærra yfirvalda eða skilavalda til upplýsingaöflunar.

58. gr.

Samskiptastefna

1. Skilavald á samstæðustigi skal vera það yfirvald sem ber ábyrgð á samskiptum við móðurfélagið í Sambandinu og eftirlitsaðila á samstæðugrunni þegar sá síðarnefndi er ekki hinn sami og skilavald á samstæðustigi.
2. Skilavald á samstæðustigi, sem um getur í b-, c- og d-lið 2. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal vera það yfirvald sem ber ábyrgð á samskiptum við einingarnar og lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum.

59. gr.

Samræming ytri samskipta

1. Aðilar skilaráðsins skulu samræma ytri samskipti sín varðandi skilastefnu og skilafyrirkomulag samstæðna.
2. Aðilar skilaráðsins skulu, að því er varðar samræmingu ytri samskipta, sammælast a.m.k. um eftirfarandi:
 - a) úthlutun ábyrgðar á samræmingu ytri samskipta við aðstæður þar sem áframhaldandi rekstrarhæfi er til staðar, þegar stofnun eða samstæða er álitin stefna í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún verði gjaldþrota og við skilameðferð,
 - b) ákvörðun á hve miklar upplýsingar skuli veittar um skilastefnu samstæðu,
 - c) samræmingu opinberra yfirlýsinga í aðstæðum þegar stofnun eða samstæða er álitin stefna í greiðsluþrot eða líklegt sé að hún verði það,
 - d) samræmingu opinberra yfirlýsinga sem varða skilaaðgerðir sem gripið hefur verið til, þ.m.t. birtingu fyrir mæla eða gerninga sem veita heimild til skilaaðgerðar eða tilkynningu þar sem birt er samantekt áhrifa skilaaðgerðarinnar.

60. gr.

Neyðarástand

1. Skilavald á samstæðustigi skal koma á fót og prófa reglulega verklagsreglur fyrir starfsemi skilaráða í neyðarástandi, einkum þeim kerfisbundnu, sem gæti ógnað rekstrarhæfi einherrar af einingum samstæðunnar.

2. Verklagsreglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi þætti:
 - a) örugga samskiptaaðferð sem nota skal,
 - b) upplýsingar sem skiptast skal á,
 - c) viðkomandi einstaklinga sem hafa skal samband við,
 - d) verklagsreglur um samskipti sem viðkomandi aðilar í skilaráði skulu fara eftir.

II. ÞÁTTUR

Sameiginlegar ákvarðanir við gerð áætlana um skilameðferð samstæðu

1. undirþáttur

Sameiginlegt ákvörðunarferli vegna skilaáætlunar samstæðu og skilabærismats

61. gr.

Áætlun um skref í sameiginlega ákvörðunarferlinu

1. Áður en skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga hefja sameiginlega ákvörðunarferlið skulu þau komast að samkomulagi um tímaáætlun yfir skref sem fylgja skal í því ferli („tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar“).

Ef ekki tekst að komast að samkomulagi um tímaáætlun skal skilavald á samstæðustigi leggja fram tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits og fyrirvara skilavalda dótturfélaganna.
2. Uppfæra skal tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar a.m.k. árlega og skal hún innihalda eftirfarandi skref sem taka skal í þeirri röð sem skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga verða ásátt um:
 - a) undirbúningsviðræður milli skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga um skilastefnu samstæðunnar til undirbúnings sameiginlegri ákvörðun um skilaáætlun samstæðunnar og skilabærismat,
 - b) beðið um upplýsingar sem móðurfélagið í Sambandinu þarf á að halda til að semja skilaáætlun samstæðunnar og framkvæma skilabærismatið í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) móðurfélagið í Sambandinu leggur upplýsingarnar sem krafist er skv. b-lið þessarar málsgreinar fram beint hjá skilavaldi á samstæðustigi í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - d) upplýsingarnar sem skilavald á samstæðustigi tekur við frá móðurfélaginu í Sambandinu sendar áfram til yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og tímamörk tilgreind fyrir beiðnir um viðbótarupplýsingar,
 - e) skilavöld dótturfélaga leggja framlög sín til gerðar skilaáætlunar samstæðu og mats á skilabærni fyrir skilavald á samstæðustigi,
 - f) skilavald á samstæðustigi leggur drög að skilaáætlun samstæðu og drög að skilabærismati fyrir aðila skilaráðsins,
 - g) aðilar skilaráðsins leggja hugsanlegar athugasemdir við drög að skilaáætlun samstæðu og drög að skilabærismati fyrir skilavald á samstæðustigi,
 - h) viðræður við móðurfélagið í Sambandinu um drög að skilaáætlun samstæðu og mat þess á skilabærni, ef skilavald á samstæðustiginu telur það viðeigandi,

- i) viðræður milli skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga um drögin að skilaáætlun samstæðunnar og mat á skilabærni þess
- j) dreifingu á skjalinu sem inniheldur drögin að sameiginlegu ákvörðuninni um skilaáætlun samstæðu og mats á skilabærni, til skilavalda dótturfélaga frá skilavaldi á samstæðustigi,
- k) viðræður um skjalið sem inniheldur drögin að sameiginlegu ákvörðuninni um skilaáætlun samstæðunnar og matsins á skilabærni, til skilavalds dótturfélaga frá skilavaldi á samstæðustigi,
- l) sameiginleg ákvörðun um skilaáætlun samstæðunnar og um skilabærnismat tekin,
- m) niðurstöðu sameiginlegu ákvörðunarinnar tilkynnt til móðurfélagsins í Sambandinu ásamt samantekt lykilþátta skilaáætlunar samstæðunnar.

3. Tímaáætlunin skal:

- a) endurspegla stærð og margbreytileika hvers skrefs í sameiginlega ákvörðunarferlinu,
- b) taka tillit til tímaáætlunar annarra sameiginlegra ákvarðana sem skipulagðar eru innan skilaráðsins,
- c) taka tillit til, að því marki sem hægt er, tímaáætlunar annarra sameiginlegra ákvarðana sem skipulagðar eru innan viðkomandi samstarfshóps eftirlitsaðila, einkum tímaáætlunarinnar fyrir sameiginlega ákvörðun um endurskoðun og mat á endurreisnaráætlun samstæðu í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

62. gr.

Þættir í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar

1. Þegar drög að tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar eru samin skulu yfirvöld sem eiga í hlut eða skilavald á samstæðustigi, ef þau sjá um það sjálf, taka tillit til 3. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB um þörfina á að samhliða fari fram skilabærnismat og frestun á ferlinu við að takast á við verulegar hindranir og skulu tryggja að viðkomandi tímamörkum, sem kveðið er á um í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar, sé breytt til samræmis við það.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, þegar það semur tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar, taka tillit til skilmála og skilyrða fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa sem sett er fram í skriflegu fyrirkomulagi skilaráðsins og í viðkomandi ákvæðum tilskipunar 2014/59/ESB.
3. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna móðurfélagi í Sambandinu um eftirfarandi þætti tímaáætlunarinnar:
 - a) áætlaða dagsetningu þegar búist er við beðið verði um nauðsynlegar upplýsingar til að semja skilaáætlun samstæðu og framkvæma mat á skilabærni, í samræmi við b-lið 2. mgr. 61. gr., og frestinn til að leggja þessar upplýsingar fram í samræmi við c-lið 2. mgr. 61. gr.
 - b) áætlaða dagsetningu fyrir viðræðurnar sem um getur í h-lið 2. mgr. 61. gr., ef við á,
 - c) áætlaða dagsetningu fyrir tilkynninguna sem um getur í m-lið 2. mgr. 61. gr., ef við á.

63. gr.

Undirbúningsviðræður um skilastefnu

Skilavald á samstæðustigi skal skipuleggja undirbúningsviðræður við skilavöld dótturfélaga til að framkvæma öll eftirfarandi atriði:

- 1) ræða fyrstu tillögur að skilastefnu fyrir samstæðuna,
- 2) sannreyna hvort einhverjar nauðsynlegar upplýsingar um þróun skilaáætlunar samstæðunnar og skilabærnismat séu þegar tiltækar einhverju lögbæru yfirvaldi og deila þessum upplýsingum í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 3) ákvarða hvaða viðbótarupplýsingar verði farið fram á við móðurfélagið í Sambandinu,
- 4) samþykkja framlög sem þörf er á frá skilavöldum dótturfélaganna til skilavalds á samstæðustigi til að þróa skilaáætlun samstæðu og framkvæmd matsins á skilabærni.

64. gr.

Upplýsingar frá móðurfélagi í Sambandinu

1. Skilavald á samstæðustigi skal fara fram á allar nauðsynlegar upplýsingar frá móðurfélaginu í Sambandinu í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að teknu tilliti til niðurstöðu viðræðnanna sem kveðið er á um í 63. gr.
2. Skilavald á samstæðustigi skal á skýran hátt greina móðurfélaginu í Sambandinu frá því um hvaða einingar samstæðunnar þessar upplýsingar fjalla og gilda, sem og tímamörkum fyrir því að láta slíkar upplýsingar í té.
3. Móðurfélagið í Sambandinu skal láta skilavaldinu á samstæðustigi í té umbeðnar upplýsingar á réttum tíma en eigi síðar en innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 2. mgr.
4. Skilavaldi á samstæðustigi er heimilt að biðja móðurfélagið í Sambandinu um viðbótarupplýsingar, bæði áður en upplýsingar eru sendar yfirvöldunum, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2104/59/ESB, og eftir það, þegar 2. mgr. 66. gr. þessarar reglugerðar á við.

65. gr.

Sending upplýsinga frá skilavaldi á samstæðustigi

1. Skilavald á samstæðustigi skal, án ótilhlýðilegrar tafar, senda yfirvöldunum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þær upplýsingar sem tekið var við í samræmi við 64. gr. og skal hvetja þau til að láta í té athugasemdir innan ákveðinna tímamarka um hvort þörf sé á viðbótarupplýsingum.
2. Yfirvöldum sem taka við upplýsingum er heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá skilavaldi á samstæðustigi innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru skv. 1. mgr. þegar viðtökuyfirvaldið telur að viðbótarupplýsingarnar séu viðeigandi fyrir einingu eða útibú í lögsögu þess að því er varðar þróun og viðhald skilaáætlunar samstæðu og framkvæmd mats á skilabærni. Í því tilvikinu skulu viðeigandi

ákvæði 64. gr. gilda.

3. Ekki skal telja sendingu upplýsinga frá skilavaldi á samstæðustigi til yfirvaldanna sem um getur í 2. mgr. vera lokið fyrir en bæði upphaflegar upplýsingar og þær sem komu á eftir hafa verið sendar.
4. Skilavald á samstæðustigi skal, að teknu tilliti til 3. mgr., senda skilaráðinu upphafsdagsetningu fjögurra mánaða tímabils til að komast að sameiginlegri ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismati í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
5. Skilavald á samstæðustigi og yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu skiptast á viðbótarupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að greiða fyrir samningu skilaáætlunar samstæðu og framkvæmd mats á skilabærni, með fyrirvara um þagnarskyldukröfurnar sem mælt er fyrir um í 90. og 98. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

66. gr.

Þróun og dreifing draga að skilaáætlun samstæðu og mats á skilabærni

1. Skilavöld dótturfélaga skulu láta skilavaldi á samstæðustigi í té framlög sín til skilaáætlunar samstæðunnar og skilabærnis matsins á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. e-lið 2. mgr. 61. gr.
2. Skilavald á samstæðustigi skal semja drög að skilaáætlun samstæðu í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að teknu tilliti til framlaga sem skilayfirvöld dótturfélaga leggja fram.
3. Skilavald á samstæðustigi skal dreifa drögum að skilaáætlun samstæðu og skilabærnismati til aðila ráðsins á réttum tíma, þó eigi síðar en innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í f-lið 2. mgr. 61. gr.

67. gr.

Samráð við aðila skilaráða

1. Aðilar ráðsins, sem skilavald á samstæðustigi hafa samráð við, skulu setja fram athugasemdir sínar um drögin að skilaáætlun samstæðunnar og skilabærnismatið innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í g-lið 2. mgr. 61. gr.
2. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 115. og 116. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skulu láta í té umsögn sína einkum að því er varðar skilabærnismatið eininganna í lögsögu þeirra.
3. Yfirvöldin skulu, þegar þau telja að fyrir hendi séu verulegar hindranir á skilabærni samstæðunnar eða eininga innan hennar, senda mat sitt til skilavalds á samstæðustigi á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í g-lið 2. mgr. 61. gr.
4. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaga athugasemdirnar sem þau hafa tekið við frá öðrum aðilum skilaráðsins, þ.m.t. athugasemdir um mat á skilabærni eininganna í lögsögu þeirra eins og þessi yfirvöld hafa látið í ljós.

68. gr.

Umræða við móðurfélagið í Sambandinu

Þegar skilavald á samstæðustigi skipuleggur umræðu um drög að skilaáætlun samstæðunnar og skilabærnismati móðurfélags í Sambandinu skv. h-lið 2. mgr. 61. gr. skal það gera svo á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í viðeigandi skrefi í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaga allar athugasemdir sem móðurfélagið í Sambandinu leggur fram meðan á samráði þessu stendur.

69. gr.

Viðræður um drög að skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat

1. Skilavald á samstæðustigi skal skipuleggja viðræður við skilavöld dótturfélaga um drögin að skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat á tímanlega skv. i-lið 2. mgr. 61. gr., þó eigi síðar en innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar.
2. Í viðræðunum skal m.a. fjalla um mál varðandi skilabærnismat samstæðu og greiða fyrir greiningu á mögulegum, verulegum hindrunum á skilabærni að teknu tilliti til athugasemda sem móðurfélagið í Sambandinu hefur lagt fram. Í því skyni skal skilavald á samstæðustigi tilkynna skilavöldum dótturfélaga um eigið mat sitt á skilabærni samstæðunnar, að teknu tilliti til viðhorfa annarra aðila skilaráðsins.
3. Skilavald á samstæðustigi skal ljúka við skilaáætlun samstæðunnar og framkvæma skilabærnismat á grundvelli viðræðnanna sem um getur í 1. mgr. Breytingar sem gerðar eru á drögum á skilaáætlun samstæðu og skilabærnismati skulu endurspegla niðurstöðu slíkra viðræðna.
4. Ákvæði 1. mgr. 76. gr. gilda þegar verulegar hindranir á skilabærni greinast.

70. gr.

Drög að sameiginlegri ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat

Skilavald á samstæðustigi skal senja drög að sameiginlegri ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat. Í drögum að sameiginlegu ákvörðuninni skal sett fram allt eftirfarandi:

- 1) heiti skilavalds á samstæðustigi og heiti skilavalda dótturfélaganna sem taka sameiginlega ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat,
- 2) heiti skilavaldsins og heiti lögbærra yfirvalda sem samráð er haft við um samningu og viðhald á skilaáætlun samstæðunnar og framkvæmd skilabærnis mats, einkum:
 - a) heiti skilavalda mikilvægra útibúa og heiti skilavalda í aðildarríkjum þar sem einingarnar, sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eru með staðfestu,
 - b) heiti hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda sem um getur í 115. og 116. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
 - c) heiti áheyrnarfulltrúa þegar áheyrnarfulltrúar þessir tóku þátt í hinu sameiginlega ákvörðunarferli í samræmi við skilmála og skilyrði sem áheyrnarfulltrúar starfa eftir samkvæmt skriflega fyrirkomulaginu,
- 3) heiti móðurfélagsins í Sambandinu og eininga innan samstæðu sem falla undir skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat og sem sameiginlega ákvörðunin varðar og gildir um,
- 4) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat,
- 5) dagsetning samþykktar sameiginlegu ákvörðunarinnar um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat og viðeigandi uppfærslur þar að lútandi,
- 6) skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat, þ.m.t. ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni í

samræmi við 4., 5. og 6. mgr. 17. gr. og 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem sameiginlega ákvörðunin er tekin um. Þegar móðurfélag í Sambandinu eða einingar þess hafa hafið ferli við að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd skal einnig láta í té upplýsingar um tímalínuna fyrir framkvæmd þeirra,

- 7) samantekt á skoðunum sem koma fram hjá yfirvöldum sem samráð var haft við í sameiginlega ákvörðunarferlinu um skilaáætlun samstæðu og mat á skilabærni,
- 8) þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina í sameiginlega ákvörðunarferlinu, útskýring á frávikum frá ráðgjöf Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.

71. gr.

Sameiginleg ákvörðun tekin um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaga drög að sameiginlegri ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat án ótilhlýðilegrar tafar og setja tímamörk fyrir dótturfélög skilavalda til að láta skriflega í té samþykki sitt á þeirri sameiginlegu ákvörðun, en það má senda með rafrænum hætti.
2. Skilavöld dótturfélaga sem ekki hreyfa andmælum skulu, þegar þau taka við drögum að sameiginlegri ákvörðun, senda skriflegt samþykki sitt til skilavalds á samstæðustigi innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr.
3. Endanleg sameiginleg ákvörðun skal fela í sér skjal með sameiginlegu ákvörðuninni, sem samin er í samræmi við 70. gr., skriflega samþykkið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og samþykki skilavalds á samstæðustigi í viðhengi, og skal skilavald á samstæðustigi senda hana skilavöldum dótturfélaga sem fallist hafa á sameiginlegu ákvörðunina.
4. Skilavald á samstæðustigi skal senda sameiginlegu ákvörðunina um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat til skilaráðsins.

72. gr.

Sending sameiginlegu ákvörðunarinnar og samantektar á skilaáætlun samstæðu til móðurfélagsins í Sambandinu

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda sameiginlegu ákvörðunina og samantekt lykilþátta skilaáætlunar á samstæðustigi, þ.m.t. skilabærnismatið, til stjórnar móðurfélagsins í Sambandinu á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. m-lið 2. mgr. 61. gr.
2. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna skilavöldum dótturfélaga um þessa sendingu.
3. Skilavaldi á samstæðustigi er heimilt að ræða sameiginlegu ákvörðunina um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat við móðurfélagið í Sambandinu til að útskýra einstök atriði í þeirri ákvörðun.

2. undirþáttur

Ferli þegar sameiginleg ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat eru ekki fyrir hendi

73. gr.

Ósamkomulag að hluta til

1. Þegar eitt eða fleiri skilavöld dótturfélaga greinir á um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismatið skulu skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga sem ekki greinir á, skv. 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, fylgja viðkomandi skrefum sem sett eru fram

í 70., 71. og 72. gr. um að gera drög að, taka og senda frá sér sameiginlegu ákvörðunina um skilaáætlun samstæðunnar og skilabærnismatið.

2. Sameiginlega ákvörðunin sem tekin er um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat skal sett fram í skjalinu er inniheldur alla þættina sem eru settir fram í 70. gr.

3. Í því skal einnig felast samantekt á skoðunum sem skilavöld dótturfélaga er tóku þátt í upphaflega sameiginlega ákvörðunarferlinu um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat létu í ljós en ágreiningur var um. Samantektin skal einkum fela í sér tilvísanir til allra þáttanna sem leiddu til ágreinings.

74. gr.

Þættir í tilkynningu um einstakar ákvarðanir

1. Þegar sameiginleg ákvörðun milli skilavalda er ekki fyrir hendi innan fjögurra mánaða, í samræmi við 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal tilkynna um ákvörðunina sem skilavöld á samstæðustigi taka um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat á skriflegu formi til aðila skilaráðsins í skjali sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:

- a) heiti skilavalds á samstæðustigi,
- b) heiti móðurfélags í Sambandinu,
- c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar,
- d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
- e) skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat, þ.m.t. ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni í samræmi við 4., 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem sameiginlega ákvörðunin er tekin um. Þegar móðurfélagið í Sambandinu hefur hafið ferli við að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd skal einnig láta í té tímalínuna fyrir framkvæmd þeirra,
- f) heiti aðila og áheyrnarfulltrúa í skilaráðinu sem taka þátt í sameiginlega ákvörðunarferlinu og skilabærnismatinu í samræmi við skilmála og skilyrði fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa, ásamt samantekt um skoðanir sem yfirvöld þessi hafa látið í ljós og upplýsingar um mál sem leiða til ágreinings,
- g) athugasemdir skilavaldsins á samstæðustigi við skoðanir sem aðilar og áheyrnarfulltrúar í skilaráðinu láta í ljós, einkum um mál sem hafa leitt til ágreinings.

2. Þegar sameiginleg ákvörðun skilavalda er ekki fyrir hendi innan fjögurra mánaða, í samræmi við 6. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu skilavöldin, sem semja stakar skilaáætlanir, senda skilavaldi á samstæðustigi skjal sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:

- a) heiti skilavaldsins sem tekur ákvörðunina,
- b) heiti einingarinnar eða eininganna sem eru innan lögsögu skilavaldsins og sem ákvörðunin varðar og gildir um,
- c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar,
- d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
- e) skilaáætlun og skilabærnismat eininganna sem eru innan lögsögu þeirra, þ.m.t. allar ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni í samræmi við 4., 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ákvörðunin er tekin um. Þegar einingarnar hafa hafið ferli við að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd skal einnig láta í té tímalínuna fyrir framkvæmd

þeirra,

- f) heiti skilavaldsins á samstæðustigi ásamt skýringum á ástæðum fyrir ágreiningi um tillögu að skilaáætlun fyrir samstæðu og skilabærnismat.
3. Þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skulu ákvarðanir sem teknar eru þegar engin sameiginleg ákvörðun er fyrir hendi, í samræmi við 5. og 6. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, innihalda skýringu á því af hverju ráðgjöf Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar var ekki fylgt.

75. gr.

Tilkynning um einstakar ákvarðanir þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

1. Þegar sameiginleg ákvörðun skilavalds á samstæðustigi og skilavald dótturfélaga er ekki fyrir hendi innan þeirra tímamarka sem um getur í 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu viðkomandi skilavöld dótturfélaga senda allar ákvarðanir sem um getur í 5. og 6. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar skriflega til skilavaldsins á samstæðustigi eigi síðan en á eftirtöldum dögum:
- a) einum mánuði eftir að tímabilið sem um getur í 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er liðið,
 - b) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitir ráðgjöf sína í kjölfar beiðni um samráð í samræmi við þriðju undirgrein 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun, í samræmi við aðra undirgrein 5. eða 6. mgr. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða önnur dagsetning sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tiltekur í slíkri ákvörðun.
2. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna, án ótilhlýðilegrar tafar, öðrum aðilum skilaráðsins um ákvörðun sína og ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr.

3. undirþáttur

Sameiginleg ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni

76. gr.

Frestun á sameiginlegu ákvörðunarferli um skilaáætlun samstæðunnar og skilabærnismat

1. Skilavald á samstæðustigi skal fresta sameiginlega ákvörðunarferlinu, í samræmi við 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og tilkynna aðilum skilaráðsins um þá ákvörðun sína þegar það greinir verulegar hindranir á skilabærni eða fellst á umsögn annarra yfirvalda, sem haft hefur verið samráð við um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat, og greint hafa verulegar hindranir og látið þær í ljós.
2. Skilavald á samstæðustigi skal hefja sameiginlega ákvörðunarferlið um skilaáætlun samstæðu að nýju, þ.m.t. framkvæmd skilabærnis matsins, um leið og lokið hefur verið við sameiginlega ákvörðunarferlið, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni.

77. gr.

Áætlanagerð um skref í sameiginlega ákvörðunarferlinu um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni

1. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu, áður en þau hefja sameiginlega ákvörðunarferlið um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni, komast að samkomulagi um tímaáætlun yfir skref sem fylgja skal í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar.

Ef tímaáætlun hefur ekki verið samþykkt skal skilavald á samstæðustigi leggja fram tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits og fyrirvara skilavalda dótturfélaganna.

2. Tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skal fela í sér eftirfarandi skref:

- a) vinnslu og dreifingu skýrslunnar um verulegar hindranir sem skilavald á samstæðustigi hefur greint í samræmi við 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samráði við eftirlitsaðilann á samstæðugrunni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina,
- b) framlagningu skýrslunnar, skv. 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, af hálfu skilavalds á samstæðustigi til móðurfélags í Sambandinu, skilavalda dótturfélaga og skilavalda sem hafa lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett,
- c) dagsetningu þegar móðurfélag í Sambandinu leggur fram fyrir skilavald á samstæðustigi athugasemdir sínar og aðrar ráðstafanir til að leysa hinar verulegu hindranir, ef einhverjar eru, í samræmi við 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- d) viðræður milli skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga og annarra aðila skilaráðs um athugasemdir eða aðrar ráðstafanir, til að leysa hinar verulegu hindranir, sem móðurfélagið í Sambandinu hefur lagt til skv. 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eins og við á,
- e) gerð draga að sameiginlegri ákvörðun um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni,
- f) fullvinnslu sameiginlegu ákvörðunarinnar um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni og
- g) miðlun sameiginlegu ákvörðunarinnar um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni.

3. Skilavald á samstæðustigi skal endurskoða og uppfæra tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar svo að hún endurspegli framlengingu á sameiginlega ákvörðunarferlinu þegar móðurfélag í Sambandinu leggur fram athugasemdir og leggur til aðrar ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni í samræmi við 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

4. Skilavald á samstæðustigi skal, þegar það semur tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar, taka tillit til skilmála og skilyrða fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa sem sett er fram í skriflegu fyrirkomulagi skilaráðsins og í viðkomandi ákvæðum tilskipunar 2014/59/ESB.

5. Skilavald á samstæðustigi skal miðla til móðurfélagsins í Sambandinu þeim þáttum í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar sem gera ráð fyrir þátttöku móðurfélagsins í Sambandinu.

78. gr.

Samráð og sending skýrslunnar

1. Skilavald á samstæðustigi skal vinna drög að skýrslu um verulegar hindranir á skilabærni í samræmi við 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og senda hana til eftirlitsaðilans á samstæðugrunni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, lögbærra yfirvalda og skilavalda dótturfélaganna og þeirra sem hafa lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett.

Því er einnig heimilt að leggja drögin að skýrslunni fyrir aðra aðila og áheyrnarfulltrúa skilaráðs, eins og við á og á þann hátt sem samþykkt er og útlistað í skriflegu fyrirkomulagi og málsmeðferðarreglum skilaráðsins.

2. Skilavald á samstæðustigi skal fara yfir athugasemdir og skoðanir sem það tekur við í þeim tilgangi að fullgera við skýrsluna. Skilavald á samstæðustigi skal leggja fram gild rök að því er varðar frávik frá skoðunum eða athugasemdum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni hafa látið í ljós.

3. Þegar skýrslan er fullgerð skal hún látin móðurfélaginu í Sambandinu í té.

4. Skilavald á samstæðustigi skal láta skilaráðið vita af hvenær fjögurra mánaða tímabilið hefst sem það hefur til að taka sameiginlega ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni.

79. gr.

Afhending athugasemda móðurfélagsins í Sambandinu og samráð við yfirvöld

1. Þegar móðurfélag í Sambandinu leggur athuganir sínar og tillögur um aðrar ráðstafanir til að leysa verulegar hindranir á skilabærni fyrir skilavaldið á samstæðustigi, innan fjögurra mánaða frá viðtökudegi skýrslunnar í samræmi við 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal skilavaldið á samstæðustigi framsenda þessar athuganir og ráðstafanir til annarra aðila ráðsins án ótilhlýðilegrar tafar og í síðasta lagi innan 10 daga.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, að teknu tilliti til 1. mgr., láta skilaráðið vita um framlengingu frestsins til að komast að sameiginlegri ákvörðun og gera ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni, í samræmi við 3. og 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
3. Skilavald á samstæðustigi skal setja tímamörk fyrir framlagningu athugasemda samhliða því að það dreifir athugunum og öðrum ráðstöfunum sem móðurfélagið í Sambandinu hefur lagt fram.
4. Ef yfirvöld láta ekki athugasemdir í té innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr. skulu skilavöld á samstæðustigi ætla að yfirvöld þessi hafi engar athugasemdir við athugasemdir og aðrar ráðstafanir sem móðurfélagið í Sambandinu hefur lagt fram og skulu halda áfram með málið.
5. Skilavald á samstæðustigi skal láta skilavöldum dótturfélaga í té, eins fljótt og hægt er og án ótilhlýðilegrar tafar, athugasemdir sem aðrir aðilar skilaráðsins hafa lagt fram og skal ræða við þá um fyrirhugaðar ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni.
6. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu einnig ræða með tilhlýðilegum hætti og taka tillit til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðra ráðstafana á allar einingar sem eru hluti af samstæðunni, á öll aðildarríkin þar sem samstæðan starfar og á Sambandið í heild sinni.

80. gr.

Drög að sameiginlegri ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni

1. Skilavald á samstæðustigi skal, að teknu tilliti til niðurstöðu viðræðnanna skv. 5. og 6. mgr. 79. gr., eins og við á, vinna drög að sameiginlegri ákvörðun um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni.
2. Í drögum að sameiginlegu ákvörðuninni skal setja fram alla eftirfarandi þætti:
 - a) heiti móðurfélagsins í Sambandinu og eininga innan samstæðna sem sameiginlega ákvörðunin varðar og gildir um,
 - b) heiti skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga sem taka hina sameiginlegu ákvörðun,
 - c) heiti viðkomandi lögbærra yfirvalda og heiti skilavalda mikilvægra útibúa, sem haft hefur verið samráð við um skilabærni samstæðunnar, um ráðstafanir til að taka á eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum og um athugasemdir og aðrar ráðstafanir, ef einhverjar eru, sem móðurfélagið í Sambandinu hefur lagt fram,

- d) heiti áheyrnarfulltrúa þegar áheyrnarfulltrúar þessir tóku þátt í hinu sameiginlega ákvörðunarferli í samræmi við skilmála og skilyrði sem áheyrnarfulltrúar starfa eftir samkvæmt skriflega fyrirkomulaginu,
- e) tilvísanirnar í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar,
- f) dagsetningu hinnar sameiginlegu ákvörðunar,
- g) ráðstafanirnar skv. 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaganna hafa ákveðið, og tímabilið sem viðkomandi einingar innan samstæðnanna hafa til að bregðast við þessum ráðstöfunum,
- h) ef skilavald á samstæðustigi og skilavald dótturfélaga samþykkja ekki, eða samþykkja aðeins að hluta, ráðstafanirnar sem móðurfélag í Sambandinu hefur lagt til, útskýringu á því hvers vegna ráðstafanirnar sem móðurfélag í Sambandinu hefur lagt til teljist ekki til þess fallnar að ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni og hvernig ráðstafanirnar sem um getur í g-lið myndu á skilvirkan hátt draga úr eða ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni,
- i) samantekt á viðhorfum, sem yfirvöldin sem haft var samráð við í sameiginlega ákvörðunarferlinu, hafa látið í ljós,
- j) þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina í sameiginlega ákvörðunarferlinu, útskýringu á frávikum frá ráðgjöf Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.

81. gr.

Sameiginleg ákvörðun tekin

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaga drög að sameiginlegri ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni án ótilhlýðilegrar tafar og setja tímamörk fyrir skilavöld dótturfélaga til að láta í té skriflegar athugasemdir sínar við þá sameiginlegu ákvörðun, sem hægt er að senda rafrænt.
2. Skilavöld dótturfélaga sem ekki hreyfa andmælum þegar þau taka við drögnum að hinni sameiginlegu ákvörðun skulu senda skriflegt samþykki sitt til skilavalds á samstæðustigi innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 1. mgr.
3. Endanleg sameiginleg ákvörðun skal fela í sér skjal með sameiginlegu ákvörðuninni, sem samin er í samræmi við 80. gr., skriflega samþykkið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og samþykki skilavalds á samstæðustigi í viðhengi, og skal skilavald á samstæðustigi senda hana skilavöldum dótturfélaga sem fallist hafa á sameiginlegu ákvörðunina.
4. Skilavald á samstæðustigi skal senda sameiginlegu ákvörðunina um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni til skilaráðsins.

82. gr.

Tilkynning um sameiginlega ákvörðun

1. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna um sameiginlegu ákvörðunina til stjórnar móðurfélagsins í Sambandinu á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. g-lið 2. mgr. 77. gr. Skilavald á samstæðustigi skal upplýsa skilavöld dótturfélaga um þá tilkynningu.
2. Þegar ráðstafanir sem eru teknar í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB beinast að tilteknum einingum innan samstæðunnar öðrum en móðurfélagi innan Sambandsins, skulu skilavöld dótturfélaga láta stjórn þessara eininga innan lögsögu þeirra í té viðkomandi hluta sameiginlegu ákvörðunarinnar um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni á réttum tíma og ávallt innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. g-lið 2. mgr. 77. gr.
3. Skilavaldi á samstæðustigi er heimilt að ræða einstök atriði varðandi efni og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni við móðurfélagið í Sambandinu.
4. Skilavöldum dótturfélaga er heimilt að ræða einstök atriði varðandi efni og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar um ráðstafanir

til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni við einingar innan lögsögu þeirra.

83. gr.

Eftirlit með beitingu sameiginlegrar ákvörðunar

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda niðurstöðu umræðunnar, sem um getur í 3. mgr. 82. gr., ef einhverjar eru, til skilavalda dótturfélaga.
2. Skilavöld dótturfélaga skulu senda niðurstöðu umræðunnar, sem um getur í 4. mgr. 82. gr., ef einhver er, til skilavalds á samstæðustigi.
3. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu fylgjast með beitingu sameiginlegrar ákvörðunarinnar um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni sem hafa þýðingu fyrir þær einingar samstæðunnar sem þau bera ábyrgð á hvert um sig.

4. undirþáttur

Ferli þegar sameiginleg ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni er ekki fyrir hendi

84. gr.

Þættir í tilkynningu um einstakar ákvarðanir

1. Þegar ekki er fyrir hendi sameiginleg ákvörðun um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni, eins og um getur í 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal ákvörðunin sem skilavaldið á samstæðustigi tekur send, án ótilhlýðilegrar tafar, á skriflegu formi til aðila skilaráðsins í skjali sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:
 - a) heiti skilavalds á samstæðustigi sem tekur ákvörðunina,
 - b) heiti móðurfélags í Sambandinu sem ákvörðunin varðar og gildir um,
 - c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar,
 - d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
 - e) ráðstafanirnar skv. 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem skilavald á samstæðustigi hefur ákveðið og tímafrestinn til að koma þessum ráðstöfunum í framkvæmd,
 - f) ef skilavald á samstæðustigi samþykkir ekki, eða samþykkir aðeins að hluta, ráðstafanirnar sem móðurfélagið í Sambandinu leggur til, útskýringu á því hvers vegna ráðstafanirnar sem móðurfélagið í Sambandinu leggur til teljist ekki til þess fallnar að ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni og hvernig ráðstafanirnar sem settar eru fram í e-lið þessarar málsgreinar myndu á skilvirkan hátt draga úr eða ryðja úr vegi hinum verulegum hindrunum á skilabærni,
 - g) heiti aðila og áheyrnarfulltrúa í skilaráðinu sem, í samræmi við skilmála og skilyrði fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa, taka þátt í sameiginlega ákvörðunarferlinu um ráðstafanir til að taka á verulegum hindrunum á skilabærni, ásamt samantekt um viðhorf sem yfirvöld þessi láta í té og upplýsingar um mál sem leiða til ágreinings,
 - h) athugasemdir skilavalds á samstæðustigi við skoðanir sem aðilar og áheyrnarfulltrúar í skilaráðinu hafa látið í ljós, einkum um mál sem leitt hafa til ágreinings.
2. Skilavöld, sem taka ákvörðun um ráðstafanir sem dótturfélög eiga að gera á einingastigi þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi, skulu senda skilavaldinu á samstæðustigi skjal sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:
 - a) heiti skilavaldsins sem tekur ákvörðunina,
 - b) heiti eininganna innan lögsögu skilavaldsins sem ákvörðunin varðar og gildir um,

- c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar,
 - d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
 - e) ráðstafanirnar skv. 5. og 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem skilavald á samstæðustigi hefur ákveðið og tímafrestin sem viðkomandi einingar hafa til að koma þessum ráðstöfunum í framkvæmd,
 - f) ef skilavöld dótturfélaga samþykkja ekki, eða samþykkja að hluta, ráðstafanirnar sem dótturfélögin hafa lagt til í samræmi við 3. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, útskýringu á því, hvers vegna ráðstafanirnar sem dótturfélög þessi lögðu til teljist ekki til þess fallnar að ryðja úr vegi verulegum hindrunum á skilabærni og hvernig ráðstafanirnar sem koma fram í e-lið þessarar málsgreinar myndu á skilvirkan hátt draga úr eða ryðja úr vegi hinum verulegu hindrunum á skilabærni,
 - g) heiti skilavaldsins á samstæðustigi ásamt skýringum á ástæðunum fyrir ágreiningi um ráðstafanirnar sem skilavaldið á samstæðustigi hefur lagt til í því skyni að taka á verulegum hindrunum á skilabærni.
3. Þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skulu ákvarðanir sem eru teknar þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi innihalda skýringu á því hvers vegna ráðgjöf Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar var ekki fylgt.

85. gr.

Tilkynning um einstakar ákvarðanir þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

1. Þegar sameiginleg ákvörðun skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga er ekki fyrir hendi innan þeirra tímamarka sem um getur í 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu viðkomandi skilavöld dótturfélaganna tilkynna skilavaldinu á samstæðustigi allar ákvarðanir sem um getur í 6. og 7. mgr. 18. gr. þeirrar tilskipunar skriflega, eigi síðar en á eftirtöldum dögum:
- a) einum mánuði eftir að tímabilið sem um getur í 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er liðið, eftir því sem við á,
 - b) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitir ráðgjöf sína í kjölfar beiðni um samráð í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun í samræmi við þriðju undirgrein 6. mgr. 18. gr. eða aðra undirgrein 7. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða önnur dagsetning sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tiltekur í slíkri ákvörðun.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, án ótilhlýðilegrar tafar, láta aðra aðila skilaráðsins vita um ákvörðun sína og ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr.

III. ÞÁTTUR

Sameiginlegt ákvörðunarferli um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. undirþáttur

Sameiginlegt ákvörðunarferli

86. gr.

Áætlanagerð um sameiginlega ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu komast að samkomulagi um tímaáætlun fyrir skref sem tekin skulu í ferlinu (hér á eftir „tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar“) áður en hrundið er af stað sameiginlegu ákvörðunarferli um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags.

Ef til ágreinings kemur skal skilavald á samstæðustigi ákvarða tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að teknu tilliti til skoðana og fyrirvara sem skilavöld dótturfélaga hafa látið í ljós.

Skipuleggja skal tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunarinnar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tilliti til tímaáætlunarinnar fyrir sameiginlegrar ákvörðunina um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat í því skyni að taka mið af þróun og viðhaldi skilaáætlunar samstæðu þegar sameiginlegra ákvörðunin um lágmarkskröfur er tekin eins og krafist er í 15. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/EU.

Skilavaldið á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu einkum taka til athugunar að fjögurra mánaða tímabilið til að komast að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar hefst á sama tíma og tímabilið fyrir sameiginlegra ákvörðun um skilaáætlun samstæðu og skilabærnismat.

2. Uppfæra skal reglulega tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og skal hún innihalda a.m.k. eftirfarandi skref:

- a) framlagningu tillögu skilavalds á samstæðustigi um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu og móðurfélags til skilavalda dótturfélaga og eftirlitsaðila á samstæðugrunni,
- b) framlagningu tillagna skilavalda dótturfélaga um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir einingarnar í lögsögu þeirra á einingarstigi til skilavalda á samstæðustigi og viðkomandi lögbærra yfirvalda,
- c) viðræður milli skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga um fyrirhugaðar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags, sem og við skilavöldin sem hafa lögsögu þar sem mikilvæg útibú eru staðsett,
- d) undirbúning og framlagningu skilavalds á samstæðustigi á drögum að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags til skilavalda dótturfélaga,
- e) viðræður um drögin að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags við móðurfélagið í Sambandinu og dótturfélag samstæðunnar þegar þess er krafist í löggjöf aðildarríkis,
- f) komist að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags,
- g) tilkynningu sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og hvers dótturfélags.

3. Tímaáætlun um sameiginlegra ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal:

- a) endurspegla stærð og margbreytileika hvers skrefs í sameiginlegra ákvörðunarferlinu,
- b) taka tillit til tímaáætlunar annarra sameiginlegra ákvarðana sem skipulagðar eru innan skilaráðsins,
- c) taka tillit til, að því marki sem hægt er, tímaáætlunar annarra sameiginlegra ákvarðana sem skipulagðar eru innan viðkomandi samstarfshóps eftirlitsaðila, einkum tímaáætlunar sameiginlegra ákvarðana um varfæriskröfur er varða tilteknar stofnanir í samræmi við 113. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Endurskoða skal tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í ljósi niðurstöðu skilabærnis matsins og endurspegla hana, einkum þegar það mat leiðir til þess að ráðstafanir eru gerðar til að ryðja úr vegi eða taka á verulegum hindrunum á skilabærni sem geta haft tafarlaus áhrif á lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðu- eða einingastigi.

4. Þegar skilavald á samstæðustigi semur drög að tímaáætlun sameiginlegrar ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, skal það taka tillit til skilmála og skilyrða fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa eins og sett er fram í skriflegu fyrirkomulagi skilaráðsins og í viðkomandi ákvæðum tilskipunar 2014/59/ESB.

5. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu tilkynna móðurfélagi í Sambandinu og einingum innan samstæðunnar, sem þau bera hvert um sig ábyrgð á, um viðmiðunardagsetningu fyrir viðræðurnar sem um getur í e-lið 2. mgr., eftir því sem við á.

6. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu tilkynna móðurfélagi í Sambandinu, og einingum innan samstæðunnar

sem þau bera hvert um sig ábyrgð á, áætlaða dagsetningu fyrir tilkynninguna sem um getur í g-lið 2. mgr.

87. gr.

Tillaga á samstæðu- og móðurfélagsstigi í Sambandinu

1. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna skilavöldum dótturfélaga og eftirlitsaðila á samstæðugrunni um tillögur sína um:
 - a) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem móðurfélag í Sambandinu þarf ætíð að uppfylla nema það hafi fengið undanþágu í samræmi við 11. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - b) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beitt er á samstæðustigi.
2. Rökstyðja skal tillöguna sem um getur í 1. mgr., einkum að því er varðar matsviðmiðanirnar sem um getur í a til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
3. Skilavald á samstæðustigi skal tilgreina tímamörkin fyrir viðtöku rökstuddra, skriflegra athugasemda af hálfu eftirlitsaðila á samstæðugrunni, einkum að því er varðar matsviðmiðanirnar sem um getur í a til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Skilavald á samstæðustigi skal ætla að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni geri engar athugasemdir við tillöguna skv. 1. mgr. ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni lætur ekki í té neinar athugasemdir innan nefndra tímamarka.
4. Skilavald á samstæðustigi skal láta skilavöldum dótturfélaga í té, eins fljótt og auðið er, allar athugasemdir sem eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram.

88. gr.

Tillaga á stigi dótturfélags

1. Skilavöld dótturfélaga skulu tilkynna skilavaldi á samstæðustigi og viðkomandi lögbærum yfirvöldum tillögu sína um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem dótturfélög samstæðunnar þurfi ætíð að uppfylla á einingargrunni nema þau hafi fengið undanþágu í samræmi við 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Rökstyðja skal tillöguna sem um getur í 1. mgr., einkum að því er varðar matsviðmiðanirnar sem um getur í a til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
3. Skilavöld dótturfélaga skulu ná samkomulagi við skilavöld á samstæðustigi og tilgreina tímamörk fyrir viðtöku skriflegra og rökstuddra athugasemda af hálfu lögbærra yfirvalda innan lögsögu þeirra, einkum að því er varðar matsviðmiðanirnar sem um getur í a til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Láti lögbæru yfirvöldin ekki í té athugasemdir innan nefndra tímamarka, skulu skilavöld dótturfélaga ætla að þessi lögbæru yfirvöld geri engar athugasemdir við viðkomandi tillögur skv. 1. mgr.
4. Skilavöld dótturfélaga skulu láta skilavaldinu á samstæðustigi í té, eins fljótt og auðið er, athugasemdir sem lögbæru yfirvöldin hafa lagt fram.

89. gr.

Viðræður um fyrirhugaðar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi skal skipuleggja viðræður við skilavöld dótturfélaga um fyrirhugaðar lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags.
2. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu ræða afstemmingu fyrirhugaðra lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðustigi við fyrirhugaðar kröfur á stigi móðurfélags og sérhvers dótturfélags.

Drög að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi skal semja drög að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags, að teknu tilliti til notkunar undanþága, ef einhverjar eru, skv. 11. eða 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í drögum að sameiginlegu ákvörðuninni skal setja fram alla eftirfarandi þætti:
 - a) heiti skilavalda á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga sem komast að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags,
 - b) heiti eftirlitsaðila á samstæðugrunni og annarra lögbærra yfirvalda sem haft hefur verið samráð við,
 - c) heiti áheyrnarfulltrúa þegar áheyrnarfulltrúar þessir hafa tekið þátt í sameiginlega ákvörðunarferlinu í samræmi við skilmála og skilyrði sem áheyrnarfulltrúar starfa eftir samkvæmt skriflega fyrirkomulaginu,
 - d) heiti móðurfélags í Sambandinu og eininga innan samstæðna sem sameiginlega ákvörðunin varðar og gildir um,
 - e) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og umfangi sameiginlegu ákvörðunarinnar, tilvísanir í viðbótarviðmiðanir sem aðildarríkin kveða á um og sem ákvörðun lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar byggist á,
 - f) dagsetningu draga að sameiginlegri ákvörðun og viðkomandi uppfærslum á henni,
 - g) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðustigi og tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að fastsetja lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - h) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi móðurfélags í Sambandinu, nema notkun undanþága í samræmi við 11. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sé heimiluð, og tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að fastsetja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - i) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sérhvers dótturfélags á einingargrunni, nema notkun undanþága í samræmi við 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hafi verið heimiluð, tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að fastsetja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Ef ákvörðunin sem varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefur til kynna að móðurfélag í Sambandinu eða eitthvert dótturfélag samstæðunnar uppfylli hana aðeins að hluta til á samstæðu- eða einingarstigi með samningsbundnum eftirgjafargerningum skal ákvörðunin einnig innihalda upplýsingar sem sýna fram á að skilavöld telji gerningana fullnægjandi sem samningsbundna eftirgjafargerninga í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru í 14. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Sameiginleg ákvörðun tekin um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaga drög að sameiginlegri ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags án ótilhlýðilegrar tafar og setja tímamörk fyrir dótturfélög skilavalda til að láta í té skriflegar athugasemdir sínar við þá sameiginlegu ákvörðun, en þær má senda rafrænt.
2. Skilavöld dótturfélaga sem ekki hreyfa andmælum þegar þau taka við drögnum að hinni sameiginlegu ákvörðun skulu senda skriflegt samþykki sitt til skilavalds á samstæðustigi innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 1. mgr.
3. Endanleg sameiginleg ákvörðun skal fela í sér skjal með sameiginlegu ákvörðuninni, sem samin er í samræmi við 90. gr., skriflega samþykkið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og samþykki skilavalds á samstæðustigi í viðhengi, og skal skilavald á

samstæðustigi senda hana skilavöldum dótturfélaga sem fallist hafa á sameiginlegu ákvörðunina.

4. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna sameiginlegu ákvörðunina um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags til skilaráðsins.

92. gr.

Tilkynning um sameiginlega ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda sameiginlegu ákvörðunina til stjórnar móðurfélagsins í Sambandinu á réttum tíma og ávallt innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. g-lið 3. mgr. 86. gr. Skilavald á samstæðustigi skal upplýsa skilavöld dótturfélaga um þessa tilkynningu.

2. Skilavöld dótturfélaga skulu láta stjórnnum eininganna sem eru í lögsögu þeirra í té viðeigandi hluta hinnar sameiginlegu ákvörðunar á réttum tíma og ávallt innan tímamarkanna sem tilgreind eru í tímaáætlun sameiginlegu ákvörðunarinnar skv. g-lið 3. mgr. 86. gr.

3. Skilavaldi á samstæðustigi er heimilt að ræða einstök atriði varðandi efni og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar við móðurfélagið í Sambandinu.

4. Skilavöldum dótturfélaga er heimilt að ræða einstök atriði varðandi efni og beitingu viðkomandi hluta sameiginlegu ákvörðunarinnar við einingar í lögsögu þeirra.

93. gr.

Eftirlit með beitingu hinnar sameiginlegu ákvörðunar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna skilavöldum dótturfélaga um niðurstöðu umræðunnar sem um getur í 3. mgr. 92. gr. þegar móðurfélaginu í Sambandinu ber að grípa til sértækra aðgerða í því skyni að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðu- eða einingargrunni.

2. Skilavöld dótturfélaga skulu tilkynna skilavaldinu á samstæðustigi niðurstöðu umræðunnar sem um getur í 4. mgr. 92. gr. ef dótturfélögum samstæðunnar innan lögsögu þeirra ber að grípa til sértækra aðgerða í því skyni að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðu- eða einingargrunni.

3. Skilavald á samstæðustigi skal áframsenda niðurstöðu ferlisins sem um getur í 2. mgr. til annarra skilavalda dótturfélaga.

4. Skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga skulu fylgjast með framkvæmd sameiginlegu ákvörðunarinnar um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags, fyrir allar einingar innan samstæðu sem falla undir sameiginlegu ákvörðunina og á samstæðustigi.

2. undirþáttur

Ferlið þegar sameiginleg ákvörðun á samstæðustigi er ekki fyrir hendi

94. gr.

Sameiginlegar ákvarðanir sem teknar eru á stigi sérhvers dótturfélags þegar sameiginleg ákvörðun á samstæðustigi er ekki fyrir hendi

Þegar sameiginleg ákvörðun á samstæðustigi eða stigi móðurfélags er ekki fyrir hendi, í samræmi við 9. mgr. 45. gr. tilskipunar

2014/59/ESB, skulu skilavald á samstæðustigi og skilavöld dótturfélaga leitast við að taka sameiginlega ákvörðun um stig lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beita skal á sérhvert dótturfélag á einingargrunni.

Með sameiginlegri ákvörðun skal taka tillit til lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem skilavaldið á samstæðustigi setur fram á stigi samstæðu og móðurfélags, og hún skal fylgja öllum skrefum, öðrum en þeim sem varða að setja fram lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu eða móðurfélags, í 90.–93. gr., til að gera drög að, taka, tilkynna og fylgjast með framkvæmd sameiginlegu ákvörðunarinnar um stig lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beita skal á sérhvert dótturfélag á einingargrunni.

95. gr.

Þættir í tilkynningu einstakra ákvarðana

1. Tilkynna skal aðilum skilaráða skriflega um ákvörðun um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu og móðurfélags sem skilavald á samstæðustigi tekur, þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi, með skjali sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:

- a) heiti skilavalds á samstæðustigi,
- b) heiti móðurfélagsins í Sambandinu og heiti annarra eininga í þeirri lögsögu sem sameiginlega ákvörðunin gildir um,
- c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar og einkum tilvísanir í viðbótarviðmiðanir sem kveðið er á um í aðildarríkinu þar sem móðurfélagið í Sambandinu hefur starfsleyfi, og sem ákvörðun lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar byggist á,
- d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
- e) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðustigi og tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að setja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af þeim matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- f) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi móðurfélags í Sambandinu, nema notkun undanþága í samræmi við 11. mgr. 45. gr. sé heimiluð, og tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að setja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af þeim matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- g) heiti aðila og áheyrnarfulltrúa í skilaráðinu sem taka þátt í sameiginlega ákvörðunarferlinu í samræmi við skilmála og skilyrði fyrir þátttöku áheyrnarfulltrúa, ásamt samantekt um viðhorf sem yfirvöld þessi láta í té og upplýsingar um mál sem leiða til ágreinings,
- h) athugasemdir skilavaldsins á samstæðustigi við skoðanir sem aðilar og áheyrnarfulltrúar í skilaráðinu hafa látið í ljós, einkum um mál sem leiða til ágreinings,
- i) ef ákvörðunin, sem varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefur til kynna að móðurfélagið í Sambandinu uppfylli þessa kröfu aðeins að hluta til á samstæðu- eða einingargrunni með sammingsbundnum eftirgjafargerningum, skal ákvörðunin einnig innihalda upplýsingar sem sýna fram á að skilavöld á samstæðustigi telji gerningana fullnægjandi sem sammingsbundna eftirgjafargerninga í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 14. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

2. Þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi og skilavöld dótturfélaganna taka eigin ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á einingargrunni, skulu þau senda skilavaldinu á samstæðustigi skjal sem inniheldur alla eftirfarandi þætti:

- a) heiti skilavalds dótturfélags sem tekur ákvörðunina,
- b) heiti dótturfélaga í samstæðunni innan lögsögu hennar sem ákvörðunin varðar og gildir um,
- c) tilvísanir í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu ákvörðunarinnar, einkum tilvísanir í viðbótarviðmiðanir, sem kveðið er á um í aðildarríkjunum þar sem þessi dótturfélög samstæðunnar hafa starfsleyfi, og sem ákvörðun lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar byggist á,

- d) dagsetningu ákvörðunarinnar,
 - e) lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gilda um dótturfélög á einingarstigi og tímamörk til að ná því stigi, eftir atvikum, ásamt viðeigandi röksemdum fyrir því að setja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á því stigi, með hliðsjón af þeim matsviðmiðunum sem um getur í a- til f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - f) heiti skilavaldsins á samstæðustigi ásamt samantekt um fram komin viðhorf og upplýsingar um mál sem leiða til ágreinings,
 - g) athugasemdir skilavalda dótturfélaga um viðhorf sem skilavaldið á samstæðustigi hefur látið í ljós, einkum um mál sem leiða til ágreinings,
 - h) ef ákvörðunin sem varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefur til kynna að þessi krafa sé aðeins uppfyllt að hluta til á dótturfélagsstigi með samningsbundnum eftirgjafargerningum skal hún einnig innihalda upplýsingar sem sýna fram á að viðkomandi skilavöld telji gerningana fullnægjandi sem samningsbundna eftirgjafargerninga í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 14. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
3. Þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skulu ákvarðanir, sem teknar eru þegar engin sameiginleg ákvörðun er fyrir hendi, innihalda skýringu á því hvers vegna ráðgjöf Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar var ekki fylgt.

96. gr.

Tilkynning um einstakar ákvarðanir þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

1. Þegar sameiginleg ákvörðun skilavalds á samstæðustigi og skilavalda dótturfélaga um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á stigi samstæðu, móðurfélags og sérhvers dótturfélags er ekki fyrir hendi innan þeirra tímamarka sem um getur í 9. eða 10. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/10/ESB, skulu viðkomandi skilavöld dótturfélaga tilkynna skriflega til skilavaldsins á samstæðustigi um allar ákvarðanir sem teknar eru, eigi síðar en á eftirtöldum dögum:
- a) einum mánuði frá því að tímabilið sem um getur í 9. eða 10. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er liðið, eftir því sem við á,
 - b) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitir ráðgjöf sína í kjölfar beiðni um samráð í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) einum mánuði eftir að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun í samræmi við þriðju undirgrein 9. mgr. 45. gr. eða fimmtu undirgrein 10. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða önnur dagsetning sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tiltekur í slíkri ákvörðun.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, án ótilhlýðilegrar tafar, tilkynna aðilum skilaráðsins ákvörðun sína og ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr.

IV. ÞÁTTUR

Skilameðferð samstæðu sem starfar yfir landamæri

1. undirþáttur

Ákvörðun á þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu skv. 91. og 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB

97. gr.

Ferli til ákvörðunar á þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu

Ferlið við mat á þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu skal innihalda eftirfarandi skref sem hrinda á í framkvæmd:

- 1) viðræður, ef mögulegt er, um þörfina fyrir skilafyrirkomulag samstæðu og fyrir gagnkvæma nýtingu fjármögnunarfyrirkomulags,
- 2) gerð draga skilavalds á samstæðustigi að mati eða ákvörðun um þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu og tilkynning um slíkt til aðila skilaráðsins,
- 3) samráð um gerð draga að mati eða draga að ákvörðun um þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu meðal aðila skilaráðsins,
- 4) fullvinnsla á mati á eða ákvörðun um þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu og tilkynning um slíkt til skilaráðsins.

98. gr.

Viðræður um þörfina fyrir skilafyrirkomulag samstæðu

1. Skilavald á samstæðustigi skal, eftir að hafa tekið við tilkynningunni sem um getur í a- eða h-lið 3. mgr. 81. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, leitast við að skipuleggja viðræður í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar þar sem saman koma a.m.k. þeir aðilar ráðsins sem eru skilavöld dótturfélaganna.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, að því er varðar 1. mgr., senda eftirfarandi upplýsingar til aðilanna:
 - a) móttækna tilkynningu,
 - b) tillögu sína um umræðuefnin sem um getur í 3. mgr.,
 - c) tímamörkin þegar viðræðunum ætti að vera lokið.
3. Viðræðurnar skulu varða eftirfarandi:
 - a) hvort, í samræmi við 91. eða 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skilameðferð dótturfélagsins eða móðurfélagsins í Sambandinu, eftir því sem við á, myndi skipta máli fyrir samstæðuna og útheimta gerð skilafyrirkomulags samstæðu,
 - b) hvort fjármögnunaráætlunin skuli byggjast á gagnkvæmri nýtingu innlends fjármögnunarfyrirkomulags í samræmi við 107. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

99. gr.

Undirbúningur og tilkynning draga að mati eða draga að ákvörðun um þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu

1. Skilavald á samstæðustigi skal, í þeim tilgangi að meta þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu í tengslum við 1.–4. mgr. 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, undirbúa drög að mati sínu í kjölfar viðtöku á tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. 91. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Skilavald á samstæðustigi skal, í þeim tilgangi að ákveða að ekki sé þörf á skilafyrirkomulagi samstæðu, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, undirbúa drög að ákvörðun sinni eftir að hafa metið hvort móðurfélagið í Sambandinu uppfylli skilyrðin sem um getur í 32. og 33. gr. þeirrar tilskipunar og að ekkert skilyrðanna, sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eigi við.
3. Skilavald á samstæðustigi skal taka tillit til niðurstöðu viðræðnanna, eftir atvikum, við undirbúning á drögum að mati eða ákvörðun.
4. Skilavald á samstæðustigi skal láta skilaráðinu í té drög að mati sínu eða ákvörðun sinni þar sem fram kemur:
 - a) að því er varðar 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, álit þess á líklegum áhrifum af tilkynntum skilaaðgerðum eða ógjaldfærnisráðstöfunum á samstæðu og einingar innan samstæðu í öðrum aðildarríkjum, og einkum hvort skilaaðgerðirnar eða aðrar ráðstafanir gætu ýtt undir það að skilyrðin fyrir skilameðferð yrðu uppfyllt að því er varðar einingu innan samstæðu í öðru aðildarríki,
 - b) að því er varðar 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, álit þess á því hvort einhver skilyrðanna fyrir skilafyrirkomulagi samstæðu, sem um getur í 1. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar með tilhlýðilegu tilliti til skilyrðanna sem um getur í 2. mgr. þeirrar greinar, eigi ekki við,
 - c) álit þess á þörf fyrir gagnkvæma nýtingu fjármögnunarfyrirkomulags að því er varðar fjármögnunaráætlunina í samræmi við 107. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
5. Skilavald á samstæðustigi skal láta allar mikilvægar upplýsingar, sem það tók við skv. 81., 82., 91. eða 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, fylgja með drögum að mati eða ákvörðun og setja greinileg tímamörk fyrir aðila skilaráðsins til að láta í ljós áhyggjur eða sjónarmið sem eru frábrugðin drögnum að mati eða ákvörðun.
6. Skilavald á samstæðustigi skal undirbúa drögin að mati eða ákvörðun og afhenda þau skilaráðinu án ótilhlýðilegrar tafar og, eftir atvikum, innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

100. gr.

Samráð um drögin að mati eða ákvörðun um þörf fyrir skilafyrirkomulag samstæðu

1. Aðilar skilaráðsins sem taka við drögum að mati eða drögum að ákvörðun skulu láta í ljós efnisleg ágreinings- eða áhyggjuefni, ef einhver eru.
2. Efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni skal setja skýrt fram skriflega, þau má leggja fram á rafrænu formi og skulu vera rökstutt að fullu.
3. Aðeins skal láta í ljós efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni eins fljótt og auðið er með tilhlýðilegu tilliti til þess að málið þolir enga bið og innan settra tímamarka.
4. Skilavald á samstæðustigi skal, þegar tímamörkin renna út, gera ráð fyrir samþykki aðilanna sem ekki hafa látið í ljós efnisleg ágreinings- eða áhyggjuefni.

101. gr.

Fullvinnsla á matinu eða ákvörðuninni um þörf á skilafyrirkomulagi samstæðu

1. Þegar tímamörkin fyrir samráð renna út og án ótilhlýðilegrar tafar, með tilliti til tímamarkanna sem sett eru fram í 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal skilavald á samstæðustigi, eftir atvikum, ljúka mati sínu eða ákvörðun á þörfinni fyrir skilafyrirkomulag samstæðu.

Lokamatið eða -ákvörðunin skal einnig fela í sér álit á því hvort þörf sé á gagnkvæmri nýtingu landsbundins fjármögnunarfyrirkomulags, að því er varðar fjármögnunaráætlunina í samræmi við 107. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og taka tillit til þeirra áhyggjuefna og skoðanaágreinings sem komu í ljós í samráðinu, með breytingum eins og við á.

2. Skilavald á samstæðustigi skal láta í té rökstuðning fyrir mati sínu eða ákvörðun þess efnis að ekki sé þörf á skilafyrirkomulagi samstæðu því aðeins að efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni hafi komið fram meðan á samráðinu stóð.
3. Skilavald á samstæðustigi skal láta í té útskýringar á því hvers vegna lokamatið fylgdi ekki ráðleggingum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ef samráð var haft við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina.
4. Skilavald á samstæðustigi skal, án ótilhlýðilegrar tafar, láta aðila skilaráðsins sem tóku þátt í ferlinu vita um lokamat sitt eða lokaákvörðun.
5. Þegar skilavald á samstæðustigi telur að þörf sé á skilafyrirkomulagi samstæðu, getur það ákveðið að láta ekki vita af lokamati sínu eða lokaákvörðun, eins og kveðið er á um í 4. mgr., og hafið undirbúningsferli fyrir skilafyrirkomulag samstæðu eins og sett er fram í 102. gr.

2. undirþáttur

Sameiginlegt ákvörðunarferli um skilafyrirkomulag samstæðu

102. gr.

Ferli við sameiginlega ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu

Ferlið við að komast að sameiginlegri ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu, sem lagt er til skv. 4. mgr. 91. gr. eða 1. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal innihalda eftirfarandi skref sem hrinda á í framkvæmd:

- 1) undirbúningur skilavalds á samstæðustigi á drögum að skilafyrirkomulagi samstæðu og tilkynning til aðila skilaráðsins,
- 2) samráð um drög að skilafyrirkomulagi samstæðu, a.m.k. meðal skilavalda eininganna sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðunnar,
- 3) undirbúningur og tilkynningu skilavalds á samstæðustigi á sameiginlegu ákvörðuninni um skilafyrirkomulag samstæðu til skilavalda dótturfélaga sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðu,
- 4) fullvinnslu sameiginlegrar ákvörðunar um skilafyrirkomulag samstæðu skv. 7. mgr. 91. gr. eða 3. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 5) tilkynningu um niðurstöðu sameiginlegrar ákvörðunar til aðila skilaráðsins.

103. gr.

Undirbúningur og tilkynning draga að skilafyrirkomulagi samstæðu

1. Skilavald á samstæðustigi skal semja drög að skilafyrirkomulagi samstæðu í samræmi við 6. mgr. 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og skulu þau innihalda eftirfarandi þætti:
 - a) lýsingu á ráðstöfunum, ef einhverjar eru, sem þarf að hrinda í framkvæmd í því skyni að tryggja að skilafyrirkomulag samstæðu komist í gagn, og
 - b) lýsingu á skilyrðum í lögum og reglum sem uppfylla þarf, ef einhver eru, til að hægt sé að framkvæma skilafyrirkomulag samstæðu,
 - c) tímarammann fyrir framkvæmd skilafyrirkomulags samstæðu, ásamt tímasetningu og röðun hvernar skilaaðgerðar sem gera skal,
 - d) úthlutun verkefna og ábyrgða hvað varðar samræmingu skilaaðgerða, ytri samskipti og innri samskipti við aðila skilaráðsins og

samskiptaupplýsingar aðila skilaráðsins,

- e) fjármögnunaráætlun á grundvelli 107. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eins og við á og að teknu tilliti til þarfarinnar á gagnkvæmri nýtingu fjármögnunarfyrirkomulags.
2. Skilavaldið á samstæðustigi skal tryggja, að því er varðar a-lið 6. mgr. 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að drögin að skilafyrirkomulagi samstæðu innihaldi:
 - a) útskýringu á því hvers vegna fylgja verði öðrum valkosti við skilaaætlunina, skv. 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. hvers vegna fyrirhugaðar aðgerðir eru taldar árangursríkari við að ná markmiðum skilameðferðar og meginreglna, sem um getur í 31. og 34. gr. þeirrar tilskipunar, en áætlunin og skilaaðgerðirnar sem kveðið var á um í skilaaætluninni,
 - b) auðkenningu og lýsingu á þáttum skilafyrirkomulags samstæðu sem bregða út af skilaaætluninni sem um getur í 13. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
 3. Skilavald á samstæðustigi skal láta aðilum skilaráðsins í té drög að skilafyrirkomulaginu án ótilhlýðilegrar tafar og með tímamörkum:
 - a) til samráðs í samræmi við 104. gr.,
 - b) til að fullgera sameiginlegu ákvörðunina um skilafyrirkomulag samstæðu í samræmi við 106. gr.
 4. Skilavald á samstæðustigi skal semja og senda frá sér drögin að skilafyrirkomulagi samstæðu án ótilhlýðilegrar tafar og að teknu tilliti til tímamarkanna í 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eftir atvikum.
 5. Skilavald á samstæðustigi skal sjá til þess að tímamörkin, sem sett eru fram í 3. mgr., séu nægjanleg fyrir yfirvöldin til að láta í ljós skoðanir sínar, að teknu tilliti til tímamarkanna sem sett eru fram í 91. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eftir því sem við á.

104. gr.

Samráð um skilafyrirkomulag samstæðu

1. Aðilar skilaráðsins sem taka við drögum að skilafyrirkomulagi samstæðu í samræmi við 3. mgr. 103. gr. skulu láta í ljós efnisleg ágreinings- eða áhyggjuefni, ef einhver eru.
 2. Efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni geta snert alla þætti draganna að skilafyrirkomulagi samstæðu, þ.m.t.:
 - a) hindranir, ef einhverjar eru, í landslögum eða annars staðar, á framkvæmd skilafyrirkomulags samstæðu í samræmi við áætlunina og skilaaðgerðir,
 - b) viðkomandi uppfærslur á framlögðum upplýsingum um gagnkvæma nýtingu á fjármögnunarfyrirkomulaginu sem gæti haft áhrif á framkvæmd fjármögnunaráætlunarinnar,
 - c) áhrif skilafyrirkomulags samstæðu eða fjármögnunaráætlunar á dótturfélögin sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðu í þeim aðildarríkjum sem við á.
 3. Efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni skal setja skýrt fram skriflega, þau geta verið á rafrænu formi og skulu vera rökstudd að fullu.
- Láta skal efnisleg ágreinings- og áhyggjuefni í ljós eins fljótt og auðið er með tilhlýðilegu tilliti til þess að málið þolir enga bið og innan tímamarkanna sem sett eru í 3. mgr. 103. gr.
4. Skilavald á samstæðustigi skal, þegar tímamörkin renna út, gera ráð fyrir að aðilarnir sem lýstu ekki yfir ágreinings- eða áhyggjuefnum séu samþykkir skilafyrirkomulagi samstæðu.

105. gr.

Undirbúningur og tilkynning sameiginlegrar ákvörðunar um skilafyrirkomulag samstæðu

1. Skilavald á samstæðustigi skal, þegar fresturinn til samráðs rennur út, semja drög að sameiginlegri ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu í samræmi við 91. og 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og, eftir því sem við á, 107. gr.
2. Skilavald á samstæðustigi skal, vegna draga að sameiginlegri ákvörðun, taka til athugunar og taka tillit til áhyggju- og ágreiningsefna sem fram koma í samráðsferlinu og skal gera breytingar á skilafyrirkomulagi samstæðu eins og við á.
3. Skilavald á samstæðustigi skal láta í té rökstuðning fyrir:
 - a) hvernig það hefur tekið á efnislegum ágreinings- og áhyggjuefnum sem skilavöld dótturfélaga, sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðu, hafa látið í ljós að því er varðar drögin að sameiginlegu ákvörðuninni,
 - b) hvers vegna og að hvaða marki ráðleggingum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar var ekki fylgt, ef samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.
4. Í drögunum að sameiginlegu ákvörðuninni skulu koma fram eftirfarandi þættir:
 - a) heiti skilavalds á samstæðustigi og skilavalda sem bera ábyrgð á dótturfélagunum sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðu,
 - b) heiti móðurfélags í Sambandinu og skrá yfir allar einingar innan samstæðunnar sem skilafyrirkomulag samstæðu varðar og gildir um,
 - c) tilvísanirnar í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu sameiginlegu ákvörðunarinnar hvað varðar skilafyrirkomulag samstæðunnar,
 - d) dagsetning draga að sameiginlegri ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu,
 - e) lokaútgáfa skilafyrirkomulags samstæðu, þ.m.t. allur rökstuðningur ef þörf krefur í samræmi við 3. mgr.,
5. Skilavald á samstæðustigi skal senda drögin að sameiginlegu ákvörðuninni um skilafyrirkomulag samstæðu án ótilhlýðilegrar tafar til skilavalda eininganna sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðu og setja tímamörk fyrir þau að veita samþykki sitt á hinni sameiginlegu ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu.

106. gr.

Sameiginleg ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu fullgerð

1. Skilavöldin sem taka við sameiginlegu ákvörðuninni í samræmi við 5. mgr. 105. gr. og eru ekki í andstöðu við hana skulu láta skilavaldi á samstæðustigi í té skrifleg gögn fyrir samþykki sínu, sem heimilt er að senda á rafrænan hátt, áður en staðfest tímamörk renna út.
2. Endanleg sameiginleg ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu skal innihalda hina endanlegu sameiginlegu ákvörðun og skrifleg gögn um samþykki í fylgiskjali.

107. gr.

Tilkynning um sameiginlega ákvörðun til skilaráðsins

1. Skilavald á samstæðustigi skal senda skilavöldum dótturfélaganna, sem falla undir skilafyrirkomulag samstæðunnar, hina endanlegu sameiginlegu ákvörðun án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Skilavald á samstæðustigi skal senda aðilum skilaráðsins samantekt yfir sameiginlega ákvörðun um skilafyrirkomulag samstæðu.

3. undirþáttur

Ágreiningsmál og ákvarðanir sem teknar eru þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

108. gr.

Tilkynning ef upp kemur ágreiningur

1. Ef skilavald er ósammála eða fellur frá skilafyrirkomulagi samstæðu sem skilavald á samstæðustigi hefur lagt til eða telur að grípa þurfi til óháðra skilaaðgerða eða -ráðstafana vegna fjármálastöðugleika, skv. 8. mgr. 91. gr. og 4. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal það tilkynna skilavaldi á samstæðustigi um ágreininginn án ótilhlýðilegrar tafar.
2. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda eftirfarandi:
 - a) heiti skilavaldsins,
 - b) nafn einingarinnar sem er innan lögsögu skilavaldsins,
 - c) tilkynningardaginn,
 - d) heiti skilavaldsins á samstæðustigi,
 - e) yfirlýsingu skilavaldsins um að það sé ósammála eða eða falli frá skilafyrirkomulagi samstæðunnar, eða telji að óháðar skilaaðgerðir eða -ráðstafanir séu viðeigandi fyrir eininguna eða einingarnar innan lögsögu þess,
 - f) ítarlega röksemdafærslu um þá þætti skilafyrirkomulags samstæðunnar sem skilavaldið er ósammála eða fellur frá, eða útskýringu á því hvers vegna það telur að óháð skilaaðgerð eða -ráðstafanir séu viðeigandi,
 - g) ítarlega lýsingu á aðgerðum eða ráðstöfunum sem skilavaldið mun grípa til, þ.m.t. tímasetning og röðun aðgerða.
3. Skilavald á samstæðustigi skal tilkynna öðrum aðilum skilaráðsins um tilkynninguna sem um getur í 2. mgr.

109. gr.

Ákvarðanatökufærli skilavalda sem eru ekki ósammála

1. Skilavöld sem ekki eru ósammála, eins og sett er fram í 9. mgr. 91. gr. og 5. mgr. 92. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu halda áfram eins og kveðið er á um í 106. og 107. gr. þessar reglugerðar og taka sameiginlega ákvörðun sín á milli.
2. Sameiginlega ákvörðunin skal innihalda alla þættina sem um getur í 106. og 107. gr. til viðbótar við upplýsingarnar um ágreining sem tekið hefur verið við í samræmi við 2. mgr. 108. gr.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

110. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

